


skoðun 14

## 3 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu

Fólk
Strigaskór
MPM-námið á Íslandi




## Hleypur um allan heim
*Herdís Hallmarsdóttir, hæstaréttarlögmaður í slitastjórn Landsbankans, stefnir á maraþon í Berlín.*



FÓLK


# FRÉTTABLAÐIÐ

Þriðjudagur
**17. apríl 2012**
89. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup júlí - september 2011




## Völli Snær á BBC
*BBC Lifestyle hefur hafið sýningar á þáttunum Delicious Iceland.*

**popp** 34

## Aðför að eftirliti
*FME er dæmi um opinbera stofnun þar sem afsláttur er gefinn á kröfum lýðræðisins í þágu frelsis markaðarins.*

**skoðun** 18



## Ekkert sumarfrí strax
*Stjörnumenn unnu 17 stiga útisigur á deildarmeisturum Grindavíkur í gær.*

**sport** 30

## veðrið í dag




**BJARTVIÐRI** Í dag verða norðaustan 5-10 m/s og bjart með köflum einkum S- og V-til en stöku él NA-lands. Hiti 0-8 stig en vægt frost í innsveitum NA-til.

VEÐUR 4



**LISTAVERK FYRIR DROTTNINGUNA** Leifur Breiðfjörð listamaður vann samkeppni um gerð glugga í Southwark dómkirkjunni í London, en glugginn er gerður til heiðurs Elísabetu Englandsdrottningu. Fjörutíu listamenn tóku þátt í samkeppninni. Glugginn verður vígður í tengslum við sextíu ára valdaafmæli drottningarinnar í sumar. **Sjá síðu 6**

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Enn þá fleiri krónur festar inni í höftum

**Erlendir kröfuhafar bankanna eiga að fá íslenskar krónur greiddar inn á sérstaka reikninga sem lúta eftirliti Seðlabankans. Á að gerast á næstu dögum.**

**VIÐSKIPTI** Erlendir kröfuhafar munu fá íslenskar krónur sem þeir eiga greidda inn á nýja, sérstaka reikninga í íslenskum bönkum sem munu lúta eftirliti Seðlabanka Íslands. Bankinn mun heimila þetta á næstu dögum.

Þeir munu hins vegar þurfa leyfi Seðlabankans til að breyta krónunum í erlendar myntir, líkt og aðrir erlendir krónueigendur sem eru fastir inni í íslensku gjaldeyrishöftunum. Þetta mun þýða að erlendir forgangskröfuhafar Glitnis, sem fengu um tíu milljarða íslenskra króna greidda út úr þrotabúi bankans um miðjan mars, fá þær greiddar inn á reikninga í sínu nafni en geta ekki farið með fé sitt úr landi nema í samstarfi við Seðlabankann.

Þetta staðfestir Kristján Óskarsson, framkvæmdastjóri Glitnis, í samtali við Fréttablaðið. Seðlabankinn vildi ekki svara spurningum um málið.

Forgangskröfuhafar í bú Glitnis eru meðal annars breskar bæjar- og sveitastjórnir. Þremur dögum áður en að þeir fengu fyrstu greiðslu sína út úr búi bankans, sem féll í október 2008, voru gjaldeyrishöft á Íslandi hert og undanþága vegna greiðslna til þeirra í íslenskum krónum felld úr gildi.

Féð var því sett inn á geymslureikning á meðan beðið var heimildar Seðlabankans til að greiða það út.

Kristján segir slíka heimild ekki hafa borist, en að breytinga sé von. „Íslensku krónurnar eru enn inni á geymslureikningi. Seðlabankinn ætlar að heimila greiðslu þeirra inn á sérstaka reikninga í íslenskum bönkum. Það er ekki frágengið enn þá en á að klárast á næstu dögum."

> Íslensku krónurnar eru enn inni á geymslureikningi. Seðlabankinn ætlar að heimila greiðslu þeirra inn á sérstaka reikninga.
>
> **KRISTJÁN ÓSKARSSON**
> FRAMKVÆMDASTJÓRI GLITNIS

Aðspurður um hvað sé svona sérstakt við umrædda reikninga segir Kristján þá vera þannig að Seðlabankinn geti fylgst með þeim. „Það verður útbúin sérstök höfuðbók í bankakerfinu fyrir þessa reikninga. Það þýðir að inni á þeirri höfuðbók verða bara íslenskar krónur sem verða greiddar til kröfuhafa."

Kristján segir helsta muninn fyrir þrotabú Glitnis, eftir að féð verður greitt inn á hina sérstöku reikninga, felast í því að þá ber það ekki lengur ábyrgð á fénu, líkt og þegar það er á geymslureikningi. „Þá mun þetta teljast greiðsla til viðkomandi aðila, þó svo að hann þurfi að fá leyfi Seðlabankans til að breyta krónunum í erlendar myntir. Þetta verður þá bara krónureikningur í eigu kröfuhafans. Þá er þetta bara spurning um samkomulag hans við Seðlabankann hvernig og hvenær hann fær að fara út."

-þsj / sjá síðu 12




Óvæntar niðurstöður í viðamikilli rannsókn á stærð jökla í Himalajafjöllunum:

# Sumir jöklanna virðast stækka

**VÍSINDI** Ný rannsókn á stærð jökla í Himalajafjöllunum sýnir að sumir jöklanna hafa stækkað umtalsvert á síðustu árum, á meðan aðrir hopa eins og jöklar annars staðar í heiminum á síðustu árum.

„Við höfum satt að segja ekki hugmynd um hvers vegna þetta er," segir Julie Gardelle, sem fór fyrir hópi franskra vísindamanna sem rannsökuðu jöklana, í samtali við fréttavef BBC.

> Við getum okkur þess til að þetta tengist veðurfari.
>
> **JULIE GARDELLE**
> VÍSINDAMAÐUR

„Við höfum getið okkur þess til að þetta geti tengst veðurfari á þessu svæði þar sem aukin úrkoma á ákveðnum svæðum geti haft þessi áhrif," segir Gardelle.

Ástand jökla í Himalajafjöllunum er afar mikilvægt þeim 1,3 milljörðum manna sem reiða sig á vatn frá jöklunum. Rannsóknum á ástandi þeirra hefur hins vegar verið ábótavant, enda afar erfitt að fara um svæðið til að stunda mælingar á jöklunum.

Frönsku vísindamennirnir notuðust við mælingar úr gervitunglum og tölvulíkön til að áætla flatarmál og þykkt jökla á svæðinu. - bj






**SPURNING DAGSINS**



*Eiríkur, er Íslandspóstur ekki nógu spennandi?*

„Póstur með dúfum er hraðari og meira spennandi og skilar sér alltaf.“

Eiríkur Ingi Kristinsson er bréfdúfnabóndi í Mosfellsbæ og liðsmaður í Félagi bréfdúfnabænda sem efna reglulega til kappflugs með dúfum sínum.

Þingmaður vill að stjórnvöld ræði mannréttindamál við forsætisráðherra Kína:

# Mannréttindi verða rædd segir Össur

**ALÞINGI** Einn af burðarásum íslenska ríkisins er að berjast fyrir mannréttindamálum, og víst er að þau mál verða rædd við forsætisráðherra Kína í opinberri heimsókn hans á föstudag, sagði Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra á Alþingi í gær.

Össur var að svara fyrirspurn Þórs Saari, þingmanns Hreyfingarinnar. Þór lýsti áhyggjum af mannréttindamálum í Tíbet, og aukinni hörku kínverskra stjórnvalda gagnvart tíbesku þjóðinni. Hann benti á að 33 munkar og nunnur hafi kveikt í sér í örvæntingu vegna stöðu mála í Tíbet.



ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON



ÞÓR SAARI

Þór spurði Össur hvort hann muni á fundum með forsætisráðherra Kína lýsa yfir áhyggjum af grófum mannréttindabrotum. Hann sagði tíbesku þjóðina meðhöndlaða „með sama hætti og gert var við indíána Norður-Ameríku fyrir um 200 árum, og við blökkumenn í Suður-Afríku fyrir um tveimur áratugum síðan“.

Össur sagði stjórnvöld margsinnis hafa rætt mannréttindamál og ástandið í Tíbet við kínversk stjórnvöld. „Mín reynsla af Kínverjum er sú að þeir eru ekki bangnir við að ræða mannréttindi,“ sagði Össur. - bj

Sænskir biskupar á Íslandi:

## Njóta kyrrðarinnar í Skálholti

**TRÚMÁL Allir þrettán biskupar sænsku kirkjunnar, ásamt Anders Wejryd erkibiskupi, komu til landsins í gær. Þeir dvelja í Skálholti frá deginum í dag til föstudags og njóta kyrrðar og uppbyggingar undir handleiðslu Karls Sigurbjörnssonar, biskups Íslands.**

**Hefð er fyrir því innan sænsku kirkjunnar að biskupar leiti sér árlega endurnýjunar í starfi með áþekkum hætti og með þessari ferð til Íslands. Þetta er þó í fyrsta sinn sem biskupar sænsku kirkjunnar koma til Íslands.** - mþl

# Gervigras sem kostaði tugmilljónir er gallað

**Skipta þarf út nýlegu gervigrasi í íþróttahöllunum í Reykjanesbæ og Grindavík. Grasið losnar af gólfmottunum. Framleiðandinn viðurkennir galla og verið er að semja um ný gólf. Þau kostuðu yfir 40 milljónir er þau voru keypt fyrir hrun.**

**FRAMKVÆMDIR** „Ef þetta heldur svona áfram endar það náttúrlega með því að það verður lítið eftir af grasi,“ segir Stefán Bjarkason, framkvæmdastjóri íþrótta- og tómstundasviðs Reykjanesbæjar. Gervigrasið í Reykjaneshöll er á síðasta snúningi þrátt fyrir að vera aðeins fjögurra ára gamalt.

Gervigrasið í Reykjaneshöll var endurnýjað fyrir rúmum fjórum árum af þýsku fyrirtæki. Á sama tíma var sams konar gervigras sett í nýju fjölnotahöllina Hópið í Grindavík. Fljótlega kom í ljós að gólfin í báðum húsum eru gölluð, bæði krumpuð og reytt.

„Það er eins og grasið verði of þurrt og það brotnar,“ segir Róbert Ragnarsson, bæjarstjóri í Grindavík. „Framleiðandinn hefur viðurkennt að þetta sé galli og ætlar að skipta gólfinu út en vill fá greitt fyrir afnotin í þau þrjú ár sem við höfum notað gólfið. Við höfum sagt að það sé mál á milli framleiðandans og kaupandans á gólfinu – sem er ekki við heldur verktakinn sem við keyptum húsið af.“

Reykjanesbær keypti sitt gólf beint af þýska framleiðandanum og greiddi fyrir það 22 milljónir króna. Gólfið í Grindavík mun hafa kostað um 20 milljónir. Báðar þessar upphæðir eru frá því fyrir hrun þannig að tjónið er jafnvel tvöfalt hærra í krónum talið og því samtals yfir 80 milljónir króna.

„Þetta er algjört mánudagsgras,“ segir Stefán Bjarkason. „Festingarnar undir mottunni eru límdar og saumaðar og það er eins og límið hafi ekki verið nógu gott þannig að það fór fljótlega að bera á því að grasið raknaði bara upp og losnaði. Þannig að þegar við erum að þrífa koma heilu pokarnir upp af grasstráum. Þeir hafa komið og lagað þetta okkur að kostnaðarlausu en við erum ekki sátt við að það sé alltaf verið að stoppa upp í götin.“







HEYSKAPUR Í REYKJANESHÖLL Gervigrasið í Reykjaneshöll bókstaflega spænist upp þegar það er þrifið og er á öruggri leið með að hverfa þaðan af gólfinu. MYNDIR/VSÓ



RÓBERT RAGNARSSON

Þýski framleiðandinn viðurkennir galla í báðum gólfunum. Á þeim er fimm ára ábyrgð. Til stendur að skipta þeim báðum út í sumar þegar aðilar hafa náð samkomulagi. Stefán segir að líklega muni Reykjanesbær bera eitthvert tjón.

„Þá er bara að taka því, það verður að skipta um gras,“ segir Stefán sem undirstrikar þó eins og Róbert í Grindavík að engin hætta hafi skapast vegna ástands grassins og það hafi ekki takmarkað notkun hallanna.

Í Reykjaneshöllinni er gólfið fjögur þúsund fermetrar. Þjóðverjarnir sjá ekki fyrir sér að taka ónýta grasið með sér heim. „Þeir vilja náttúrlega losna við förgunina og eru búnir að bjóða okkur grasið til notkunar úti en ég veit ekki hvort það mundi endast þar,“ segir Stefán Bjarkason. gar@frettabladid.is

Samskip kaupa tvö skip:

## Fjögurra milljarða fjárfesting

**SAMGÖNGUR Samskip hafa fest kaup á flutningaskipunum Arnarfelli og Helgarfelli fyrir tæpa fjóra milljarða króna.**

**Í tilkynningu frá Samskipum segir að fyrirtækið hafi haft skipin tvö á leigu frá því að þau voru smíðuð árið 2005.**

**Skipin eru systurskip, sérhönnuð fyrir Samskip, og sigla milli Íslands og meginlands Evrópu.**

**„Skipaverð er hagstætt þessi misserin á heimsmarkaði og það skapaðist áhugavert kauptækifæri sem við gripum,“ segir Ásbjörn Gíslason, forstjóri Samskipa, í tilkynningunni.** - þj



BÍLLINN Sæbrautin var lokuð um stund vegna slyssins. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

Slasaður eftir slys á vélhjóli:

## Slapp vel frá árekstri við bíl

**SLYS** Ökumaður vélhjóls var fluttur á bráðamóttöku Landspítalans eftir að hann lenti í árekstri við bíl á Sæbraut við Holtaveg á sjöunda tímanum í gærkvöldi.

Samkvæmt upplýsingum frá vakthafandi lækni á bráðamóttöku þykir maðurinn hafa sloppið ótrúlega vel, og er ekki talinn lífshættulega slasaður. Hann þarf að fara í aðgerð vegna beinbrots sem hann hlaut, en engin merki sjást um mænuskaða.

Sæbrautinni var lokað vegna slyssins, en umferð var hleypt á að nýju eftir að hlúð hafði verið að ökumanni vélhjólsins, vettvangur rannsakaður og gatan hreinsuð. - bj



HINN ÚTVALDI Kim, sem var rektor Dartmouth-háskólans, var sérvalinn af Barack Obama Bandaríkjaforseta. Kim sést hér milli Obama og Hillary Clinton utanríkisráðherra. NORDICPHOTOS/AFP

Kim til Alþjóðabankans:

## Fyrirsjáanlegt val á forstjóra

**WASHINGTON, AP** Bandaríkjamaðurinn Jim Young Kim var í gær ráðinn forstjóri Alþjóðabankans.

Ráðning Kims kemur fáum á óvart, enda var hann útnefndur af Bandaríkjaforseta. Rík hefð er fyrir því að Bandaríkjamaður sé ráðinn í þetta embætti, en þess í stað hefur forstjóri Alþjóðagjaldeyrissjóðsins alltaf verið sá sem Evrópulönd hafa komið sér saman um. Að þessu sinni var valið þó ekki eins einhlýtt þar sem mörg þróunarlönd þrýstu á um að nígeríski fjármálaráðherrann Ngozi Okonjo-Iweala yrði ráðin, en hún þykir afar frambærilegur kostur sökum reynslu og menntunar. - þj

Samherji um rannsókn:

## Húsleit byggð á rangfærslum

**LÖGREGLUMÁL Forsvarsmenn Samherja segja að grundvöllur húsleita hjá fyrirtækinu í síðasta mánuði byggist að verulegu leyti á rangfærslum um eðli og starfsemi Samherja og tengdra fyrirtækja.**

**Í tilkynningu frá Samherja segir að þetta megi ráða af málsgögnum frá gjaldeyriseftirliti Seðlabankans. Húsleitirnar hafi valdið fyrirtækinu tjóni sem hefði mátt komast hjá með fyrirspurn til fyrirtækisins.** - þj




Þorgeir Baldursson og tengdir aðilar kaupa móðurfélag Odda aftur:

# Fimm milljarðar afskrifaðir

**VIÐSKIPTI** Fyrrum eigendur Prentsmiðjunnar Odda eignuðust fyrirtækið nýverið eftir að hafa keypt það á 500 milljónir króna. Áður en Oddi var seldur höfðu Arion banki og Landsbankinn afskrifað um fimm milljarða króna af skuldum móðurfélags Odda, eignarhaldsfélagsins Kvosar ehf. Um er að ræða Þorgeir Baldursson, sem var stærsti einstaki eigandi Kvosar fyrir fjárhagslega endurskipulagningu félagsins, og aðila tengda honum. DV greindi frá málinu í gær.

Í byrjun desember síðastliðnum ákváðu kröfuhafar Kvosar að lækka hlutafé félagsins niður til jöfnunar á tapi. Strax í kjölfarið var samþykkt að hækka hlutaféð aftur með útgáfu nýrra hluta að fjárhæð 500 milljónir króna og greiddi Arion banki fyrir það með umbreytingu skulda í hlutafé. Í sérfræðingaskýrslu endurskoðanda sem gerð var vegna hlutafjárhækkunarinnar, og Fréttablaðið hefur undir höndum, kemur fram að Kvos hafi skuldað Landsbankanum um þrjá milljarða króna þann 1. desember síðastliðinn. Bankinn samþykkti þá að breyta 181,3 milljónum króna í nýtt hlutafé og seldi til Arion banka.

Kvos skuldaði Arion banka 4,3 milljarða króna á sama tíma. Í sérfræðingaskýrslunni kemur fram að „Arion og Kvos hafa komið sér saman um að langtímaskuldir Kvosar við Arion eftir þá endurskipulagningu skulda sem fram fer með samkomulagi þessu, skuli nema kr. 2.170.377.235,-“. Til viðbótar breytti Arion 318,7 milljónum króna af kröfum sínum í nýtt hlutafé sem selt var til nýrra eigenda. Aðrar skuldir Kvosar, um fimm milljarðar króna, voru afskrifaðar. -þsj



FORSTJÓRINN Þorgeir Baldursson, sem er oft kenndur við Odda, er fyrrverandi stjórnarmaður í Landsbankanum. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

# Fljótlegt, einfalt og gott!








**Bættu við kjúklingi og með Santa Maria ert þú kominn með veislumáltíð á augabragði.**

TEX MEX Santa Maria

Yours truly

## GENGIÐ 16.04.2012

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 127,58 | 128,18 |
| Sterlingspund | 202,12 | 203,10 |
| Evra | 166,14 | 167,06 |
| Dönsk króna | 22,331 | 22,461 |
| Norsk króna | 21,965 | 22,095 |
| Sænsk króna | 18,697 | 18,807 |
| Japanskt jen | 1,5792 | 1,5884 |
| SDR | 195,95 | 197,11 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
229,0383

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Styrkveitingar úr styrktarsjóði Toshiozo Watanabe við Háskóla Íslands:

# Laxnessaðdáandi frá Japan fær styrk

**SAMFÉLAGSMÁL** Fjórir fengu í gær styrki úr Watanabe-styrktarsjóðnum við athöfn í Háskóla Íslands (HÍ). Japanski athafnamaðurinn Toshiozo Watanabe stofnaði sjóðinn árið 2008 í þeim tilgangi að styrkja fræðileg tengsl Íslands og Japan.

Styrkþegar í ár eru Guðrún Valdimarsdóttir, Valý Þórsteinsdóttir, Saho Kameyama og Shohei Watanabe. Sá síðastnefndi er mikill aðdáandi verka Halldórs Laxness og ætlar að nýta styrkinn til að nema íslensku við HÍ.

Alls nema styrkirnir rúmum 3,5 milljónum króna. - þj



**STYRKHAFAR** Fjórir fengu afhenta styrki úr Watanabe-sjóðnum í gær. Þar á meðal er Shohei Watanabe sem er aðdáandi Halldórs Laxness. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Gervitungl telur mörgæsir:

# Stofninn stærri en talið var

**VÍSINDI Stofn keisaramörgæsa á Suðurskautslandinu er tvöfalt stærri en talið var, samkvæmt nýrri rannsókn. Vísindamenn gátu metið stofnstærðina með því að rýna í háskerpumyndir sem teknar voru úr gervitungli.**

**Alls töldu vísindamennirnir um 595 þúsund keisaramörgæsir en áður var stofninn talinn vera á bilinu 270 til 350 þúsund dýr.**

**Til stendur að telja mörgæsirnar með þessum hætti reglulega til að meta áhrif gróðurhúsaáhrifanna á mörgæsirnar.** - bj



**BENTIU Í SUÐUR-SÚDAN Í GÆR** Súdanski flugherinn gerði í gær loftárásir á nokkra bæi við landamæri Súdans og Suður-Súdans, þar á meðal bæinn Bentiu þar sem fimm létust. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fimm létust í loftárás:

# Átök við landamæri Súdans

**ÚGANDA, AP** Átök hafa að nýju brotist út við landamæri Súdans og nýja ríkisins Suður-Súdans síðustu daga. Tekist er á um yfirráð yfir nokkrum bæjum og svæðum við landamærin sem bæði ríki gera tilkall til.

Yfirvöld í Súdan sögðust í gær hafa hertekið svæði þar sem íbúar telja sig tilheyra Suður-Súdan. Gerði súdanski herinn meðal annars loftárásir á bæinn Bentiu sem samkvæmt yfirvöldum í Suður-Súdan urðu fimm óbreyttum borgurum að bana.

Átökin milli súdanska hersins og uppreisnarmanna í suðurhluta landsins sem stofnuðu eigið ríki á síðasta ári, hafa staðið yfir með hléum frá því um mitt ár í fyrra. - mþl

## HALDIÐ TIL HAGA

Í síðasta laugardagsblaði var Hlíðarfjall í Mývatnssveit fyrir mistök spyrt saman við skíðaparadísina Hlíðarfjall við Akureyri. Tugir kílómetra eru á milli þessara fjalla, sem eiga fátt sameiginlegt annað en nafnið. Beðist er velvirðingar á mistökunum.

# Segir morðin ekki refsiverð

**Anders Behring Breivik viðurkennir að hafa drepið 77 manns og sært fjölda fólks að auki alvarlega, en hann neitar að hafa með því gerst sekur um glæp þar sem verkið hafi verið unnið í nauðvörn fyrir evrópskt samfélag. Gert er ráð fyrir að réttarhöldin standi í tíu vikur og dóms er að vænta upp úr miðjum júlí.**

**NOREGUR** „Ég viðurkenni þessi verk en ekki neinn refsiverðan verknað og ber við nauðvörn," sagði Anders Behring Breivik í dómsal í Ósló í gær, þegar saksóknari hafði lesið upp ákæruskjalið á hendur honum.

Í lestri saksóknara kom fram að Breivik hefði myrt 77 manns þann 22. júlí á síðastliðnu ári, þar af átta manns með öflugri sprengingu í miðborg Óslóar og 69 manns með skotvopnum á Úteyju, þar sem þá stóð yfir samkoma ungliðahreyfingar Verkamannaflokksins. Að auki særðust að minnsta kosti 200 manns í Ósló og 100 manns á Úteyju. Fjölmargir fleiri voru í lífshættu á báðum stöðum og hryðjuverkin skutu Norðmönnum almennt skelk í bringu.

Í réttarsalnum voru sýndar upptökur úr eftirlitsmyndavélum í Ósló, þar sem sprengingin sést greinilega og ekkert fór á milli mála um skelfileg áhrif hennar á líf og limi nærstaddra. Upptökurnar höfðu mikil áhrif á viðstadda en Breivik sýndi þó engin viðbrögð á meðan þetta var sýnt.

Hann sýndi heldur ekki mikil viðbrögð meðan leikin var upptaka af símtali stúlku, sem hringdi í lögregluna meðan hún faldi sig inni á salerni í Kaffihúsinu á Úteyju. Meðan á símtalinu stóð heyrðist greinilega að Breivik var í óða önn að drepa fólk fyrir utan salernið og hafði þessi upptaka ekki síður áhrif á viðstadda en upptökurnar úr eftirlitsmyndavélunum í Ósló, þótt Breivik sjálfur hefði látið sér fátt um finnast.

Hann varð hins vegar greinilega hrærður og felldi tár þegar saksóknari sýndi í réttarsalnum áróðursmyndbandið sem Breivik hafði gert og birti að hluta á vefsíðunni Youtube skömmu áður en hann lét til skarar skríða í sumar.

Breivik telur sig hafa verið í fullum rétti til að vinna þessi voðaverk og segist ekki viðurkenna lögsögu dómstólsins í þessu máli.

„Ég viðurkenni ekki norska dómstóla því þið fáið umboð ykkar frá norskum stjórnmálaflokkum sem aðhyllast fjölmenningarstefnu," sagði Breivik strax á fyrsta degi réttarhaldanna.

> Ég viðurkenni ekki norska dómstóla því þið fáið umboð ykkar frá norskum stjórnmálaflokkum.
>
> **ANDERS BERING BREIVIK**
> FJÖLDAMORÐINGI

Geir Lippested, lögmaður Breiviks, bætti því við á blaðamannafundi síðar um daginn að hinn ákærði hefði helst viljað að málið yrði tekið fyrir hjá stríðsglæpadómstól, þar sem hann líti svo á að fjöldamorðin í Ósló og á Úteyju hafi verið liður í stríði sínu gegn fjölmenningarsamfélaginu.

Í dag hefst svo málflutningur Breiviks og verjenda hans og stendur fram á næsta mánudag. Sá hluti réttarhaldanna hefst á því að Breivik les upp greinargerð sína, þar sem hann fær tækifæri til að útskýra gerðir sínar. Ekki verður sjónvarpað frá þeim lestri.

Gert er ráð fyrir að réttarhöldin standi í tíu vikur og búist er við dómi upp úr miðjum júlí.

gudsteinn@frettabladid.is



**BRAST Í GRÁT** Anders Behring Breivik virtist ekki hafa stjórn á tilfinningum sínum þegar sýnt var áróðursmyndbandið, sem hann sjálfur gerði og birti á netinu skömmu fyrir fjöldamorðin. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## Refsimöguleikar í máli Breiviks

Norski dómstóllinn hefur nokkra möguleika samkvæmt norskum lögum til þess að ákveða refsingu í máli Anders Behring Breivik, fari svo að hann verði á endanum talinn sakhæfur.

Einn möguleikinn er að kveða upp venjulegan fangelsisdóm, sem að hámarki er 21 ár fyrir alvarlegustu brotin. Vegna þess að brotin eru fleiri en eitt, og öll jafn alvarleg, er síðan hægt að þyngja þessa refsingu, allt upp í tvöfaldan þyngsta fangelsisdóm sem nærni þá 42 árum.

Sérlega hættulega glæpamenn er hins vegar hægt að dæma í öryggisgæslu, sömuleiðis í 21 ár, og þann dóm er einnig hægt að tvöfalda vegna þess að alvarlegu brotin eru fleiri en eitt.

Verði Breivik dæmdur í öryggisgæslu frekar en venjulegt fangelsi, eins og norskir sérfræðingar telja nú líklegast, þá er þar á ofan hægt að framlengja gæsluna um fimm ár í senn, aftur og aftur allt til æviloka ef ástæða þykir til.

Verði niðurstaða réttarhaldanna hins vegar sú að Breivik teljist vegna geðveilu ekki sakhæfur, þá yrði hann settur í öryggisgæslu á réttargeðdeild ótímabundið. Í því tilviki yrði það alfarið á valdi lækna að meta hvort og þá hvenær óhætt yrði að láta Breivik lausan.






## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**BJARTVIÐRI** Það verða litlar breytingar næstu daga í veðrinu. Yfirleitt hægur vindur og þurrt. Lítur út fyrir að sumardagurinn fyrsti verði bjartur og fallegur en heldur svalt í veðri, einkum norðaustanlands.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 19° |
| Basel | 16° |
| Berlín | 11° |
| Billund | 9° |
| Frankfurt | 12° |
| Friedrichshafen | 10° |
| Gautaborg | 8° |
| Kaupmannahöfn | 8° |
| Las Palmas | 21° |
| London | 12° |
| Mallorca | 16° |
| New York | 24° |
| Orlando | 29° |
| Ósló | 7° |
| París | 9° |
| San Francisco | 17° |
| Stokkhólmur | 5° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is,* Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is,* Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is,* Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is,* Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is,* Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is,* Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*



FÍTON / SÍA

# MP banki eflir atvinnulífið

MP banki er eini sjálfstæði og óháði einkabankinn og því í kjörstöðu til að veita úrvals þjónustu fyrir íslenskt atvinnulíf, athafnafólk, fjárfesta og sparifjáreigendur.

**Stefna okkar er skýr:**
**Við erum banki atvinnulífsins.**

- Við erum sérfræðingar í bankaviðskiptum fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki og veitum þeim alhliða þjónustu sem og einstaklingunum sem að þeim standa.
- Við erum leiðandi fjárfestingarbanki í fyrirtækjaráðgjöf, markaðsviðskiptum og fjármögnun í gegnum verðbréfamarkað.
- Við erum þekkt fyrir afbragðs árangur í eignastýringu á innlendum sem erlendum mörkuðum – jafnt við góðar sem erfiðar markaðsaðstæður.

**Við vinnum náið með viðskiptavinum okkar og metum árangur okkar í vexti þeirra og velgengni.**

**Verið velkomin í banka atvinnulífsins.**

mp banki
banki atvinnulífsins

Ármúli 13a / Borgartún 26 / +354 540 3200 / www.mp.is

**KJÖRKASSINN**



*Vilt þú að Sjálfstæðisflokkurinn hafi aðkomu að næstu ríkisstjórn?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 44,2% |
| NEI | 55,8% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Á að hætta aðildarviðræðum við ESB eða gera hlé á þeim vegna Icesave-dómsmálsins?*

Segðu þína skoðun á visir.is **vísir**

Ban Ki-moon segir sýrlensk stjórnvöld verða að tryggja fullt ferðafrelsi eftirlitsmanna SÞ í landinu:

# Eftirlitsmenn Sameinuðu þjóðanna farnir af stað

**BEIRÚT, AP** Ban Ki-moon, aðalritari Sameinuðu þjóðanna (SÞ), brýndi fyrir sýrlenskum stjórnvöldum í gær að tryggja fullt ferðafrelsi eftirlitsmanna SÞ í landinu. Eftirlitsmenn Sameinuðu þjóðanna komu til Sýrlands í gær og hlutverk þeirra er að fylgjast með því að staðið sé við vopnahlé stríðandi fylkinga í landinu.

Vopnahléið virtist vera að leysast upp í ófrið á sunnudag þegar stjórnarherinn skaut sprengjum að íbúðahverfum í borginni Homs þar sem uppreisnarmenn ráða ríkjum.

Árásunum hefur hins vegar ekki verið fylgt eftir og þá hafa átök í landinu minnkað merkjanlega frá því að vopnahléið tók gildi fyrir fimm dögum.

Í samtali við blaðamenn í Brussel kallaði Ban eftir því að eftirlitsmennirnir yrðu ekki hindraðir að neinu leyti í störfum sínum. Hann sagði vopnahléið mjög brothætt en við það yrði að standa.

Alþjóðasamfélagið vonast eftir því að tilkoma eftirlitsmanna frá SÞ letji stjórnarherinn og uppreisnarmennina í landinu frá frekari átökum. Haldi vopnahléið verður reynt að stíga frekari skref í friðaráætlun Kofi Annans, sérlegs erindreka SÞ í Sýrlandi, sem Bashar al-Assad, forseti Sýrlands, hefur samþykkt. **- mþl**



**DAMASKUS Í GÆR** Eftirlitsmenn Sameinuðu þjóðanna komu til Damaskus seint á sunnudag og hófu skoðunarferðir í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP














**LEIFUR Á VINNUSTOFUNNI** Á næstu dögum verður verkinu pakkað saman og það flutt til London, þar sem það verður sett upp í maí. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Hannar glugga fyrir Elísabetu drottningu

**Leifur Breiðfjörð listamaður var valinn úr hópi fjörutíu listamanna til að gera glugga í dómkirkju í London. Glugginn er tileinkaður Elísabetu drottningu og verður vígður á sextíu ára valdaafmælinu.**

**FÓLK** „Þetta er búið að vera feikilega áhugavert verkefni og er mikill heiður,“ segir Leifur Breiðfjörð listamaður sem var valinn úr hópi fjörutíu listamanna til þess að gera glugga í dómkirkjunni Southwark í London. Glugginn er tileinkaður Elísabetu annarri drottningu, og verður vígður á valdaafmæli hennar í byrjun júní. „Mér þótti vænt um að fá þetta verkefni og ég ákvað strax að vinna þetta allt sjálfur, alveg frá byrjun.“

> Mér þótti vænt um að fá þetta verkefni og ég ákvað strax að vinna þetta allt sjálfur, alveg frá byrjun.
>
> **LEIFUR BREIÐFJÖRÐ** MYNDLISTAMAÐUR

Ákveðið var að efna til samkeppni fyrir tveimur árum og var um fjörutíu glerlistamönnum boðið að taka þátt. Leifur er sá eini sem er ekki frá Bretlandi. Í fyrrasumar var honum tilkynnt að hann hefði unnið keppnina. Að því loknu fór málið fyrir fimm nefndir, bæði innan kirkjunnar og í húsafriðunarnefnd. Þegar allar nefndirnar höfðu samþykkt verkið þurfti að kynna það í 28 daga í kirkjunni. Því var ekki ljóst fyrr en í janúar að af verkinu yrði, en Leifur tók sénsinn og byrjaði að vinna í október, segir Sigríður Jóhannsdóttir kona hans.

Leifur segir merkileg og skemmtileg tengsl við dómkirkjuna í Reykjavík í verkinu. Hann notar meðal annars gler sem áður var í gluggum kirkjunnar. „Þegar ég var að velja glerið í þessa mynd vantaði mig ákveðna liti. Ég fór að kíkja á allt glerið sem ég átti og fann þetta.“ Hann segir að þegar kirkjunni var breytt árið 1985 hafi hann haft milligöngu um kaup á nýju gleri í kórglugga. Henda átti glerinu sem tekið var úr, en hann fékk að eiga búta af gula glerinu og hefur geymt þá allar götur síðan.

Southwark-kirkjan er meðal elstu gotnesku bygginganna í London. Sá hluti kirkjunnar þar sem glugginn verður er frá því um 1215. Leifur mun á næstu dögum pakka verkinu saman til flutnings og eftir helgi verður það sent með hraðpósti beint í kirkjuna í London, þar sem það verður sett upp í maí.

**thorunn@frettabladid.is**



## Gríðarmikil hátíðarhöld

Haldið er upp á sextíu ára valdaafmæli Elísabetar drottningar allt þetta ár, en dagana frá 2. til 5. júní verður mikil hátíð. Gefið hefur verið frí mánudag og þriðjudag vegna hátíðarhaldanna. Meðal þess stærsta sem mun eiga sér stað er sigling um þúsund báta og skipa á ánni Thames, sunnudaginn 3. júní. Brúm yfir ána verður lokað meðan á þessu stendur og búist er við um sex milljónum manna á bökkum árinnar.

Þennan sama sunnudag verður listaverk Leifs vígt í Southwark-dómkirkjunni. Kirkjan tekur um 2.500 manns í sæti og hefur yfir 2.000 verið boðið til athafnarinnar 3. júní. Leifur og Sigríður kona hans verða meðal gesta í kirkjunni.


SUMARGJAFIR
SUMARDAGURINN FYRSTI ER Á FIMMTUDAGINN
SAM-FESTINGUR 7.999,-
KJÓLL 3.999,-
SIPPUBÖND VERÐ FRÁ 499,-
SAMFESTINGUR 7.999,-
BOLUR 1.699,-
LEGGINGS 1.999,-
BOLUR 2.299,-
HÚLAHRINGIR VERÐ FRÁ 699,-
FÓTBOLTA-TREYJA OG STUTTBUXUR 3.999,-
LEGGINGS 1.999,-
BOLUR 2.499,-
KJÓLL 3.999,-
JDBUG
14 ÁR Á TOPPNUM!
HLAUPAHJÓL
ÁLSTELL - 4" DEKK
M/DEMPARA AÐ FRAMAN
100 KG BURÐARÞOL
KEMUR Í SVÖRTU
SAMFESTINGUR 7.999,-
KJÓLL 3.999,-
HLAUPAHJÓL VERÐ FRÁ 6.999,-
KRÍTAR VERÐ FRÁ 199,-
TRAMPÓLÍN M/ ÖRYGGISNETI
• 366 cm trampólín með öryggisneti
• Galvaniseraður rammi
• Galvaniseraðir fætur
• 72 stk extra sterkir gormar
• Slitsterkur USA dúkur
• Sterkt öryggisnet með rennilás
• Hámarks þyngd 150 kg
STUTT-BUXNASETT 4.499,-
366CM 49.999,-
JAKKI 5.999,-
LOKSINS NÝIR BRENNIBOLTAR!
699,-
JOGGING-BUXUR 3.499,-
ÖLL TRAMPÓLÍN HJÁ HAGKAUP ERU SELD MEÐ ÖRYGGISNETI TIL AÐ STUÐLA AÐ ÖRYGGI
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

**VEISTU SVARIÐ?**



**1.** *Hvaða sautján ára stúlka hefur tryggt sér þátttökurétt á Ólympíuleikunum í sumar?*

**2.** *Hvar voru síðustu tónleikar hljómsveitarinnar Of Monsters and Men í Bandaríkjatúr hennar?*

**3.** *Hver er nýjasti áfangastaður flugfélagsins Arna?*

**SVÖR**

*1. Eygló Ósk Gústafsdóttir 2. Í Washington 3. Húsavík*

# Öflugasta tölva Íslands vígð

**Ofurtölva sem er samstarfsverkefni fjögurra norrænna rannsóknastofnana var vígð í gagnaveri Advania í gær. Gæti eflt upplýsingatæknigeirann hér á landi og verið fyrsta skrefið í átt að frekara samstarfi.**

**TÆKNI** Öflugasta tölva landsins, ofurtölva sem þjónar rannsóknaverkefnum á Íslandi og öðrum Norðurlöndum, var formlega tekin í notkun í gagnaveri Thor Data Center í gær.



**EBBA ÞÓRA HVANNBERG**

Um er að ræða samvinnuverkefni rannsóknastofnana frá Íslandi, Danmörku, Noregi og Svíþjóð. Verkefnið, sem ber nafnið NHPC, er nýstárlegt að mörgu leyti, en það sem einna helst ber til tíðinda er staðsetning tölvunnar hér á landi og sameiginlegt, fjölþjóðlegt eignarhald, en hún er notuð til að vinna að fjölda rannsóknarverkefna í löndunum fjórum.

Um er að ræða hluta af tilraunaverkefni en tilgangur þess er meðal annars að meta kosti þess að staðsetja tölvur sem þessar nær orkulindum, sem og að meta hina fjölmörgu þætti, meðal annars skipulagslega og tæknilega, sem upp geta komið þegar um sameiginlegt eignarhald, umsjón og rekstur er að ræða. Reynist þetta verkefni vel, er mögulegt að fleiri samvinnuverkefni muni líta dagsins ljós á komandi árum.

Ebba Þóra Hvannberg, verkefnisstjóri NHPC, segir í samtali við Fréttablaðið að ástæða þess að verkefnið hafi verið sett upp hér á landi sé margþætt. Ísland og Thor Data Center, sem er í eigu Advania, hafi boðið ódýrasta kostinn auk þess sem gagnaverið gengur fyrir endurnýjanlegum orkugjöfum sem þyki eftirsóknarvert.

„Þá þótti einnig nýstárlegt að bjóða upp á hýsingu í gagnaveri en ekki í tölvusal háskóla," bætti Ebba við. „Það gefur okkur mikið svigrúm til að stækka við okkur í framtíðinni."

Ebba segir að þótt tölvan hafi verið vígð formlega í gær hafi hún verið í gangi, til reynslu, frá áramótum og reynst afar vel sem og fjarlægðin milli tölvunnar og rannsakenda í öðrum löndum.

**35** millisekúndur eru þær „tafir" sem verða á gagnaflutningum milli Íslands og Danmerkur.

„Fjarlægðin er engin fyrirstaða. Það kom meðal annars fram í máli danska kerfisstjórans, en hann sagði að töfin sem verður vegna fjarlægðarinnar sé einungis 35 millisekúndur."

Ebba segir NHPC-verkefnið geta haft mikla þýðingu fyrir upplýsingatæknigeirann hér á landi.

„Við erum að vona að þetta sýni möguleikana sem eru í boði hér á landi og erum einmitt að auglýsa verkefnið í Evrópu og Bandaríkjunum. Þetta mun því vonandi hjálpa gagnaversiðnaðinum hér á landi."

thorgils@frettabladid.is



**OFURTÖLVA Á ÍSLANDI** Fjórar rannsóknastofnanir standa að ofurtölvu sem staðsett er í Thor Data Center í Hafnarfirði. Samstarf sem þetta þykir marka nokkur tímamót og gefur góð fyrirheit um framtíð upplýsingatæknigeirans hér á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Fjölbreytt rannsóknarverkefni

Ofurtölvur eins og sú sem var vígð í gær eru hápróuð tæki sem gera vísindamönnum kleift að framkvæma öflugar hermanir og smíða líkön, að því er segir í kynningu frá NHPC.

Þar segir jafnframt að Norðurlöndin eyði milljónum evra ár hvert í ofurtölvur og orkunotkun þeirra, þess vegna sé verðugt verkefni að reyna að draga úr kostnaði með því að hagræða, meðal annars með samrekstri. NHPC er meðal annars sett á laggirnar til að láta reyna á hverju slíkt samstarf gæti skilað.

## Norræn samvinna

- Verkefnið er unnið í samvinnu Danish Center for Scientific Computing, Swedish National Infrastructure for Computing, UNINETT Sigma í Noregi og Háskóla Íslands.
- Ofurtölvan er hýst hjá Advania Thor Data Center í Hafnarfirði, sem er hluti af Advania-fjölskyldunni.

Norsk ríkisfyrirtæki í tilraun:

# Ráða fólk samkvæmt innflytjendakvóta

**NOREGUR** Nokkur norsk ríkisfyrirtæki taka nú þátt í tilraunaverkefni sem gengur út á að ráða fleiri útlendinga til starfa og munu fyrirtækin í því skyni beita hófsömum innflytjendakvóta, að því er greint er frá á vef Aftenposten.

Það þýðir meðal annars að þegar tveir jafnhæfir umsækjendur sækja um starf fær sá sem er af erlendu bergi brotinn starfið.

Markhópurinn í tilraunaverkefninu, sem stendur út árið 2014, eru meðal annars innflytjendur frá Evrópu utan Evrópusambandsins og EFTA, Asíu (þar á meðal Tyrklandi), Afríku, Suður- og Mið-Ameríku. - ibs




Búið að handtaka skæruliða sem stóðu fyrir árásum:

# Gagnrýnir NATO og hrósar afgönskum her

**KABÚL, AP** Yfirvöld í Afganistan hafa lýst því yfir að hryðjuverkasamtökin Haqqani, sem eru tengd við al-Kaída, hafi staðið fyrir alvarlegum árásum á höfuðborgina Kabúl um helgina. Nokkrir menn voru handteknir í kjölfar bardaganna, sem stóðu yfir í 18 klukkustundir.

Innanríkisráðherra landsins, Besmillah Mohammadi, sagði að einn skæruliðanna hefði játað stuðning við Haqqani. Annar afganskur embættismaður sagði þrjá aðra vera í haldi grunaða um verknaðinn og áætlanir um að ráða annan varaforseta þjóðarinnar af dögum.

Hamid Karzai, forseti Afganistan, hefur gagnrýnt NATO harðlega eftir árásirnar, þar sem 52 létust, 36 talibanar og 11 afganskir hermenn, sem og óbreyttir borgarar. Miklir bardagar geisuðu í Kabúl á sunnudagsnótt og fram til gærmorguns milli afganskra hermanna og talibana. Karzai sagði eftir að bardögunum lauk að árásirnar væru til marks um að upplýsingaöflun og njósnir væru ekki að skila tilætluðum árangri, þá sér í lagi það sem er í höndum NATO. Þá var forsetinn ánægður með störf afganska hersins og hrósaði honum sérstaklega. - sv



**HAMID KARZAI** Forseti Afganistan setur spurningarmerki við störf NATO og var gagnrýninn í kjölfar mikilla bardaga um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Vatnsþörf í Kópavogi kallar á viðbrögð Orkustofnunar:

# Oftaka vatn í Vatnsendakrika

**AUÐLINDIR** Orkustofnun hefur bent Kópavogsbæ á að sveitarfélagið taki nú meira neysluvatn úr Vatnskrika en því er heimilt.

Frá því í desember 2010 hafi Vatnsveita Kópavogs tekið að meðaltali 215 lítra af grunnvatni á sekúndu en nýtingarleyfi Vatnsveitunnar sé aðeins 210 lítrar á sekúndu. Í bréfi til bæjarins bendir Orkustofnun á að Orkuveita Reykjavíkur taki grunnvatn á sama stað og kunni að vilja auka nýtingu sína. Æskilegt sé að hafa samráð þessara aðila „þannig að grunnvatnsauðlindin sé nýtt á þjóðhagslega hagkvæman og sjálfbæran hátt". - gar



**SKÁL Í VATNI** Kópavogur hóf vatnstöku í Vatnsendakrikum árið 2007.

# BAÐ INNRÉTTINGAR

Allt að **50%** afsláttur



**S-9016 eik** stærð: 100 x 46 sm



**S-9010 eik** stærð: 62 x 48 sm

til afgreiðslu af lager

**VERTU ÞINN EIGINN ARKITEKT**

*margir möguleikar á stærðum og útfærslum*



**Hvítt fulningur** stærð: 100 x 48 sm



**Hvítt háglans** stærð: 80 x 48 sm

## ÞVOTTAHÚS innréttingar

Allt að **40%** afsláttur



Djúpar mjúklokandi skúffur og full útdraganleg vinnuborð **verð frá 58.970**



**Hvítt fulningur** stærð: 160 x 48 sm



**Hlynur** stærð: 130 x 48 sm

Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST!

**INNRÉTTINGAR & TÆKI**

*- fyrir þitt heimili*

**www.i-t.is**

**Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15** | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

frjalsilif.is – 444 7000

FRJÁLSI LÍFEYRISSJÓÐURINN

# Frjálsi lífeyrissjóðurinn

**Ársfundur Frjálsa lífeyrissjóðsins**

Ársfundur Frjálsa lífeyrissjóðsins verður haldinn 25. apríl nk. kl. 17:15 í höfuðstöðvum Arion banka, Borgartúni 19.

**Dagskrá**

1. Skýrsla stjórnar
2. Kynning ársreiknings
3. Tryggingafræðileg athugun
4. Fjárfestingarstefna sjóðsins
5. Kosning stjórnar
6. Kjör endurskoðanda
7. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins
8. Laun stjórnarmanna
9. Önnur mál

Á fundinum verður kosið um tvo stjórnarmenn til tveggja ára og einn varamann til eins árs. Framboð til stjórnar þarf að liggja fyrir eigi síðar en á morgun, miðvikudaginn 17. apríl og ber að tilkynna framboð til stjórnar með sannanlegum hætti.

Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins eru aðgengilegar á frjalsilif.is.

Stjórn sjóðsins hvetur sjóðfélaga til að mæta á fundinn.

Arion banki

*Vinnum saman gegn launamun kynjanna*

Morgunverðarfundur miðvikudaginn 18.apríl.
Markaðslaun á Íslandi og niðurstöður Jafnlaunaúttektar PwC 2011.

*Skráning á heimasíðu PwC www.pwc.is/jafnlaunuttekt*

Jafnlaunaúttekt PwC

pwc

**8:30** ***Launagreining PwC*** - Elín Hlíf Helgadóttir, mannauðsstjóri PwC
***Markaðslaun á Íslandi*** - Hafsteinn Már Einarsson, ráðgjafi hjá PwC
***Hvernig nýtist Launagreining PwC*** - Erna Agnarsdóttir, mannauðsráðgjafi á starfsmannasviði Actavis
***Niðurstöður Jafnlaunaúttektar PwC 2011*** - Þorkell Guðmundsson, ráðgjafi hjá PwC

***10:00 Fundarlok***

PwC á Íslandi er framsækið og taust fyrirtæki sem veitir sérfræðiþjónustu á sviði fyrirtækja- skatta- og lögfræðiráðgjafar, endurskoðunar og reikningsskila. Fyrirtækið er íslenskt og er hluti af alþjóðlegu neti sjálfstæðra fyrirtækja sem skilgreinir sig sem þekkingarfyrirtæki sem aðstoðar viðskiptavini sína við að auka verðmæti, stjórna áhættu og bæta árangur sinn.

Boða samstöðu í næstu kosningum á Evrópuþingið:

# Sjóræningjar saman í sæng

**EVRÓPUMÁL** Svokallaðir „sjóræningjaflokkar“ í Evrópusambandsríkjum hyggjast bjóða sig fram sem einn flokk í næstu kosningum til Evrópuþings.

Fréttavefur EUobserver segir frá samkomu alþjóðasamtaka sjóræningjaflokka þar sem þetta var ákveðið. Uppgangur hefur verið hjá slíkum flokkum undanfarið, en þeir sækja innblástur í sænskan flokk sem var stofnaður í kringum deiliveituna Piratebay.org árið 2006. Þeir fengu tvo Evrópuþingmenn kjörna í síðustu kosningunum.

Flokkarnir leggja mikla áherslu á lýðfrelsi, beint lýðræði, gegnsæi og frelsi til að deila upplýsingum og gögnum. **- þj**




**SJÓRÆNINGJAR** Sjóræningjaflokkar um alla Evrópu munu bjóða sig fram sem eina heild í næstu Evrópukosningum. NORDICPHOTOS/AFP



**Á ÞINGI** Rétt er að láta reyna á grundvallaratriði fyrir Ísland í aðildarviðræðum við Evrópusambandið frekar en að hætta viðræðunum sagði Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, á Alþingi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Þingmenn fari ekki á taugum vegna Icesave

**Ríkisstjórnin telur ekki ástæðu til að gera hlé á aðildarviðræðum við ESB vegna Icesave-dómsmálsins segir formaður Vinstri grænna. Gera ætti hlé á viðræðunum nú þegar ESB hefur blandað sér í tvíhliða deilur segir varaformaður Sjálfstæðisflokksins.**

**ALÞINGI** Ríkisstjórnin telur enga ástæðu til að gera hlé á aðildarviðræðum við Evrópusambandið (ESB) eða slíta viðræðunum þó sambandið sé orðið aðili að málaferlum vegna Icesave, sagði Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, á Alþingi í gær.

„Ég held við eigum ekki að taka neinar skyndiákvarðanir, við eigum ekki að fara á taugum,“ sagði Steingrímur, í svari við fyrirspurnum stjórnarandstöðuþingmanna.

Ólöf Nordal, varaformaður Sjálfstæðisflokksins, sagði einsýnt í ljósi stöðu Icesave-málsins og að þar hefði ESB „ákveðið að blanda sér í tvíhliða deilu“ að gera þyrfti hlé á aðildarviðræðunum á meðan það mál væri óleyst.

„Er hæstvirtur ráðherra virkilega þeirrar skoðunar að þetta hafi engin áhrif á aðildarviðræðurnar?“ sagði Ólöf í fyrirspurnartíma Alþingis í gær.

Steingrímur sagði aðild ESB að málaferlum vegna Icesave vissulega ekki góða fyrir andrúmsloftið í viðræðunum, en ekki væri ástæða til aðgerða vegna þess.

„Heimurinn heldur nú áfram, þrátt fyrir æsinginn á þingi. Ef háttvirtur þingmaður hefur bundið við það vonir að hún togaði hér út úr mér svör um að það ætti að slíta viðræðunum í hvelli, slíta ríkisstjórnarsamstarfinu og boða til kosninga á morgun verð ég að hryggja háttvirtan þingmann, hún fær engin slík svör,“ sagði Steingrímur.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, tók í sama streng og Ólöf. Hann benti á að Steingrímur hefði haft fyrirvara á því þegar Alþingi samþykkti að fara í aðildarviðræðurnar að á einhverjum tímapunkti gætu menn ákveðið að ekki væri rétt að halda því áfram.

„Nú velti ég fyrir mér hvað þarf til að hæstvirtur ráðherra geti komist að þeirri niðurstöðu að það sé ekki að eiga sér stað nægjanlegur árangur, eða að umsóknin sé komin á einhvers konar endastöð,“ sagði Sigmundur.

Hann benti á að ESB væri komið í málaferli við Ísland þar sem vegið væri með „fruntalegum hætti“ að Íslandi, og Ísland ætti í „harðvítugri“ fiskveiðideilu við sambandið.

Steingrímur lagði áherslu á að blanda ekki saman óskyldum hlutum, eins og dómsmáli vegna Icesave og aðildarviðræðunum. Rétt væri að halda áfram viðræðunum og komast að niðurstöðu í málinu.

Hann sagði framtíðarsamband Íslands við ESB grundvallaratriði sem koma yrði á hreint. „Ég tel að það skipti mestu máli að við höfum þá það út úr þessum leiðangri [...] að við Íslendingar verðum einhverju nær,“ sagði Steingrímur.

Láta á reyna á grundvallarhagsmuni Íslands í aðildarviðræðunum, til dæmis varðandi landbúnað og sjávarútveg, sagði Steingrímur.

„Mér finnst það satt best að segja nokkuð merkileg hugmynd að þetta leysist allt saman með því að setja málið á ís í einhverja mánuði. Verður þá Evrópusambandið aftur orðið gott, bara eftir nokkra mánuði, ef það er sett á ís?“

brjann@frettabladid.is

# Við bjóðum 20% afslátt á Pétur Gaut



Íslandsbanki styrkir með stolti Listahátíð í Reykjavík

Listahátíð í Reykjavík
18. maí–3. júní 2012

## Viðskiptavinir Íslandsbanka fá afslátt á verðlaunasýningu

Leikstjórinn Þorleifur Örn Arnarsson hefur hlotið mikið lof um alla Evrópu fyrir uppfærslu sína á Pétri Gaut.

Sýningin var frumsýnd í Luzern í Sviss haustið 2010 við frábærar viðtökur og var í kjölfarið valin besta þýskumælandi sýning ársins af gagnrýnendum og áhorfendum á nachtkritik.de.

Íslandsbanki býður viðskiptavinum sínum 20% afslátt af miðaverði á þessa frábæru sýningu.

Greiða skal með greiðslukorti frá Íslandsbanka eða Byr í miðasölu Þjóðleikhússins á midasala@leikhusid.is eða í síma 551 1200 til að fá afsláttinn. Tilboðið gildir ekki í netsölu.

**Við bjóðum góða þjónustu**

islandsbanki.is | Sími 440 4000

Íslandsbanki

ENNEMM / SIA / NMS1011

**2,15 MILLJARÐAR KRÓNA** var velta með húsnæði á höfuðborgarsvæðinu vikuna 6. til 12. apríl. Það er um hálfum milljarði undir meðaltali ársins.

Fjármálaeftirlitið setur reglur um kaupaukakerfi:

# Setja reglur um bónusa hjá vátryggingafélögum

**VIÐSKIPTI** Stjórn Fjármálaeftirlitsins (FME) hefur samþykkt nýjar reglur um kaupaukakerfi vátryggingafélaga. Reglurnar voru birtar í Stjórnartíðindum þann 27. mars síðastliðinn og hafa þar með tekið gildi.

Með reglunum er tilgreint hvernig vátryggingafélög megi standa að bónusgreiðslum til starfsmanna sinna. Kveða þær á um ákveðið hámark leyfilegra kaupauka starfsmanna, nánar tiltekið að þeir verði ekki hærri en sem nemur 25 prósentum af árslaunum viðkomandi starfsmanns. Reglurnar gilda þó ekki um vátryggingasölumenn.

Þá skal fresta greiðslu hluta af kaupauka um að lágmarki þrjú ár. Er sú regla sett til að unnt sé að taka tillit til sveiflna í viðskiptalífi og hagkerfinu sem geta haft áhrif á árangur vátryggingafélaga, að því er fram kemur í tilkynningu frá FME.

Enn fremur mæla reglurnar fyrir um lækkun, afturköllun eða endurgreiðslu kaupauka þegar mælikvarða um árangur í starfi er ekki náð.

Við gerð reglnanna var höfð hliðsjón af sambærilegum reglum um kaupaukakerfi fjármálafyrirtækja en þó þannig að tekið væri tillit til eðlismunar á rekstri vátryggingafélaga og fjármálafyrirtækja. **- mþl**



**FASTIR** Erlendir forgangskröfuhafar Glitnis munu, líkt og aðrir kröfuhafar gömlu bankanna, þurfa leyfi frá Seðlabankanum til að skipta íslenskum krónum sínum í erlendar myntir. Kristján Óskarsson er framkvæmdastjóri Glitnis. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Mun geta haft eftirlit með kröfuhöfum

**Útgreiðslur úr þrotabúum fallinna banka í íslenskum krónum munu fara inn á sérstaka reikninga. Seðlabankinn mun geta fylgst með þeim reikningum. Herðing gjaldeyrishafta festi erlendu kröfuhafana inni með krónur sínar.**

Seðlabankinn heimilar á næstu dögum þrotabúum fallinna íslenskra banka að greiða erlendum kröfuhöfum sínum í íslenskum krónum inn á nýja sérstaka reikninga í íslenskum bönkum sem munu lúta eftirliti Seðlabankans. Það þýðir að erlendir kröfuhafa Glitnis, sem fengu um tíu milljarða íslenskra króna greidda út úr þrotabúi bankans í mars, fá þær inn á eigin reikninga en geta ekki farið með féð úr landi nema í samstarfi við Seðlabankann. Þetta staðfestir Kristján Óskarsson, framkvæmdastjóri Glitnis. Seðlabankinn sá sér ekki fært að svara spurningum um málið.

Þann 13. mars síðastliðinn voru gjaldeyrishöft á Íslandi hert. Á meðal þess sem breyttist var að greiðslur á kröfum úr þrotabúi og greiðsla samningskrafna samkvæmt nauðasamningi í íslenskum krónum var felld úr gildi. Þessar þrengingar á höftunum höfðu meðal annars mikil áhrif á útgreiðslu slitastjórnar Glitnis til forgangskröfuhafa búsins sem fór fram þremur dögum eftir herðingu haftanna.

Þá voru greiddir út 105,6 milljarðar króna í íslenskum krónum, evrum, dölum, pundum og norskum krónum. Um 19% upphæðarinnar voru greidd út í íslenskum krónum og fór hún öll inn á geymslureikning eftir útgreiðsluna, enda heimiluðu höftin ekki að hún færi úr landi. Um helmingur upphæðarinnar, rúmlega tíu milljarðar króna, mun vera áfram inni á geymslureikningi þar sem enn er tekist á um hvort kröfurnar sem eru að baki þeim séu í raun forgangskröfur. Afgangurinn, um tíu milljarðar króna, verður greiddur inn á hina sérstöku reikninga.

Kristján segir helsta muninn fyrir þrotabú Glitnis felast í því að þá ber það ekki lengur ábyrgð á fénu, líkt og þegar það er á geymslureikningi. „Þá mun þetta teljast greiðsla til viðkomandi aðila, þó svo að hann þurfi að fá leyfi Seðlabankans til að breyta krónunum í erlendar myntir. Þetta verður þá bara krónureikningur í eigu kröfuhafans. Þá er þetta bara spurning um samkomulag hans við Seðlabankann hvernig og hvenær hann fær að fara út.“

**thordur@frettabladid.is**

## Landið verður troðfullt af krónum

Útgreiðslan í mars til forgangskröfuhafa var sú fyrsta sem Glitnir greiddi út. Alls mat þrotabúið eignir sínar á 883 milljarða króna fyrir hana. Að sögn Kristjáns er reiknað með að 12 til 26% allra krafna verði greiddar út í íslenskum krónum. Munurinn felst í því hvort það takist að selja 95% hlut búsins í Íslandsbanka fyrir erlent eða innlent fé. Ef bankinn verður keyptur fyrir krónur munu um 230 milljarðar króna greiðast út í íslenskum krónum. Erlendir kröfuhafar Kaupþings, Glitnis og Landsbankans munu fá allt að 450 milljarða króna af kröfum sínum greiddar í íslenskum krónum miðað við síðustu birtu fjárhagsupplýsingar föllnu bankanna þriggja. Til viðbótar er reiknað með að tugir milljarða króna hið minnsta verði greiddir út í íslenskum krónum úr þrotabúum annarra íslenskra fjármálafyrirtækja til erlendra kröfuhafa.

Ofan á þessa tölu er önnur aflandskrónueign, sem er meðal annars tilkomin vegna jöklabréfaeignar, um 410 milljarðar króna. Því er viðbúið að um 1.000 milljarðar íslenskra króna í eigu erlendra aðila verði fastir inni í gjaldeyrishöftunum þegar búið verður að greiða út úr búunum.

Hjálpum heima
Hjálparstarf kirkjunnar veitir fjölbreytta aðstoð á Íslandi. Við hjálpum til sjálfshjálpar.
Einnig er hægt að hringja í söfnunarsímann 907 2002, gefa framlag á framlag.is, gjofsemgefur.is eða á söfnunarreikning 0334-26-886, kt. 450670-0499.
Valgreiðsla hefur verið send í heimabanka þinn. Með því að greiða hana styður þú innanlandsaðstoð Hjálparstarfs kirkjunnar og hjálpar til sjálfshjálpar.
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is
Háaleitisbraut 66, 103 Reykjavík, Sími 528 4400
PIPAR\TBWA • SÍA • 120744

Rafskutlur
Vandaðar og kraftmiklar rafskutlur sem henta vel við íslenskar aðstæður.
Skoðaðu úrvalið og prufukeyrðu í sýningarsal okkar að Askalind 1, Kópavogi.
ÖRYGGI VELFERÐ
Sími 570 2400 · oryggi.is
Stöndum vaktina allan sólarhringinn
ÖRYGGISMIÐSTÖÐIN
PIPAR\TBWA • SÍA • 121124



Kona ákærð fyrir líkamsárás:

# Reif í hárið og henti í götuna

**DÓMSMÁL** Kona á þrítugsaldri hefur verið ákærð fyrir líkamsárás sem átti sér 17. júní 2010.

Konan á að hafa rifið í hár annarrar konu svo hún féll í gangstéttina og sparkað ítrekað í búk hennar með þeim afleiðingum að hún marðist víða um líkamann, tognaði í baki og meiddist í rifbeinum.

Mál gegn konunni var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær og er þess krafist að hún greiði fórnarlambi sínu eina milljón króna auk alls málskostnaðar. - sv

Ný rannsókn leiðir í ljós óæskileg andleg og líkamleg áhrif módelfitness:

# Höfðu ekki blæðingar í fleiri mánuði

**HEILBRIGÐISMÁL** Níutíu prósent keppenda í módelfitness í fyrra urðu fyrir röskun á tíðahring sínum í kringum keppnina. Allar misstu konurnar úr blæðingar í tvo mánuði eða lengur og fóru tvær þeirra ekki á blæðingar í níu mánuði.

Þetta kemur fram í niðurstöðum lokaritgerðar Sigurðar Kristjáns Nikulássonar og Sigurðar Heiðars Höskuldssonar í íþróttafræði við Háskólann í Reykjavík. Þeir könnuðu líkamleg og andleg áhrif undirbúnings og þátttöku kvenna í Íslandsmótinu í fitness árið 2011.



**FYRIR MÓT** Flestar konurnar í rannsókninni neyttu um helmingi minna magns af hitaeiningum en æskilegt er. NORDICPHOTOS/GETTY

Í ljós kom að undirbúningur kvennanna reyndi greinilega mikið á líkama þeirra og andlega heilsu. Alls tóku 75 konur þátt í rannsókninni, sem var meðal annars í formi spurningalista. Flestar höfðu þær æft afar stíft, þá tíu til tólf sinnum í viku, fyrir keppnina. Einnig kom í ljós að um þriðjungur kvennanna upplifði svefntruflanir, skapgerðarbresti og minni orku.

Konurnar neyttu á bilinu 1.140 og 1.500 hitaeininga á dag, en samkvæmt ráðleggingum Lýðheilsustöðvar er æskilegt magn á dag fyrir konur í svo mikilli æfingu 2.600 hitaeiningar. - sv



**TIL MINNINGAR** Fjöldi fólks hefur skilið eftir blóm, bangsa og sitthvað fleira til minningar um hinn sautján ára Trayvon Martin, sem var myrtur af manni sem sinnti nágrannavörslu í Flórída. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**LAUGARDALSLAUG** Ný og endurbætt sundlaugaraðstaða mætir gestum frá og með sumardeginum fyrsta.

Endurbótum lýkur senn:

# Laugin opnuð á fimmtudaginn

**REYKJAVÍK** Laugardalslaug verður lokuð í dag og á morgun. Laugin opnar á nýjan leik á sumardaginn fyrsta. Frá þessu er greint á heimasíðu borgarinnar.

Logi Sigurfinnsson forstöðumaður segir gesti hafa sýnt mikla þolinmæði og skilning að undanförnu.

„Framkvæmdir hafa gengið vel þrátt fyrir tíðarfar, en tjaldað var yfir stóran hluta framkvæmdasvæðis svo mögulegt væri að vinna verkið á þessum árstíma," segir Logi.

Meðal þess sem verður gert meðan laugin verður lokuð er að slá undan nýrri göngubrú, mála potta, tengja nuddpott og koma fyrir nýju öryggishandriði. Laugin verður einnig tæmd og þrifin.



**Á SKAUTANÁMSKEIÐI** Líkamlegt atgervi ræður miklu um hvernig börnum gengur í skóla. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Sænsk rannsókn á börnum:

# Íþróttakrakkar fá hærri einkunnir í skóla

**SVÍÞJÓÐ** Börn sem eru í skólaíþróttum fimm sinnum í viku auk fleiri líkamsæfinga eru ekki bara í betra líkamlegu formi en börn sem eru í skólaíþróttum tvisvar í viku heldur fá þau einnig hærri einkunnir.

Þetta eru niðurstöður könnunar vísindamanna við háskólann í Malmö í Svíþjóð sem fylgst hafa með yfir tvö hundruð grunnskólabörnum um níu ára skeið.

Af þeim nemendum sem fengu meiri íþróttakennslu náðu 96 prósent lágmarkseinkunn upp í framhaldsskóla en 89 prósent í viðmiðunarhópnum. Mestur munurinn var hjá strákunum, 96 prósent á móti 83 prósentum. - ibs


Virkjum nýsköpunarkraftinn

Arion banki vill vinna að því að byggja upp fjölbreytt og öflugt atvinnulíf. Arion banki Nýsköpun er vettvangur sem er ætlað að leysa úr læðingi þann mikla nýsköpunarkraft sem býr í Íslendingum.



Nýsköpun - námskeið

17. apríl | Nýsköpun og að virkja hugmyndina
2. maí | Nýsköpun og verkefnið
16. maí | Nýsköpun og framkvæmdin

Nánari upplýsingar og skráning á arionbanki.is

Í samstarfi við Nýsköpunarmiðstöð Íslands býður Arion banki upp á þrjú námskeið til að auðvelda fyrstu skrefin í að þróa og vinna áhugaverðar hugmyndir. Á námskeiðunum fara þeir Einar Gunnar Guðmundsson, sérfræðingur Arion banka í nýsköpun, og Dr. Hannes Ottósson, frá Nýsköpunarmiðstöðinni, yfir hvernig hugmyndir geta orðið að veruleika.

Arion banki vill með margvíslegum hætti efla nýsköpun í landinu. Að virkja fólk með góðar hugmyndir er aðeins einn liðurinn í viðleitni bankans til að byggja upp sterkara atvinnulíf. Á næstu mánuðum mun bankinn kynna frekari skref í þessa átt.

Við hugsum um framtíðina.

arionbanki.is — 444 7000

Arion banki

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Hjálpa taugaveiklunarköst stjórnmálamanna til?

## Andrúmsloftið og ábyrgðin

Steingrímur J. Sigfússon ráðherra og leiðtogi Vinstri grænna sagði þingmönnum í gær að engin ástæða væri til að fara á taugum og slíta aðildarviðræðum við Evrópusambandið. Það er rétt hjá ráðherranum. Það að framkvæmdastjórn ESB hafi nýtt rétt sinn samkvæmt EES-samningnum til að gerast aðili að málsókn Eftirlitsstofnunar EFTA er ekki óvænt, ekki óeðlilegt og ekki til marks um neinn „fjandskap“ í garð Íslendinga eins og sumir stjórnmálamenn hafa haldið fram á síðustu dögum. Framkvæmdastjórnin sinnir því hlutverki sínu að passa upp á regluverk sambandsins og í Icesave-málinu er tekizt á um lögfræðileg grundvallaratriði varðandi innistæðutryggingakerfi ESB.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Steingrímur lét önnur ummæli falla um þetta mál í fréttum Stöðvar 2 á föstudagskvöldið, sem ástæða er til að staldra við. Hann sagði þá að andrúmsloftið skipti miklu máli í aðildarviðræðum Íslands og ESB. „Að menn séu að ræða saman í góðri trú og af velvild. Ef ítrekað kemur til hluta af hálfu Evrópusambandsins sem við hljótum að túlka sem ákveðna andstöðu þeirra hlýtur það að hafa áhrif á andrúmsloftið,“ sagði Steingrímur.

Þetta er líka rétt. Í samningaviðræðum skiptir andrúmsloftið máli. En ber Evrópusambandið eitt ábyrgð á því að andrúmsloftið sé gott í aðildarviðræðunum? Hvað hefur flokkur ráðherrans lagt af mörkum til þess að velvild ríki í viðræðunum?

Ætli það hafi hjálpað til að skapa gott andrúmsloft þegar Jón Bjarnason, flokksbróðir Steingríms, sakaði Evrópusambandið um að reyna að múta Íslendingum og varaði við „öllum tilhneigingum hins erlenda stórveldis til að taka hér stjórnartauma af réttkjörnum og lýðræðislegum stjórnvöldum landsins“?

Var það í þágu velvildar og góðs anda í viðræðunum þegar Ögmundur Jónasson, annar VG-ráðherra, talaði um sókn ESB eftir „lífsrými“ í blaðagrein og bendlaði sambandið þannig nokkuð augljóslega við helstefnu Hitlers? Í sömu grein skrifaði Ögmundur: „Það er ekki að undra að herskáir Evrópusinnar líti hýru auga til Festung Island, Virkisins í norðri. En ekki mun standa á styrkveitingum – svona rétt á meðan verið er að tala okkur til. Hið sama gæti hent okkur og indíána Norður-Ameríku. Þeir töpuðu landinu en sátu uppi með glerperlur og eldvatn.“

Bull og vitleysa af þessu tagi, víðs fjarri öllum staðreyndagrunni, ýtir ekki undir málefnalega umræðu um Evrópumálin og mætti jafnvel túlka sem „ákveðna andstöðu“ við ESB, burtséð frá því hvort Ísland sækist eftir aðild að þessu bandalagi frjálsra lýðræðisríkja.

Þetta er einn meginvandinn varðandi aðildarumsókn Íslands; hálfri ríkisstjórninni og gjörvallri stjórnarandstöðunni virðist ómögulegt að ræða málið án þess að mála skrattann á vegginn með gífuryrðum og hlaupa upp til handa og fóta út af smámunum eins og við höfum orðið vitni að á undanförnum dögum.

Hagsmunir Íslands eru þeir að aðildarviðræðurnar fari fram í velvild og góðri trú, að þeim loknum vitum við nákvæmlega með hvaða skilyrðum við getum fengið aðild að ESB og að þjóðin taki afstöðu til niðurstöðunnar. Hin sífelldu taugaveiklunarköst bæði í flokki Steingríms og í öðrum flokkum vinna gegn þessum þjóðarhagsmunum.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871

Sjálfbær þróun 2012

Ársfundur Sjálfbærniverkefnis Alcoa og Landsvirkjunar á Austurlandi

verður haldinn á Hótel Héraði á Egilsstöðum föstudaginn 27. apríl frá kl. 13:00 – 16:30.

Allir áhugasamir um verkefnið og sjálfbæra þróun eru hvattir til að mæta.

Skráning á www.sjalfbaerni.is

Nánari dagskrá og upplýsingar um skráningu er hægt að nálgast á heimasíðu verkefnisins:
www.sjalfbaerni.is

Landsvirkjun ALCOA

Héraðsprent

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Guðna ekkert óviðkomandi

Guðni Ágústsson, fyrrum ráðherra og formaður Framsóknarflokksins, skrifaði stóra og mikla grein um stjórnmálin í landinu sem birtist í Morgunblaðinu í gær. Þar fer Guðni yfir víðan völl; fjallar um sjávarútveg, virkjunarstefnu og náttúruvernd, landbúnað, skattastefnu og reglugerðir, tengsl Íslands við ESB og umheiminn auk þess að fjalla um aflandskrónurnar og gjaldeyrishöftin svo eitthvað sé nefnt. Greinin er að mörgu leyti forvitnileg en Guðni gerir sig hins vegar sekan um tvö leið áróðursbrögð sem eru því miður alltof algeng í pólitískri umræðu á Íslandi og er því vert að vekja athygli á.



### Snýr öllum rökum á hvolf

Í greininni minnist Guðni á að íslenskur landbúnaður flytji í vaxandi mæli vörur til annarra landa og bætir svo við: „Á sama tíma er gerður út í fjölmiðlum hagfræðiprófessor sem ástundar málflutning og pólitískan áróður. Þórólfur Matthíasson segir ósatt og snýr öllum rökum á hvolf.“ Því næst gefur Guðni í skyn að Háskóli Íslands eigi að svipta Þórólf prófessorsstöðu sinni og jafnvel vísa honum í endurmenntun.



### Leiðinleg áróðursbrögð

Áróðursbrögðin eru vitaskuld þau að annars vegar gera enga tilraun til að svara málflutningi Þórólfs efnislega heldur rægja hann og hins vegar að gefa í skyn að Þórólfur sé „gerður út“ af einhverjum ótilgreindum aðila og tali þar með ekki eftir eigin sannfæringu og bestu vitund. Fyrir utan auðvitað að krefjast þess að manni með skoðanir sem Guðna líkar ekki verði sagt upp. Málflutningur sem þessi er engum til sóma.

magnusl@frettabladid.is

HALLDÓR




## Barnaskattar Jóhönnu

Skattamál



Guðlaugur Þór Þórðarson
alþingismaður

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra fer mikinn í ritdeilu við þann aldna heiðursmann Matthías Bjarnason hér á síðum blaðsins. Matthíasi ofbauð skattlagning á barnabörn sín og benti á að fjármagnstekjuskattar hefðu hækkað mjög í tíð Jóhönnu Sigurðardóttur. Einnig taldi hann það vera ósanngjarnt að fjármagnstekjuskattur væri tekinn af verðbótum og hvatti til sparnaðar ungmenna með því að skora á „stjórnvöld að fella niður fjármagnstekjuskatt á öll börn að 16 ára aldri. Með því móti yrði stuðlað að stórauknum sparnaði barna og ungmenna.“

Þegar ástandið í efnahagsmálum er eins og það er núna og verðbólga mikil, getur staðan hreinlega orðið þannig að ávöxtun sparifjár verði neikvæð með skattlagningu verðbóta. Matthías gerir ekkert nema mótmæla skattlagningu á börn, vekja athygli á ósanngirninni sem felst í skattlagningu verðbóta og hvetja til aðgerða til að efla sparnað.

> Hver eru viðbrögðin? Jú, Jóhanna svaraði Matthíasi og vandaði honum ekki kveðjurnar.

Hver eru viðbrögðin? Jú, Jóhanna svaraði Matthíasi og vandaði honum ekki kveðjurnar. Hún sakaði hann m.a. um þráhyggju, væntanlega vegna þess að hann benti á staðreyndir máli sínu til stuðnings. Fátt fer meira í taugarnar á forsætisráðherra en þegar fólk leyfir sér að gera það. Í þessu tilviki hefði Jóhanna þó átt að fagna ábendingunni, enda sjálf talið sig andstæðing skattlagningar barna, í það minnsta þegar hún var í stjórnarandstöðu.

En skoðum barnaskattastefnu Jóhönnu að öðru leyti en því sem viðkemur fjármagnstekjunum. Hvernig skyldi tekjuskatti barna vera háttað? Fjárhæð frítekjumarks barna yngri en 16 ára var 8.395 krónur á mánuði þegar Jóhanna tók við - og er enn 8.395 krónur!

Á sama tíma hefur vísitala neysluverðs hækkað um 40% og vísitala neysluverðs án húsnæðis hækkað um 50%.

Ég veit ekki hvaða orð stjórnarandstöðuþingmaðurinn Jóhanna Sigurðardóttir hefði notað til að lýsa þessu en þau hefðu verið stór. Kannski hefði hún notað orðin barnaskattpíningarstefna?

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Atli Fannar Bjarkason (dægurmál) *atlifannar@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Mannréttindi heima og heiman

Mannréttindi




Guðbjartur Hannesson
velferðarráðherra



Ögmundur Jónasson
innanríkisráðherra


Samkvæmt Íslenskri orðabók eru mannréttindi „tiltekin grundvallarréttindi hverrar manneskju, óháð þjóðerni, kynþætti, kyni, trú og skoðunum“. Mannréttindahugtakið hefur þróast í margar aldir. Fyrst um sinn náði það einkum utan um borgaraleg réttindi hins frjálsa manns, en ekki hinna sem voru ófrjálsir eða ófrjálsar. Í dag þætti fjarstæðukennt hér á landi að ætla aðeins sumum að njóta kosningaréttar, en ekki þarf að líta nema hundrað ár aftur í tímann til að sjá allt annan veruleika.

### En hvernig er staða mannréttindahugtaksins á Íslandi í dag?

Á undanförnum misserum hefur verið unnið að því að greina aðkomu íslenskra stjórnvalda að mannréttindamálum hér innanlands og utan og gera hana markvissari í framkvæmd. Mannréttindi skipa nú sérstakan sess í innanríkisráðuneytinu en snerta engu að síður starfsemi allra ráðuneyta, beint og óbeint. Velferðarráðuneytið fer þar með sérlega mikilvægt hlutverk, enda er aðgengi að heilbrigðisþjónustu og félagsþjónustu samofið mannréttindahugtakinu eins og það hefur þróast. Mennta- og menningarmálaráðuneyti og utanríkisráðuneyti eru einnig þýðingarmikil í þessu sambandi og eiga þessi ráðuneyti öll ómetanlegt samstarf um mannréttindamál. Á þetta ekki síst við um mótun landsáætlunar í mannréttindamálum sem nú stendur yfir en markmiðið með henni er að mannréttindasjónarmið eigi að vera undirstaða allrar stefnumörkunar í samfélaginu og í verkum stjórnvalda.

### Alþjóðlegt samstarf nauðyn

Mannréttindi eru bæði innlent og alþjóðlegt viðfangsefni. Frá stofnun hafa Sameinuðu þjóðirnar sett mannréttindi í öndvegi, enda var ljóst eftir seinni heimstyrjöld að alþjóðleg samstaða yrði að ríkja um virðingu fyrir mannréttindum.

> Það er okkar mat að Íslendingar hafi verk að vinna í mannréttindamálum, bæði heima og heiman.

Með Mannréttindasáttmála Evrópu, sem samþykktur var um miðja síðustu öld, tóku ríki álfunnar höndum saman í von um að tryggja frið, frelsi og mannréttindi.

Starf Evrópuráðsins er hornsteinn mannréttindamála í Evrópu og hefur Ísland tekið þátt í starfi ráðsins frá árinu 1950. Mannréttindasáttmálar Evrópuráðsins hafi haft veigamikla þýðingu fyrir þróun mannréttinda á Íslandi og er nýlegasta dæmið samningur Evrópuráðsins um varnir gegn kynferðislegri misnotkun og misneytingu gegn börnum. Fullgilding hans stendur nú fyrir dyrum hér á landi og í undirbúningi er átak til vitundarvakningar um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum.

Eftir hrun hefur dregið úr formlegri aðkomu Íslands að starfi Evrópuráðsins en það er álitamál hve lengi skuli svo búið um hnúta. Mannréttindastarf Sameinuðu þjóðanna og Evrópuráðsins er mikilvægasta alþjóðlega samstarf sem Ísland tekur þátt í, enda hefur það bein áhrif hér heima sem og utan landsteinanna.

### Athugasemdir mannréttindaráðs

Á vettvangi Sameinuðu þjóðanna (SÞ) sátu íslensk stjórnvöld nýverið fyrir svörum í svonefndu Universal Periodic Review (UPR). Þetta er ný tilhögun á vettvangi mannréttindaráðs SÞ sem er ætlað að varpa ljósi á það sem vel er gert í framkvæmd mannréttindamála en einnig að vekja athygli á því sem betur mætti fara. Eins og heitið gefur til kynna er áhersla á að skoðunin fari fram á jafningjagrundvelli ríkja. Ríkin beina tilmælum hvert til annars en umfjöllunarefnið hverju sinni er ástand mannréttindamála í því ríki sem situr fyrir svörum, ekki þeirra ríkja sem leggja fram tillögur.

Fyrirspurnir og tillögur annarra ríkja, sem settar voru fram í fyrirtöku Íslands, hafa verið aðgengilegar á vefsíðu mannréttindaráðsins um nokkurt skeið, auk þess sem gerð var grein fyrir þeim á vef innanríkisráðuneytisins og á opnum fundi í Hörpu þann 9. desember sl. Lokaskýrsla fyrirtektarinnar var tekin til samþykktar á fundi mannréttindaráðsins 15. mars sl.

Íslensk stjórnvöld fengu fjölmargar jákvæðar athugasemdir í UPR-ferlinu og er litið til Íslands sem fyrirmyndar á sumum sviðum. Fulltrúar í mannréttindaráðinu veittu meðal annars athygli aðgerðum íslenskra stjórnvalda til að vinna að jafnrétti kynjanna, aðgerðum gegn mansali og vændi, bættri löggjöf um hælisleitendur, auk þess sem Barnahúsinu var hrósað sérstaklega og stjórnvöld hvött til þess að vinna að útbreiðslu þess á alþjóðavettvangi svo eitthvað sé nefnt.

Eftir skoðun sérfræðinga stjórnsýslunnar samþykktu íslensk stjórnvöld ríflega 67 af þeim 84 athugasemdum sem settar voru fram eða lýstu því yfir að þær væru þegar komnar til framkvæmda. Um 12 athugasemdir verða teknar til skoðunar og kannað hvort ástæða sé til að verða við þeim.

Flestar athugasemdanna lutu að áhyggjum af stöðu útlendinga, kynbundnu ofbeldi og meðferð kynferðisbrota og heimilisofbeldismála, kynferðislegu ofbeldi gegn börnum, jafnrétti kynjanna og fangelsismálum. Einnig voru íslensk stjórnvöld hvött til að koma á laggirnar innlendri mannréttindastofnun í samræmi við alþjóðleg viðmið og undirgangast ýmsar mannréttindaskuldbindingar.

### Verk að vinna

Það er okkar mat að Íslendingar hafi verk að vinna í mannréttindamálum, bæði heima og heiman. Í því skyni þarf að efla framlag Íslands á því sviði. Ábendingar erlendis frá tökum við alvarlega, útskýrum okkar málstað ef með þarf og færum hlutina til betri vegar eftir því sem við á. Ísland á í engu að vera eftirbátur annarra þjóða í mannréttindamálum.

## AF NETINU

### Framtíð á Íslandi?

Ég kvaddi fyrir stuttu gamla vini. Þau voru að selja allt sitt hafurtask og flytja af landi brott. Stefna ekki að því að koma aftur heim. Staðan á Íslandi barst í tal. Fleiri viðstaddir sögðu að þeir væru að íhuga að fara. Allt barnafólk með góða menntun og í ágætis vinnu. Allir að basla við að halda í húsnæðið, reka bílinn og borga tómstundir fyrir börnin sín. Húsnæðislánakerfið væri allt í rugli, verðtryggðu lánin hækka bara og hækka, launin duga varla til að standa undir lágmarksframfærslu og afborgunum, og áherslan virðist vera á að refsa fólki fyrir að standa í skilum, – hvað þá að eiga börn. Samanburður við vini þeirra erlendis þegar kæmi að launum og lánum væri sláandi.

http://blog.eyjan.is
**Eygló Harðardóttir**

### Auðvelt að útvega vinnu

Mér heyrist vanta störf. Reglulega er fárast yfir, að fólk fái ekki vinnu, einkum ungt fólk með takmarkaða menntun. Á sama tíma eiga margir erfitt með að skilja, hvernig ódýrast er að leysa þennan vanda. Tala af fyrirlitningu um ferðaþjónustu. Er samt ódýrasta leiðin til að búa til atvinnutækifæri. Alger andstæða stóriðjunnar, sem er dýrasta leiðin til að búa til atvinnu. Ferðaþjónusta er orðin stærsta atvinnugreinin og með mesta vinnsluvirðið. Hún magnast um tugi prósenta á hverju ári. Til að tryggja framtíð hennar þarf að búa svo um hnúta, að ekki verði bakslag, heldur samfelld aukning.

http://jonas.is/
**Jónas Kristjánsson**




# Fjárhagsleg endurskipulagning fyrirtækja langt komin!

Fjármál

Steingrímur J. Sigfússon
efnahags- og viðskiptaráðherra






Ný skýrsla Samkeppniseftirlitsins er fróðleg samantekt um fyrirtækjaumhverfið á Íslandi. Hún staðfestir sem betur fer að umtalsverð breyting til batnaðar hefur orðið nú síðustu misserin við endurskipulagningu 120 stærstu fyrirtækjanna á Íslandi. Þannig voru bankarnir með ráðandi stöðu í 27% af þessum fyrirtækjum nú í ársbyrjun 2012 samanborið við 68% árið 2009 og 46% í upphafi árs 2011. Mikið hefur því gerst á tiltölulega stuttum tíma og það er gleðilegt. Enn er þó vitaskuld talsvert óunnið í þessum efnum. Með sama áframhaldi ætti þetta hlutfall þó að verða komið enn neðar í lok ársins og við að nálgast hreint borð. Bein ítök bankanna minnka þá enn frekar án þess að með því sé sagt að lánardrottnar þeirra eigi ekki áfram að veita þeim aðhald.

Þótt jákvætt sé að ítök bankanna séu að minnka bendir Samkeppniseftirlitið réttilega á að skuldsetning fyrirtækjanna sé að meðaltali enn há í alþjóðlegum samanburði. Skuldamargfaldarar eru þó nokkuð mismunandi eftir atvinnugreinum eins og gengur. Of mikil skuldsetning getur dregið kraftinn úr fyrirtækjunum og gert þau viðkvæmari fyrir áföllum. Það er því mikilvægt fyrir bankana að útskrifa ekki fyrirtækin eftir endurskipulagningu óhóflega skuldsett. Slíkt gæti reynst skammgóður vermir, skaðað bankana sjálfa til lengdar og orðið dragbítur á hagvöxt.

### Lykilfyrirtæki standa mörg sterkt

Sem betur fer eru mörg burðarfyrirtæki í mikilvægum atvinnugreinum að ná vopnum sínum og að komast í þá stöðu að geta fjárfest og vaxið. Því fylgir að þau þessara fyrirtækja sem á því þurfa að halda geta betur fjármagnað sig hjá erlendum bönkum. Slíkt er nauðsynlegt fyrir stór útflutnings- og framleiðslufyrirtæki með alþjóðlega starfsemi. Mörg þekkingar- og sprotafyrirtæki eru á mikilli siglingu og hafa nýtt sér vel lágt gengi krónunnar og meira olnbogarými en á árunum fyrir hrun. Ljóst er að fjárhagsstaða margra stærstu og almennt vel rekinna sjávarútvegsfyrirtækja hefur batnað til mikilla muna síðustu þrjú árin. Hvað mestur er þó krafturinn í ferðaþjónustutengdum greinum nú um stundir. Fjölmörg önnur mikilvæg fyrirtæki í verslun, þjónustu og iðnaði hafa einnig farið í gegnum endurskipulagningu og eru að komast í rekstrarhæft form á nýjan leik. Almennt miðar því í rétta átt í þessum efnum og aukinn skriðþungi hefur komist á fjárhagslega endurskipulagningu atvinnulífsins sl. ár. Mjög fróðlegt væri að fá greiningu af svipuðum toga frá Samkeppniseftirlitinu hvað snertir skuldaúrvinnslu lítilla og meðalstórra fyrirtækja og árangrinum af „beinu brautinni“ svokölluðu. Ekki svo að skilja að standi á Samkeppniseftirlitinu í þeim efnum ef fjármunir væru til staðar.

> Þótt jákvætt sé að ítök bankanna séu að minnka bendir Samkeppniseftirlitið réttilega á að skuldsetning fyrirtækjanna sé að meðaltali enn há í alþjóðlegum samanburði. Skuldamargfaldarar eru þó nokkuð mismunandi eftir atvinnugreinum eins og gengur.

### Litlar breytingar á skipulagi markaða áhyggjuefni

Innan við 10% af 120 stærstu fyrirtækjunum hafa farið í gegnum gjaldþrot eða nauðasamninga samkvæmt skýrslu Samkeppniseftirlitsins. Jafnframt kemur fram að einungis eitt fyrirtæki af þessum 120 er ekki lengur til sem slíkt í dag. Það er athyglisverð staðreynd í ljósi hrunsins 2008 og þess hversu skelfilega laskaður fjárhagur velflestra fyrirtækjanna þá var. Áhersla bankanna hefur því augljóslega verið á að endurskipuleggja fjárhagslega þau fyrirtæki sem lentu í kröggum frekar en að setja þau í þrot. Á þessu geta verið ýmsar hliðar sé horft til samkeppnissjónarmiða, en enginn vafi er á því í huga undirritaðs að með þessu hafa bjargast mikil verðmæti og ófá störf.

Í ljósi þess að íslenskt viðskiptalíf hefur lengi einkennst af fákeppni á mörgum sviðum er þó ástæða til að slá ýmsa varnagla. Auðvitað skýrist það meðal annars af fámenninu, landfræðilegum aðstæðum o.fl. en breytir ekki um eðli við það. Tengsl stórfyrirtækja, sérhagsmunahópa og stjórnmála hafa auk þess verið of mikil á síðustu árum og áratugum og hollt að minnast þess hvert slíkt getur leitt, sbr. skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis. Í því ljósi m.a. hefur það ýmsa kosti að erlend fyrirtæki hasli sér frekari völl hér á landi til að efla samkeppni og slá á kunningja- og hagsmunatengslin. Þetta sjáum við tekið að gerast eins og dæmin um Bauhaus, Bygma, MP banka og EasyJet sanna. Í sama anda gæti það verið áhugavert ef t.d. einn af stóru bönkunum kæmist í eignatengsl við traust erlent fjármálafyrirtæki á næstunni. Að öllu samanlögðu má því segja að ferskari vindar séu teknir að blása um efnahagslífið.

# Eyðing stúlkubarna í Kína

Samfélagsmál

Jóhann Ág. Sigurðsson
prófessor í heimilislækningum við HÍ



Linn Getz
trúnaðarlæknir Landspítalans og prófessor í samfélagslæknisfræði við Háskólann í Þrándheimi



Fjölskyldur í Austur-Asíu, einkum Kína og Indlandi, vilja gjarnan eignast syni. Þar er sonur talinn vera æskilegri kostur en dóttir til að viðhalda nafni ættarinnar, tryggja afkomu og umönnun fjölskyldunnar og foreldra í ellinni. Í kjölfar pólitískra ákvarðana kínverskra yfirvalda árið 1978 um það að hver fjölskylda mætti bara eignast eitt barn, fór strax að bera á breyttu kynjahlutfall drengja og stúlkna. Við eðlilegan gang náttúrunnar á þetta hlutfall að vera um 103 til 107 fæddir drengir á móti 100 fæddum stúlkum. Þetta hlutfall hefur nú brenglast verulega í Kína og Indlandi síðustu tvo áratugina og fer nú að nálgast 120 fæddir drengir á móti 100 fæddum stúlkum (15-20% munur).

Í fyrstu faraldsfræðilegu rannsóknum um þessi mál var talað um týndu stúlkubörnin eða „the missing girls“ og leitað skýringa á þróuninni. Nú er talið víst að hátæknin, einkum ómskoðun snemma í meðgöngu sé markvisst notuð til að greina kyn fóstursins og síðan tekin ákvörðun um fóstureyðingu í kjölfar kyngreiningar. Á ensku er þessi kynjahreinsun nefnd „female infanticide“, eða „sexicide“.

Í umfangsmikilli rannsókn sem birtist í hinu virta vísindatímariti BMJ árið 2009 (Zhu WX, Lu L, Hesketh T BMJ 2009) drógu höfundar þá ályktun að í Kína árið 2005 hefði fjöldi karla undir tvítugu verið 32 milljónir umfram fjölda kvenna og að ástandið ætti eftir að versna. Svipuð þróun á sér stað í Indlandi.

Þessi gífurlegi fjöldi ungra karla umfram konur hefur síðan leitt til alvarlegra félagslegra vandamála. Karlar eiga erfitt með að finna sér maka og konur eru gerðar að söluvöru. Sumar þeirra eru meira að segja óskráðar í manntali. Annarri tengdri glæpastarfsemi vex auk þess fiskur um hrygg.

Stjórnmálamenn, heilbrigðisstéttir og tækniiðnaðurinn um allan heim taka þátt í þessum kynjahreinsunum. Árið 2007 birtum við ásamt Anna Luise Kirkengen, prófessor í Ósló, leiðara í Læknablaðinu með fyrirsögninni „Þáttur heilbrigðisstétta í eyðingu stúlkubarna“ (2007;93:506-7). Við vöktum athygli á þessari þróun og bentum á að við erum öll samábyrg. Þar skoruðum við á læknastétt, heilbrigðisyfirvöld og aðra forystumenn íslensku þjóðarinnar að stíga varlega til jarðar í samvinnu við Kína og Indland á sviði fósturgreininga. Jafnframt ber forystumönnum velferðarmála að nota öll tækifæri til að vekja athygli á þeim vanda sem fylgir kynjahreinsun með eyðingu stúlkubarna. Í tilefni af komu kínverskra yfirvalda hingað til lands er þessi áskorun hér með endurtekin.

# Sittu!

Fjármál

Kristján Helgason
avatarmeistari og áhugamaður um bætta samfélagsþætti



Verðtryggingin er eins og hundur sem eltist við skottið á sér, hraðar og hraðar, án nokkurs árangurs. Í stað þess að stuðla að réttlátri endurgreiðslu skulda, þá er hún hrein og klár eignatilfærsla frá lántaka til lánveitanda. Þetta er dæmi sem gengur ekki upp. Samkomulag sem tekur aðeins tillit til þarfa annars aðilans er dæmt til að mistakast.

Mikið hefur verið rætt um 20% niðurfellingu skulda, en hún leysir ekki vandann. Ekki er heldur sátt um afnám verðtryggingar. Viljum við hverfa aftur til þess tíma þegar það borgaði sig að skulda sem mest og láta verðbólguna vinna fyrir sig? Ég segi nei. Einfaldasta leiðin er að breyta útreikningi verðtryggingarinnar, þetta eru jú bara reiknireglur, samkomulag um hvernig við viljum haga hlutunum.

Ég er einn af þeim sem tók á mig skell þegar bankakerfið hrundi, það svíður undan 20% hækkun fasteignalána á einu ári af tveimur eignum, en ég hef breitt bak. Við ákváðum að standa þetta af okkur saman sem þjóð. Vissulega væri gaman að sjá lánin lækka á einu bretti um 20%, en það er skammgóður vermir. Vandamálið verður áfram til staðar. Með óbreyttri verðtryggingu halda skuldirnar áfram að hækka þó ég standi í skilum upp á punkt og prik. Og það sem verra er, afborganir húsnæðislána munu á næstu árum taka stöðugt hærri toll af mánaðarlaunum mínum uns ekkert er eftir.

Ný verðtrygging er mesta hagsmunamál okkar kynslóðar, samanborið við lánakjör eru launakjör þvílíkt aukaatriði. Það er kominn tími á nýtt samkomulag, nýja þjóðarsátt. Breytum útreikningi verðtryggingar þannig að allir geti unað sáttir. Tökum stjórn á hundinum okkar í stað þess að láta hann stjórna okkur. Segjum honum að sitja, hann er hvort sem er orðinn þreyttur á þessari hringavitleysu. Sittu!



# TOPPBÍLAR

# TILBOÐSDAGAR

Innborgun: 178.000 kr.
Afb. í 24 mán: 34.000 kr.*



VW Touran Basicline. Árg. 2004
Ekinn: 151.000 km, bensín, sjálfskiptur.
Verð: 1.090.000 kr. **TILBOÐ: 890.000 kr.**
Rnr.: 334407.

Innborgun: 158.000 kr.
Afb. í 36 mán: 21.000 kr.*



VW Caddy 2.0. Árg. 2005
Ekinn: 188.000 km, dísil, 5 gíra.
Verð: 990.000 kr. **TILBOÐ: 790.000 kr.**
Rnr.: 333492.

Innborgun: 358.000 kr.
Afb. í 48 mán: 37.000 kr.*



TOYOTA Corolla Verso 1,8 vvti. Árg. 2006
Ekinn: 95.000 km, bensín, sjálfskiptur.
Verð: 1.990.000 kr. **TILBOÐ: 1.790.000 kr.**
Rnr.: 334468.

Innborgun: 998.000 kr.
Afb. í 36 mán: 86.000 kr.*



PORSCHE Cayenne Turbo. Árg. 2005
Ekinn: 75.000 km, bensín, sjálfskiptur.
Verð: 5.990.000 kr. **TILBOÐ: 4.990.000 kr.**
Rnr.: 285397.

Innborgun: 478.000 kr.
Afb. í 60 mán: 41.000 kr.*



TOYOTA Rav4 GX. Árg. 2007
Ekinn: 59.000 km, bensín, sjálfskiptur.
Verð: 2.790.000 kr. **TILBOÐ: 2.390.000 kr.**
Rnr.: 285376.

Innborgun: 238.000 kr.
Afb. í 24 mán: 45.000 kr.*



TOYOTA Rav4 4wd. Árg. 2004
Ekinn: 107.000 km, bensín, sjálfskiptur.
Verð: 1.490.000 kr. **TILBOÐ: 1.190.000 kr.**
Rnr.: 334533.

Innborgun: 358.000 kr.
Afb. í 48 mán: 36.700 kr.*



HONDA Accord Sedan 2,4 exe. Árg. 2006
Ekinn: 85.000 km, bensín, sjálfskiptur.
Verð: 2.990.000 kr. **TILBOÐ: 1.790.000 kr.**
Rnr.: 285265.

Innborgun: 698.000 kr.
Afb. í 24 mán: 130.000 kr.*



TOYOTA Land Cruiser 120 VX 33". Árg. 2004
Ekinn: 150.000 km, bensín, sjálfskiptur.
Verð: 3.990.000 kr. **TILBOÐ: 3.490.000 kr.**
Rnr.: 285389.

Innborgun: 738.000 kr.
Afb. í 36 mán: 97.000 kr.*



TOYOTA Land Cruiser 120 GX. Árg. 2006
Ekinn: 180.000 km, dísil, sjálfskiptur.
Verð 4.290.000 kr. **TILBOÐ: 3.690.000 kr.**
Rnr.: 285298.

Innborgun: 538.000 kr.
Afb. í 48 mán: 56.000 kr.*



TOYOTA Hilux Double Cab. Árg. 2007
Ekinn: 157.000 km, dísil, sjálfskiptur.
Verð: 3.290.000 kr. **TILBOÐ: 2.690.000 kr.**
Rnr.: 285258.

Innborgun: 178.000 kr.
Afb. í 24 mán: 34.000 kr.*



TOYOTA Corolla 1,6 vvti WG. Árg. 2003
Ekinn: 153.000 km, bensín, sjálfskiptur.
Verð: 1.090.000 kr. **TILBOÐ: 890.000 kr.**
Rnr.: 334422.

Innborgun: 298.000 kr.
Afb. í 72 mán: 22.300 kr.*



CHEVROLET Aveo ls. Árg.2010
Ekinn: 26.000 km, bensín, sjálfskiptur
Verð: 1.890.000 kr. **TILBOÐ: 1.490.000 kr.**
Rnr.: 334535.

Innborgun: 338.000 kr.
Afb. í 36 mán: 32.000 kr.*



TOYOTA Corolla 1,6 vvti Sport. Árg. 2005
Ekinn: 120.000 km, bensín, 5 gírar.
Verð: 1.490.000 kr. **TILBOÐ: kr. 1.190.000 kr.**
Rnr.: 285209.

Innborgun: 270.000 kr.
Afb. í 36 mán: 24.000 kr.*



TOYOTA Corolla Sol. Árg. 2005
Ekinn: 127.000 km, bensín, sjálfskiptur
Verð: 1.590.000 kr. **TILBOÐ: 1.350.000 kr.**
Rnr.: 285227.

Innborgun: 358.000 kr.
Afb. í 60 mán: 31.000 kr.*



SUZUKI Grand Vitara. Árg. 2007
Ekinn: 104.000 km, bensín, 5 gírar.
Verð: 1.190.000 kr. **TILBOÐ: 1.790.000 kr.**
Rnr.: 285267.

Innborgun: 358.000 kr.
Afb. í 60 mán: 31.000 kr.*



SUBARU Forester. Árg. 2007
Ekinn: 93.000 km, bensín, sjálfskiptur.
Verð: 2.390.000 kr. **TILBOÐ: 1.790.000 kr.**
Rnr.: 285403.



INFINITI Qx56 4x4. Árg. 2005
Ekinn: 85.000 km, bensín, sjálfskiptur.
Verð: 4.490.000 kr. **TILBOÐ: 3.390.000 kr.**
Rnr.: 285184.



TOYOTA Land Cruiser 90 LX 35". Árg.1999
Ekinn 208.000 km, dísel, 5 gírar
Verð 1.490.000 kr. **TILBOÐ 1.190.000 kr.**
Rnr.: 285312.



Tobías Sveinbjörnsson
Beinn sími: 587 2050



Agnar Þórisson
Beinn sími: 587 2054



Hafsteinn Vilbergsson
Beinn sími: 587 2051

ergo

Reiknaðu með okkur

*Gullvildarkjör Ergo á bílasamningi, óverðtryggðir 8,8% breytilegir vextir.

**Afgreiðslutími: Virka daga: 10.00 - 18.00 / Laugardaga: 12.00 -16.00**

**TOPPBÍLAR** Kletthálsi 2 / 110 Reykjavík / Sími: 587 2000 / www.toppbilar.is

# Verð á íslenskum rafbókum

Menning

Hrafnhildur Hreinsdóttir
upplýsingafræðingur og bókaormur



Rafbækur hafa verið að ryðja sér til rúms undanfarin ár og þær munu einnig koma í auknum mæli inn á íslenskan bókamarkað. Á því leikur enginn vafi. Nú má velta því fyrir sér frá mörgum sjónarhornum hvað sé eðlilegt að greiða fyrir rafbók og hvernig verðmyndun á sér stað.

Fullyrða má að kostnaður við útgáfu rafbóka sé almennt minni en prentaðra bóka þar sem ekki þarf að prenta eitt einasta eintak. Prentkostnaður við meðalskáldsögu er líklega í kringum þúsund krónur miðað við 3-4 þúsund eintaka upplag. Að auki sparast lagerpláss, dreifingarkostnaður og kostnaður við óseld eintök. Svo má nefna að ekkert tré er fellt og breytt í pappír með öllum þeim kostnaði og mengun sem því fylgir. Ég tel því klárlega að verð á rafbókum eigi og muni verða ódýrara en á prentuðum bókum. Það er hins vegar ósennilegt að þær verði á sambærilegu verði og rafbækur á ensku á erlendum vefverslunum, enda er markaðurinn fyrir íslenskar bækur allt annar.

Í hverju felst kostnaðurinn? Það þarf eftir sem áður að ritstýra, brjóta um, hanna útlit, prófarkalesa, markaðssetja og selja. Auglýsinga- og kynningarkostnaður er líklega sá sami og fyrir venjulegar bækur. Þá eru ótalin ritlaun og það sem útgefandi og söluaðili fá í sinn skerf og svo tekur ríkið sitt í formi virðisaukaskatts. Að auki þarf að passa upp á það að rafrænum bókunum sé ekki stolið af netinu og því fylgir kostnaður að búa þær svo úr garði að það gangi eftir. Svo má aftur deila um hvort öll sú fyrirhöfn skili tilætlunum árangri. Það eru rökin sem heyrast fyrir háu verði rafbóka. Það er líka sennilegt að rafbækur sem gefnar eru út af sjálfstæðum útgefendum eða höfundum verði á öðru verðbili en bækur forlaganna sem þær eru unnar í gegnum færri eða enga milliliði.

Ég hef töluvert velt því fyrir mér og rætt við aðra hvað sé eðlilegt og réttlátt að greiða fyrir íslenska rafbók. Eftir töluverða íhugun er ég tilbúin til að greiða allt að tvöfalda þá upphæð sem ég borga erlendis (sem er að jafnaði 8-10 dollarar) eða íslenskt kiljuverð. Ástæðan fyrir því að ég er tilbúin til að greiða tvisvar sinnum kostnaðinn við erlendar bækur er löngun mín til lesa á móðurmálinu. Ég get samt ekki talað fyrir aðra.

Síðan ég eignaðist kindilinn minn og svo spjaldtölvuna þá hef ég mest lesið á erlendum tungumálum, og jafnframt aldrei keypt eins mikið af bókum. Ég vil helst lesa á íslensku og kaupa íslenskar rafbækur en mér finnst þær of dýrar hjá Forlaginu – önnur forlög eins og Emma.is eru ódýrari. Ég verð að viðurkenna að það fauk í mig um daginn þegar ég sá að ný innbundin bók var á tilboði ódýrari en rafræn á netinu og fannst mér misboðið sem viðskiptavini. Þá geri ég líka kröfu um það að geta fengið rafbók fljótt og með lítilli fyrirhöfn hvort heldur ég kýs að lesa hana á kindlinum mínum, spjaldtölvunni, eða á símanum en láta ekki útgefendur stýra því á hvaða tæki ég les.

Helsta áskorunin framundan er að búa til íslenskar rafbækur. Ég áætla gróflega að fjöldi rafbóka á íslensku sé á bilinu 200-250 sem bliknar í samanburði við framboð á öðrum tungumálum. Ég á mér þá ósk að útgefendur og rithöfundar taki stærri skref í átt að rafbókaútgáfu og endurskoði verðlagningu rafbóka með það í huga að lesendur eru upp til hópa heiðarlegt fólk sem vill kaupa rafbækur til aflestrar á eðlilegu verði. Kannski er runninn upp sá tími að hægt sé að breyta bókamarkaðnum og dreifa bóksölu yfir lengri tíma en jólabókavertíðin býður upp á, með því að gefa út rafbækur allan ársins hring. Ég myndi altént vera hæstánægð að hafa aðgang að nýjum bókum yfir allt árið en ég er nú líka óttalegur bókaormur. Kannski verður líka einhvern tíma að veruleika sá möguleiki að fá lánaða íslenska rafbók á bókasafninu en það er önnur saga.

> Í hverju felst kostnaðurinn? Það þarf eftir sem áður að ritstýra, brjóta um, hanna útlit, prófarkalesa, markaðssetja og selja.

# Framhald stjórnarskrármálsins II

Ný stjórnarskrá

Þorkell Helgason
sat í stjórnlagaráði



Í fyrri pistli hef ég fjallað um hvernig þoka mætti stjórnarskrármálinu áfram með því að kalla saman þjóðfund til að tjá sig með afgerandi hætti um álitamálin.

Hér verður þráðurinn tekinn upp þar sem þessum þjóðfundi er lokið.

**Úrvinnsla**

Að fengnu áliti þjóðarinnar með einum eða öðrum hætti, verður Alþingi, og einkum stjórnsýslu- og eftirlitsnefnd þess, að bretta upp ermarnar og ganga frá frumvarpi að nýrri stjórnarskrá byggðu á tillögum stjórnlagaráðs en að teknu tilliti til þeirra valkosta sem þjóðin – eða staðgenglar hennar – hafa ótvírætt valið. Tímin er naumur, ekki síst í ljósi þess að á síðasta misseri fyrir þingkosningar vill hugur þingmanna snúast um margt annað en uppbyggilega málavinnu.

Í ljósi upphaflegra áforma um að stjórnlagaþing starfaði í hrinum með samráði við Alþingi á milli, tel ég viturlegt að stjórnlagaráð vinni með þingnefndinni að lokafrágangi stjórnarskrárfrumvarpsins. Þetta er ekki sagt af vanvirðu við þingið, heldur af umhyggju fyrir málefninu. Það yrði að sjálfsögðu þingnefndin sem bæri lokaábyrgð á frumvarpinu og legði það fram fyrir þingheim allan, sem síðan fer einn með málið.

**Staðfesting þjóðarinnar**

Í frumvarpi stjórnlagaráðs er gert ráð fyrir því að framvegis verði stjórnarskrárbreytingar að hljóta staðfestingu þjóðarinnar. Sama hafa fyrri stjórnlaganefndir lagt til. Flestir, ef ekki allir, vilja að eins verði farið með stjórnarskrárumbætur nú, að þær hljóti bindandi staðfestingu kjósenda.

Ákvæðin í gildandi stjórnarskrá eru þannig að fyrst samþykkir Alþingi tillögu um hina nýju stjórnarskrá. Þá skal þing rofið og efnt til kosninga. Fyrsta mál nýs þings er síðan að staðfesta hina fyrri samþykkt – nú eða hafna stjórnarskránni sé sá gállinn á þinginu.

En hvernig má láta þjóðina fá völdin nú? Fyrirmynd má sækja í lýðveldisstjórnarskrána 1944. Hún fór í þjóðaratkvæði, enda var svo fyrir mælt í fyrri stjórnarskrárbreytingu. Aðstæður eru því ekki eins. Engu að síður mætti nýta sömu hugsun og bæta við skilyrði í viðkomandi ákvæði í frumvarp stjórnlagaráðs. Viðbótin, sem hér er feitletruð, er sótt nær orðrétt í lýðveldisstjórnarskrána:

- Stjórnarskipunarlög þessi öðlast gildi **þegar Alþingi hefur samþykkt þau í samræmi við ákvæði stjórnarskipunarlaga nr. 33 frá 17. júní 1944 með áorðnum breytingum enda hafi meiri hluti allra kosningabærra manna í landinu með leynilegri atkvæðagreiðslu samþykkt ályktun Alþingis þar að lútandi.**

Sú þjóðaratkvæðagreiðsla sem hér um ræðir gæti farið fram strax eftir að þingið hefur samþykkt það í fyrra sinnið, enda má engu breyta eftir það.

Þrátt fyrir efasemdir um að blanda megi saman kosningum tel ég hafa mætti slíka þjóðaratkvæðagreiðslu samhliða þingkosningunum vorið 2013. Við það vinnst margt:

- Trygging fyrir góðri þátttöku í þjóðaratkvæðagreiðslunni sjálfri.
- Kjósendur geta valið flokka og frambjóðendur til þings óháð afstöðu til stjórnarskrárbreytingarinnar.
- Minni tilkostnaður þar sem tvennum kosningum er slegið saman.

Stjórnarskrármálið má ekki daga uppi einu sinni enn

Stjórnarskrá er í senn sáttmáli þjóðar við sjálfa sig en um leið erindisbréf hennar til stjórnvalda, þar með til Alþingis, um réttar lýðræðislegar leikreglur. Stjórnarskrá á því að vera sprottin frá þjóðinni.

Hér hefur verið reifað ferli þess að þjóðin eignist vandaða stjórnarskrá í sátt við sem flesta. Stiklað hefur verið á stóru en nánar má lesa um málið á vefsíðu höfundar; sjá thorkellhelgason.is.

# Aðför að eftirliti

Fjármálaeftirlitið

Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir
lektor í opinberri stjórnsýslu við HÍ



Fjármálaeftirlitið (FME) er sjálfstæð eftirlitsstofnun sem hefur það hlutverk að gæta hagsmuna almennings gagnvart aðilum á markaði. Því er ætlað að tryggja heilbrigða viðskiptahætti, traust á fjármálamörkuðum og almannahag með því að fylgja eftir reglum sem gilda um starfsemi fjármálastofnana. Það er kunnara en frá þurfi að segja að aðilar á markaði reyna með ýmsu móti að fara í kringum slíkar reglur. En þessir aðilar beita líka ýmsum ráðum til að draga úr áhrifum eftirlitsins.

Það er gert með því að: a) veikja getu eftirlitsins til að sinna skyldum sínum, t.d. með því að bjóða starfsfólki eftirlitsins hærri laun á markaði, b) hafa eftirlitið á valdi sínu með því að mynda náin samstarfstengsl við starfsmenn og yfirmenn eftirlitsins, eða c) grafa undan trúverðugleika eftirlitsins með því að gera aðför að trúverðugleika yfirmannsins. Fyrir hrunið 2008 var FME á valdi þeirra sem það átti að hafa eftirlit með og brást þannig trausti almennings með ómældum skaða fyrir efnahag landsins. Almenningur þekkti ekki hættumerkin og svo fór sem fór.

**Á aðferðunum skulum við þekkja það – því á ávöxtunum er það of seint**

Eftir hrun hófst fljótlega aðför að trúverðugleika hins nýja forstjóra FME. Aðförin heppnaðist að lokum með aðstoð nýrrar stjórnar FME. Þetta gerðist í kjölfar kvartana frá aðilum á fjármálamarkaði sem höfðu brugðist trausti almennings í aðdraganda hrunsins og eru nú til rannsóknar. Almenningur var ekki að kvarta undan frammistöðu FME. En stjórn FME ákvað að láta þessa atrennu að trúverðugleika forstjórans takast og studdist þar m.a. við þriðju skýrsluna sem gerð var um hæfi forstjórans á rúmu ári. Þótt sú skýrsla hafi gefið stjórn FME mörg tækifæri til að standa með sínum manni, þá gaf skýrslan stjórninni líka möguleika á að hinu gagnstæða, en þó með fyrirvörum sem stjórnin kaus að líta framhjá.

Stjórnin kaus að láta trúverðugleika gagnvart fjármálafyrirtækjum hafa forgang. Stjórnin vill jú standa vörð um trúverðugleika FME „í ásýnd og reynd“. En það gerir stjórnin án þess að gera greinarmun á því að trúverðugleiki gagnvart aðilum á markaði er eitt, en trúverðugleiki gagnvart almenningi er annað. Þær aðferðir og sú hegðun eftirlitsins sem þarf til að byggja upp traust og viðhalda trúverðugleika gagnvart þessum ólíku aðilum eru ósamrýmanlegar. Hér eru hættumerkin.

> Stjórnmálamenn hafa til þessa komið sér hjá því að koma á skipulögðu ráðningar- og frammistöðumatskerfi fyrir æðstu embættismenn og forstöðumenn ríkisins.

Ef stjórnin lítur svo á að mikilvægt sé að „vinna traust“, og „vinna náið með“ aðilum á markaði, þá fylgja því áhættur. Þetta á stjórnin að vita. Ef hún aðhyllist þessa nálgun við eftirlit vegna þess að hún veit ekki betur, þá er það barnaskapur. Það er aðfinnsluvert. Ef stjórnin hins vegar aðhyllist þessa nálgun vitandi um áhættuna, þá er það glannaskapur. Það er ámælisvert. Fyrir hrun notaði Landsbankinn viðtal við þáverandi formann stjórnar FME til að auglýsa sinn eigin trúverðugleika þegar bankinn markaðssetti Icesave í Hollandi. Þetta gerðist að því er virðist án þess að formanninum væri gert ljóst í hvaða samhengi nota ætti viðtalið.

FME er dæmi um opinbera stofnun þar sem afsláttur er gefinn á kröfum lýðræðisins í þágu frelsis markaðarins. Það er gert undir þeim formerkjum að draga úr hættunni á pólitísku inngripi, því það veit á spillingu. Stjórn FME er skipuð af efnahags- og viðskiptaráðherra. Stjórnin getur ráðið og rekið forstjóra án þess að lýðræðislega kjörinn fulltrúi almennings, ráðherrann, komi þar nærri. Stjórnin er ígildi ráðherravalds, en ber enga pólitíska ábyrgð gagnvart almenningi og getur því farið sínu fram.

Núverandi stjórn hafði ekkert ráðningarsamband við forstjórann sem hún rak og getur því bent á „ráðningarmistök“ fyrri stjórnar og snúið sér að ráðningu nýs forstjóra. Formaðurinn virðist ekki þekkja reglur og starfsumhverfi opinberrar stjórnsýslu, en á samt að gæta almannahagsmuna í einni af lykilstofnunum íslenska fjármálakerfisins. Framganga formannsins gagnvart þessum forstöðumanni ríkisins í aðdraganda að uppsögn einkenndist af viðvaningshætti fremur en fagmennsku. Stjórnin braut lög í atganginum, en naut samt stuðnings efnahags- og viðskiptaráðuneytisins aðeins nokkrum klukkustundum eftir ábendingu fjármálaráðuneytisins um að lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna hafa gilt um þetta embætti síðan 1998. Hér berast böndin að stjórnvöldum og þeim kerfisvanda sem ríkir í opinberri stjórnsýslu á Íslandi.

**Ábyrgð stjórnvalda**

Stjórnvöld hafa brugðist almenningi. Ekki bara núverandi stjórnvöld, heldur stjórnvöld allra tíma í sögu lýðveldisins. Stjórnmálamenn hafa til þessa komið sér hjá því að koma á skipulögðu ráðningar- og frammistöðumatskerfi fyrir æðstu embættismenn og forstöðumenn ríkisins. Fyrir vikið er auðvelt að vega að trúverðugleika fólks sem er valið til þess að veita sameiginlegum málefnum samfélagsins forstöðu og veikja þar með þær stofnanir stjórnsýslunnar sem þeim er trúað fyrir. Þegar stofnanir samfélagsins standa berskjaldaðar frammi fyrir hagsmunaöflum markaðarins eru þeim sínar eigin leiðir að eyrum ráðherra, þá hallar á almannahag.





## EITT EPLI Á DAG

Epli er dýrmætt heilsumeðal og efst á lista yfir fæðutegundir sem innihalda fjölbreytt næringarefni en þau losa líkamann við eiturefni. Epli innihalda C-vítamín og andoxunarefni sem draga úr fitu og kólesteróli.



Eirberg
Verð: 9.750 kr.
H2O heilsukoddinn
Mediflow
• Minnkar verki í hálsi og eykur svefngæði • Fylltur með vatni eftir þörfum hvers og eins
Opið kl. 9 -18 • laugardaga kl. 11 -16 • Stórhöfða 25 • 569 3100 • eirberg.is

STÓRGÓÐUR

teg 3911 - frábær og haldgóður í D,DD,E,F,FF,G,GG skálum á kr. 7.850,-
Misty - fyrir allar konur
Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Þú mætir - við mælum og aðstoðum
www.misty.is
Opið frá 10-18 virka daga.
10-14 laugardaga
Vertu vinur

praxis
...þegar þú vilt þægindi

Boston
leður
svart, hvítt st. 35-48
rautt st. 36-42
blátt st. 36-47
Roma
Rúskinn
lj.blátt d.blátt
36-42
Monako
leður
svart, hvítt
rúskinn og
microfib.
st. 36-46
Paris
leður
svart, hvítt,
blátt
m/microfibog
rúskinnssóla
st. 36-42
Verona
svart, hvítt
st. 36-41
Bari
leður
rautt, sand, blátt
st. 36-42
Boníto ehf. • Praxis
Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2878• www.friendtex.is • soo.dk
Opið mán. – fös. kl. 11–17.


# HLEYPUR UM ALLAN HEIM

**MEÐ ALLT Í FERÐATÖSKUNNI** *Herdís Hallmarsdóttir, hæstaréttarlögmaður í slitastjórn Landsbankans, ætlar að taka þátt í sínu fyrsta heila maraþoni í Berlín í september.*

Hæstaréttarlögmaðurinn Herdís Hallmarsdóttir byrjaði að stunda hlaup árið 2008 en til að byrja með var það ekki af mikilli alvöru. „Vinkona mín sagði að ég gæti hlaupið tíu kílómetra í Reykjavíkurmaraþoni. Ég hafði aldrei farið út að hlaupa en sagði að það yrði ekkert mál. Fljótlega komst ég að því að þetta var erfiðara en að segja það.“ Boltinn fór að rúlla og smátt og smátt fann Herdís að hlaupin voru góð leið til að slaka á og losa um andlega og líkamlega spennu.

„Það var mikið álag á mér á þessum tíma, vinnutíminn var fjórtán til sextán tímar á dag. Síðan komu upp veikindi í fjölskyldunni þannig að ég varð að finna einhverja leið til að halda mér á floti. Það var þá sem hlaupin komu sterk inn og björguðu líkamlegri og andlegri heilsu minni.“

Herdís hefur undanfarin ár starfað í slitastjórn Landsbankans og segir mikinn ávinning í því að geta stundað hreyfingu hvar sem er. „Vinnan kallar á ferðalög erlendis þannig að ég þurfti að finna sport sem auðvelt væri að stinga ofan í ferðatösku. Hlaupaskórnir eru þannig að þeir smellpassa hvar sem er og ég er ekki bundin af því að mæta á ákveðinn stað á ákveðnum tíma.“

Í nóvember síðastliðnum fór Herdís til Seattle gagngert til að taka þátt í hálfu maraþoni og segir það mikla upplifun. Hún stefnir á enn frekari afrek í framtíðinni. „Í dag er ég í 26 vikna hlaupaprógrammi til að undirbúa mig fyrir mitt fyrsta heila maraþon. Það verður í Berlín í september og ég hleyp núna átta til tíu kílómetra á dag fjórum sinnum í viku.“

Herdís er gift alþingismanninum Magnúsi Orra Schram sem ætlar að hlaupa maraþonið með henni. Hún segir þau góð saman í hlaupunum.


GÓÐUR HRAÐI Herdís á hlaupum með hundinn Sindra í Digranesi í Kópavogi.
MYND/VILHELM

„Hann ýtir mér af stað en ég er duglegri að láta okkur klára kílómetrana,“ segir Herdís og hlær.

Annars hleypur Herdís ein eða með hundana sína tvo. Hún segist þar með slá tvær flugur í einu höggi þar sem hundarnir þurfi mikla hreyfingu. Hvað varðar árangur í maraþoninu segir Herdís. „Ég kem kannski ekki fyrst í mark en ég set þá markmiðið að koma flottust í mark.“

**SETUR SÉR MARKMIÐ**
Hlaupin voru góð leið til að slaka á og losa um andlega og líkamlega spennu. Það var álag á mér á þessum tíma.



Húðdropar
Dagkrem
Augnkrem
Regenerating línan er fyrir þroskaða húð
10% afsláttur
Þegar húðin eldist þarf hún lengri tíma til að endurnýja sig og fer smám saman að missa náttúrulega mýkt og teygjanleika. Regenerating línan frá **Dr.Hauschka** er sérstaklega þróuð fyrir þroskaða húð og **hjálpar henni að endurnýja sig á náttúrulegan hátt.**
demeter
Dr.Hauschka snyrtivörurnar eru unnar úr **lífrænum og demeter vottuðum jurtablöndum** sem örva náttúrulega virkni húðarinnar.
LIFANDI MARKAÐUR
**www.lifandimarkadur.is**
Borgartúni 24 | Reykjavík
Hæðasmára 6 | Kópavogi
Sími: 585 8700


**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar**
Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn:
**Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is** s 512 5473,
**Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is,** s 512 5432
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**


KJÓLADAGAR
–15% AF KJÓLUM
BASLER Parísar TÍZKAN
Skipholti 29b • S. 551 0770

# GLEÐI OG GÓÐ HREYFING Í BOLLYWOOD-DANSI

**HELGA DÖGG BJÖRGVINSDÓTTIR,** *framkvæmdastjóri hjá Crymogea, hefur stundað Bollywood-dans frá árinu 2010. Hún segir mikla gleði fylgja dansinum.*

Um þessar mundir standa yfir indverskir dagar í Bíó Paradís við Hverfisgötu þar sem sýndar eru Bollywood-kvikmyndir. Bollywood-tónlist er afar vinsæl hér á landi og sömuleiðis dansarnir. Helga Dögg segir að hún hafi farið að dansa Bollywood hjá Kramhúsinu fyrir tilviljun. „Vinkona mín sagði frá því á Facebook að hún og fleiri konur væru að byrja í Bollywood-dansi. Mér fannst það hljóma spennandi og ákvað að drífa mig með þeim. Ég féll strax fyrir dansinum og get þakkað það kennaranum, Margréti Erlu Maack, sem kynnti þetta svo skemmtilega. Maður fær heilmikla hreyfingu út úr dansinum en auk þess er svo mikil gleði í loftinu," segir Helga sem hefur sýnt með hópnum á árshátíðum, brúðkaupum og á Menningarnótt svo eitthvað sé nefnt.



**DANSAR TIL GLEÐI** Helga Dögg Björgvinsdóttir er þriggja barna móðir og dansar Bollywood-dans í góðum félagsskap.

„Maður þarf ekki að vera listdansari til að dansa Bollywood og það er engin keppni í gangi. Konur á öllum aldri geta verið með og mér skilst að hreyfingin sé sérstaklega góð fyrir þær sem hafa náð miðjum aldri og þar yfir," segir Helga enn fremur en þess má geta að allir dansa berfættir og í léttum fatnaði. Skrautlegir búningar eru notaðir á sýningum.

„Margrét Erla hefur einnig verið með námskeið sem kallast Bolly-belly-brennsla en í þeim tímum er blandað saman magadansi og Bollywood-dansi. Það er heilmikil líkamsrækt í þeim tímum. Hreyfingarnar eru góðar því að í dansinum notar maður vöðva sem hreyfast ekki mikið annars."

Helga segir að sjö ára dóttir sín hafi mikinn áhuga á Bollywood og vilji gjarnan dansa með móður sinni. „Tímarnir eru því miður bara einu sinni í viku en mættu vera oftar því þetta er svo skemmtilegt," segir Helga Dögg.



**FLOTTIR BÚNINGAR** Hér er Helga Dögg í rauðum klæðum á jólasýningu Kramhússins.
MYND/JÓN SVAVARSSON

# DÁLEIÐSLUNÁMSKEIÐ JOHNS SELLARS Í MAÍ

**KYNNING FÍKN, KVÍÐI OG ÞUNGLYNDI, SKORTUR Á SJÁLFSTRAUSTI OG FÓBÍUR** *eru vandamál sem má vinna bug á með aðstoð dáleiðslu, og hún hjálpar þeim sem vilja hætta að reykja að sögn dáleiðslukennarans Johns Sellars. Hann hefur haldið nokkur dáleiðslunámskeið á Íslandi og næsta námskeið hefst 4. maí.*

Breski dáleiðslukennarinn John Sellars hefur um árabil notað dáleiðslu til að hjálpa fólki að ná tökum á ýmsum vandamálum með góðum árangri. Á næstunni ætlar Sellars að kenna dáleiðslutækni og miðla af reynslu sinni á diplómanámskeiði í klínískri dáleiðslu á Íslandi.

Fjögur pláss eru laus á námskeiðið sem hefst 4. maí og námskeið í september/nóvember er þegar mikið bókað. Vegna anna á næsta ári við námskeið víða um Evrópu er óvíst að fleiri námskeið verði á Íslandi þar til 2014.

- Innifalið í námskeiðsgjaldi er árgjald í Félag dáleiðslutækna http://dáleiðsla.is.
- Fólk lærir dáleiðslu til ýmissa nota. Til dæmis hafa sálfræðinemar lært hjá John á Íslandi og þeir eru ánægðir með að geta byrjað að hjálpa fólki strax með ýmis vandamál frekar en að þurfa að bíða í mörg ár þar til þeir útskrifast úr sálfræði.
- Bæði sálfræðingar og geðlæknar hafa lært dáleiðslu hjá John og nota hana til að ná betri árangri í sínum störfum.
- Nokkrir tannlæknar hafa lært hjá John í Reykjavík og nota dáleiðsluna fyrst og fremst til að gera upplifun sinna viðskiptavina þægilega, draga úr verkjum og ótta og eyða „tannlæknahræðslu".
- Einnig hafa læknar og hjúkrunarfræðingar lært hjá John hér á Íslandi og nota dáleiðsluna við sín daglegu störf.
- Þá hafa margs konar meðferðaraðilar lært hjá John og nota þessa tækni með öðrum aðferðum sem þeir beita með góðum árangri. Meðal annars hafa íþróttaþjálfarar lært hjá John og hafa síðan hjálpað íþróttamönnum að stórbæta árangur sinn.
- Ekki þarf sérstaka menntun eða próf til að læra dáleiðslu.
- Nokkrir nemendanna vinna fyrst og fremst við dáleiðslu í dag eftir að hafa lært hana hjá John.
- Dáleiðsla virkar einnig mjög vel á nemendurna sjálfa. Bæði læra þeir sjálfsdáleiðslu og eins dáleiða nemendur hver annan frá fyrsta degi. Það er stundum sagt að það sé þekkt aukaverkun af dáleiðslunáminu að viðkomandi líður mun betur á eftir og er hamingjusamari. Flestir leysa alls konar mál í eigin lífi í framhaldi af náminu.
- Hvert námskeið sendur í átta daga og er haldið í tvennu lagi, fjóra daga í senn og með mánaðar millibili. Næsta námskeið verður 4. - 7. maí og 1. - 4. júní.
- Kennt er alla dagana frá 10–17.
- Nánari upplýsingar á heimasíðu námskeiðsins: http://4.is/namskeid.

## REYNSLUSAGA

**SJÁLFSTRAUST / SJÁLFSMYND**

***Dáleiðslutækni virkar mjög vel til að bæta og finna aftur glatað sjálfstraust.***

***Kona um þrítugt: Ég leitaði til þín þar sem sjálfstraustið var svo lítið að ég fékk mig alls ekki til að fara með krakkana í sund og þar með sýna mig í sundbol. Þótt ég vissi að útlit mitt væri alveg eðlilegt gat ég einhvern veginn ekki fengið mig til að trúa því.***

***Ég er ekki frá því að þetta hafi þrælvirkað á mig. Mér leið mjög vel í dáleiðslunni hjá þér en var ekki viss hvort þetta hefði gert eitthvað. Nokkru seinna tók ég eftir, og aðrir í kringum mig, að sjálfstraustið hafði aukist til muna. Meðal annars fór ég á mannamót og var í leggings og stuttum, stutterma kjól sem ég hefði aldrei farið í fyrir nokkrum mánuðum og ég er búin að fara í sund með krakkana.***



**NÁMSKEIÐ Í REYKJAVÍK**
Næsta námskeið dáleiðslukennarans Johns Sellars hefst 4. maí í Reykjavík.
MYND/HAG

# STRIGASKÓR

ÞRIÐJUDAGUR 17. APRÍL 2012

**Kynningarblað** Úrvalið, litadýrðin, viðgerðir, fróðleikur og góð ráð.



LYFJA
– Lifið heil

+15%
afsláttur
af Nicorette þrennu

Gildir til 30. apríl.

Nicorette forðaplástrar
Verð frá 3.535 kr.

Nicorette innsogslyf
Verð frá 2.124 kr.

Nicorette fruitmint
lyfjatyggigúmmí
Verð frá 679 kr.



www.lyfja.is

Lægra
verð
í Lyfju

ÍSLENSKA /SIA.IS/ LYF 59258 04/12

# Borgar sig að gera við dýra skó

**Hafþór Edmond Byrd skósmiður ráðleggur fólki að fá álit fagmanns áður en það hendir strigaskóm sem farnir eru að gefa sig. Það borgi sig í mörgum tilfellum að gera við skóna, sérstaklega skó í dýrari verðflokkum.**

Ef um saumsprettu er að ræða borgar sig alltaf að láta gera við skó, sama hvaða gerðar þeir eru. Eins borgar sig að gera við þegar verðið á strigaskónum er farið að hlaupa á tugum þúsunda, en sóla og hæla borgar sig ekki að gera við á ódýrustu skónum á markaðnum,“ segir Hafþór Edmond Byrd, skósmiður á Skóvinnustofu Hafþórs í Garðastræti 13.

Hann ráðleggur fólki eindregið að fara með skó sem farnir eru að gefa sig á verkstæði og láta fagaðila meta þá, áður en það hendir þeim. Hægt sé að gera við nánast hvað sem er, en ef um sérhæfða skó er að ræða geti viðgerð orðið snúin.

„Það er verra að eiga við það ef botninn er ónýtur á sérstökum íþróttaskóm, eins og takkaskóm til dæmis. Ég veit ekki til þess að neinn eigi slíka botna á lager hér. En það má auðvitað skipta um botn á skónum ef eigandinn getur ekki hugsað sér að henda þeim. En þá eru þeir ekki lengur fótboltaskór.“

Til að strigaskór endist sem lengst ráðleggur Hafþór að úða þá reglulega með sílikonspreyi til að vatnsverja þá. Best sé að gera það strax og skórnir koma upp úr kassanum og svo reglulega eftir það. Sé vörnin sett á þegar skórnir eru orðnir mjög skítugir lokast óhreinindin inni í efninu.

„Þetta er bara eins og með bílinn, þegar vatnið hættir að perla og renna af bílnum þarf að bóna hann aftur,“ segir Hafþór. Þá sé best að þvo strigaskó í höndunum með þar til gerðri skósápu því ekki þoli allir skór umferð í þvottavél.



Handþvottur með sérstakri skósápu fer betur með strigaskó en margar umferðir í þvottavél. NORDICPHOTOS/GETTY

„Ég mæli ekki með því að fólk setji strigaskó í þvottavélina. Límingarnar þola það ekki. Við fáum oft skó á verkstæðið sem hafa verið þvegnir í vél og botninn hreinlega farið undan.“

Hafþór mælir einnig með því að troða eldhúspappír inn í blauta skó til að draga upp raka frekar en dagblöð, þar sem prentsvertan geti smitast í skóna. Til að skór haldi lagi mælir Hafþór með því að nota þar til gerðar spennur inn í skóna sem fáist á skóverkstæðum.

En á hann einhver ráð gegn vondri lykt úr strigaskóm? „Það er helst að nota fótrakasprey milli tánna en fólk svitnar misjafnlega mikið á fótunum. Einnig er líka hægt að spreyja sveppaeyðandi efni inn í skóna.“




Hafþór Edmond Byrd skósmiður mælir með því að fólk láti fagmenn meta skó sem farnir eru að gefa sig. Hægt sé að gera við nánast hvað sem er. MYND/STEFÁN



Það getur verið gott að breyta reglulega um hlaupaleið til að fá ekki leið á hlaupunum.

# Tólf ráð fyrir hlaupara

**Vorið er tíminn til að drífa sig út að hlaupa. Á netinu er að finna aragrúa af ráðleggingum áður en lagt er af stað. Hér eru tólf ráð fundin héðan og þaðan:**

**1.** Fáðu aðstoð fagaðila við val á hlaupaskóm. Mismunandi skór eiga við mismunandi tegundir hlaupa og rangir skór geta farið illa með fæturna.

**2.** Mátaðu skóna seinnipart dags. Fæturnir stækka og þrútna þegar líður á daginn.

**3.** Veldu skó sem þér finnast fallegir, það eykur líkurnar á að þú drífir þig oft út að hlaupa. Þetta á við allan hlaupagallann.

**4.** Vertu vakandi fyrir útsölum og tilboðum til að gera góð kaup á hlaupabúnaði. Ekki spara þó við þig þegar kemur að því að kaupa hlaupaskó.

**5.** Notaðu sokka sem sérstaklega eru hannaðir fyrir hlaup til að losna við að blöðrur myndist.

**6.** Gott er að binda tvöfaldan hnút á skóreimarnar svo þær losni ekki á hlaupunum.

**7.** Skráðu þig í hlaupaklúbb í hverfinu til að ýta undir að þú drífir þig af stað. Finndu jafnvel hlaupafélaga til að æfa með.

**8.** Ekki bera þig saman við aðra. Hlauptu fyrir sjálfa/n þig og enga aðra.

**9.** Skipuleggðu hlaupaæfingarnar í sátt við fjölskylduna. Þá er líklegra að rútínan haldist.

**10.** Ekki nota hlaupin sem afsökun fyrir því að borða meiri sætindi. Næringarrík fæða er nauðsynleg þeim sem hreyfa sig mikið.

**11.** Breyttu reglulega um hlaupaleið til að fá ekki leiða.

**12.** Leyfðu þér öðru hverju að ganga.



# MPM-námið á Íslandi

## MEISTARANÁM Í VERKEFNASTJÓRNUN Í HÁSKÓLANUM Í REYKJAVÍK





Nemendur á fyrra ári í MPM-námi Háskólans í Reykjavík.

# MPM-námið á Íslandi

**MPM-námið á Íslandi sem nú er kennt við HR hefur náð fótfestu og faglegir verkefnastjórar með MPM-gráðu starfa víða í samfélaginu og um allan heim.**

Meistaranám í verkefnastjórnun (MPM-námið) á Íslandi, sem nú er hluti af Tækni- og verkfræðideild Háskólans í Reykjavík, er þróað og rekið til að mæta sívaxandi þörf atvinnulífs og samfélags – hér á landi sem erlendis – fyrir fagmenntað fólk á sviði verkefnastjórnunar.

Allir sem lokið hafa grunnnámi í háskóla geta sótt um að hefja MPM-nám til að efla þekkingu sína, reynslu og hæfni til að vinna að verkefnum, við verkefnastofna og á verkefnastofum skipuheilda. Háskólinn í Reykjavík leggur kapp á að útskrifaðir MPM-nemendur, núverandi nemendur og aðrir sem eru áhugasamir um verkefnastjórnun sem fag, nám og starfsvettvang finni sig heima innan vébanda skólans. Þessum Fréttablaðskálfi er ætlað að vekja áhuga á verkefnastjórnun almennt og á MPM-náminu. Hann byggir að stórum hluta á helstu niðurstöðum vinnusmiðju, sem haldin var í tengslum við MPM-námið, um verkefnastjórnun út frá fagi, námi og starfi.




## Hæfnisaugað ICB3

Alþjóðasamtök verkefnastjórnunarfélaga (IPMA) skilgreina færniþætti í faglegri verkefnastjórnun og uppbygging þeirra endurspeglast í svonefndu hæfnisauga (e. Eye of Competence). Tæknivíddin snýst um hefðbundnar tæknilegar aðferðir í áætlanagerð og eftirfylgni verkefna. Atferlisvíddin snýst um sjálfstjórn og mannleg samskipti. Bakgrunnsvíddin snýst um venslin á milli verkefnis og skipuheildar.

Heimasíða námsins er:

**www.ru.is/mpm**

Fésbókarsíða námsins er:

**MPM-námið á Íslandi (facebook.com/MPMIsland).**

# Verk að vinna: MPM-námið og verkefnastjórnun á Íslandi

**Kannski er í íslensku samfélagi kominn tími til að láta hlutina ekki aðeins „reddast" heldur að beita gagnreyndum verkefnastjórnunarlegum aðferðum.**

Íslendingar stæra sig stundum af því að þeir starfi í þeim anda sem orðin „þetta reddast" lýsa, sem er góðra gjalda vert eins langt og það nær. En þá má líka spyrja sig: Hvað myndi gerast hjá skapandi þjóð ef hún færi líka að vanda verkefni sín með því að beita faglega viðurkenndum aðferðum? Nýlega var haldin vinnusmiðja þar sem fólki með þekkingu á faglegri verkefnastjórnun í atvinnulífinu og háskólasamfélaginu var boðið til samræðu um fagið, námið og starf verkefnastjórnenda. Tilefnið var að MPM-námið flutti aðsetur sitt frá Háskóla Íslands yfir til Háskólans í Reykjavík og við tímamót er gott að staldra við. Verkefnastjórnun er um margt ungt fag og enn í mótun. Henni vex stöðugt ásmegin í íslensku samfélagi og tækifærin eru mörg hvert sem litið er á sviði fræða, náms eða starfs.

Vinnusmiðjan samanstóð af fólki sem hefur víðtæka þekkingu og reynslu og ýmis sjónarmið voru rædd og brotin til mergjar. Í upphafi fundar veitti Finnbogi R. Alfreðsson MPM-þátttakendum innblástur. Hann lagði út af orðum Andrews Carnegie: „Því eldri sem ég verð, þeim mun minna beinist athygli mín að því sem fólk segir. Ég horfi á verk þess." Finnbogi benti á að víða mætti taka til hendinni með verkfærum verkefnastjórnunar, svo sem í iðnaði, nýsköpun, menningu og listum, kvikmyndagerð, sjávarútvegi og ferðamennsku. Sérstaklega væri þörf fyrir aðferðafræði verkefnastjórnunar hjá hinu opinbera. Skilvirkni og ráðdeild þyrfti til þess að þjóna betur hagsmunum almennings og þar er góður undirbúningur lykilatriði. Vel heppnað verkefni krefst ríkrar meðvitundar um allt það sem getur valdið því að verkefnið misheppnist. „Það er skylda okkar við börnin okkar að standa betur að málum," sagði Finnbogi að lokum.



**Þátttakendur í vinnustofu MPM-námsins á Íslandi hittust í Nauthólsvíkinni. Þeir komu úr ýmsum áttum. Hér er hópurinn með HR í baksýn.**

Vinnusmiðjan var skipulögð af MPM-nemendum með áframhaldandi þróun námsins að leiðarljósi. Þrjú meginþemu voru á dagskránni: Fræði, nám og starf innan verkefnastjórnunar.

## Faglegur bakgrunnur fólks sem sækir MPM-nám

Samtals hafa 235 einstaklingar lokið MPM-námi á Íslandi eða stunda námið nú. Fimm árgangar hafa útskrifast (2007–2011) og tveir árgangar stunda nú nám við HR. Bakgrunnur fólks er fjölbreyttur, kynjahlutfall er jafnt og aldursbil breitt þó flestir séu á fertugsaldri.




**Útgefandi:** Háskólinn í Reykjavík **Umsjón:** Árni Þór Jónsson, Borga Harðardóttir, Hans Gústafsson, Herdís Friðriksdóttir, Jón Steindór Valdimarsson og Þóra Leósdóttir. **Ljósmyndir:** Hans Gústafsson og Ómar **Ábyrgðarmaður:** Haukur Ingi Jónasson




**Staða MPM-námsins er sterk, sérstaða þess mikil og fólk með MPM-gráðu er farið að hafa víðtæk áhrif innan félaga, stofnana og fyrirtækja.**

Á vinnusmiðjunni kom fram að MPM-námið er þverfaglegt, það hefur í senn breiða skírskotun og skarpan fókus, og getur nýst á öllum sviðum samfélagsins. Áhersla er lögð á hefðbundna tæknilega þætti en leiðtogaþjálfun, áhættustjórnun, ákvarðanataka, samskipti og siðfræði eru þó fyrirferðarmikil í náminu, sem er kostur. MPM-námið opnar með þessu ótal dyr að störfum í fjöldamörgum fyrirtækjum og stofnunum og notkun verkefnastjórnunar fer vaxandi. Flestum sem ljúka MPM-námi tekst að auka virði sitt á vinnumarkaði.

MPM-námið nýtur virðingar en þó virðast margir enn ekki skilja sérstöðu þess. Námið veitir nemendum yfirsýn og aðgang að öflugu tengslaneti og þeir læra að beita fjölmörgum aðferðum við stýringu verkefna. Það sem er kennt í náminu er viðmið og afstaða í faglegri verkefnastjórnun hvað varðar metnað, árangur og arðsemi. Verkefnastjórar sem starfa í viðskiptalífinu þurfa að ná fram virði í verkefnum með því að ná tilætluðum árangri. Eitt er að ljúka verkefninu, annað er að láta það verða að blómstri sem kemur öllum til góða. Verkefnastjórar þurfa auk þess að kunna tæknilegar aðferðir í verkefnastjórnun upp á 10 og vera flinkir í mannlegum samskiptum og geta leitt verkefnateymi sitt þannig að vinnan laði fram það besta í hverjum og einum. Sérstaða MPM-námsins hér á landi er sú að í því eru tvinnaðar saman mýmargar hagnýtar aðferðir til að fást bæði við verktæknilega þætti og mannlega þætti innan teyma og skipuheilda. Verkefnastjórnunarnám erlendis ber keim af kröfum vinnumarkaðar. Eftir ítrekaðan samanburð við sambærilegt nám erlendis er MPM-námið við Háskólann í Reykjavík í fylkingarbrjósti hvað þetta varðar.

## Frá framkvæmd til fræða:

# Verkefnastjórnun sem fræðigrein

**Rannsóknir í verkefnastjórnun má gera í samstarfi við íslensk fyrirtæki og samtal um það sem best er vitað í faginu hér á landi og erlendis er mikilvægt – slíkt nýtist öllum.**

Á vinnusmiðjunni var spurt: Hvað einkennir verkefnastjórnun sem fræðigrein? Fræðasviðið verkefnastjórnun rannsakar og aflar þekkingar á reynslu sem verður til í verkefnum. Þó að verkefnastjórnun sé ungt fag sem þróast hratt, þá á fagið sér djúpar rætur bæði í verk- og mannvísindum. Tímarit sem fjalla um faglega verkefnastjórnun eru til dæmis International Journal of Project Management og Project Management Journal en greinar um verkefnastjórnun má líka finna í sérritum á ólíkum sviðum stjórnunar og innan ýmissa sérfræðirita, til dæmis á sviðum iðnaðar, kvikmyndagerðar, björgunarmála, lýðræðisþróunar, verkfræði, viðskiptafræði, og svo mætti áfram telja. Dæmi um nýjungar er áhugi á þróun faglegra viðmiða, hagnýtri beitingu æðri hugsunar, tilfinningagreind, sjálfbærni, áhættumati, sveigjanleika í verkefnastjórnun (sbr. Agile-aðferðir (Scrum, Lean-Start-up)) og hugbúnaðarlausnum.

Fagleg verkefnastjórnun hefur tekið stakkaskiptum á undanförnum áratugum. Nú eru það ekki aðeins tími, kostnaður og gæði sem skipta máli. Atriði sem lúta að ferlum, afurðum og áhrifum verkefnis eru líka til skoðunar, svo sem stjórnunaraðferðir, ákvarðanaferli, áhættumat, samskipti og hópar, upplýsingamiðlun, siðfræðilegir þættir og sjálfbærni. Þá er í auknum mæli litið til heildarlíftíma afurða verkefna sem getur verið mjög stuttur eða skipt árhundruðum.

Verkfærakista verkefnastjórans er full af tækjum og tólum og rannsakendur á sviðinu skoða meðal annars hvað virkar best, fyrir hverja og við hvaða aðstæður. Aðferðir eru meðal annars spyrtar við aðgerðir og útkomu til að öðlast betri þekkingu á því hvað stuðlar að góðum árangri. Sóknarfæri í rannsóknum í verkefnastjórnun á Íslandi eru mörg. Tengja má saman fræði og framkvæmd til að þróa og bæta verklag. Rannsaka má vel og illa heppnuð verkefni (gagnslítil, of dýr, óarðbær) til að skilja „hvað veldur og hver heldur“. Slíkt getur gefið vísbendingar um hvort tilgangur verkefnis sé skýr, hvort raunvilji sé til árangurs, hvort yfirhylmingu sé beitt til að fá verkefnið unnið og hvað búi að baki áætlunum eða samskiptum. Styrkja má tengsl háskólans og atvinnulífs en því ítarlegra samtal sem þar er á milli, þeim mun betra.

Íslendingar með MPM-gráðu eru farnir að gera sig gildandi erlendis með rannsóknum sínum. Dæmi um þetta eru greinar eftir Hildi Helgadóttur, „The Ethical Dimension of Project Management“, í International Journal of Project Management (2008), og Hrefnu Haraldsdóttur, „Community referrals, Opportunities for improvements“, í Journal of Generic Medicine (2010), og fleiri greinar eru í pípunum. Það eru árlega haldin erindi á ráðstefnum Alþjóðasamtaka verkefnastjórnunarfélaga (IPMA) og víðar sem byggja á samstarfi nemenda og kennara í MPM-námi. Árleg lokaverkefnaráðstefna MPM-nema; Vor í íslenskri verkefnastjórnun, verður haldin 25. maí n.k. Dr. Rodney Turner, aðalritstjóri International Journal of Project Management, mun opna ráðstefnuna með fyrirlestri um nýjungar í verkefnastjórnun.










## Frá fræðum til framkvæmda:

# Störf verkefnastjóra

**Stórauka þarf skilning fólks á eðli faglegrar verkefnastjórnunar – það er sitthvað verkefnastjóri og faglegur verkefnastjóri.**

Á vinnusmiðjunni kom fram að fólk með sérþekkingu á sviði faglegrar verkefnastjórnunar upplifi stundum að fagleg verkefnastjórnun njóti ekki verðskuldaðrar viðurkenningar og að starfstitillinn „verkefnastjóri“ sé notaður yfir allt og ekkert. Skýringin er líklega sú að fagstéttin er ung, þverfagleg og að atvinnulífið eigi eftir að stilla strengi sína hvað hugtakanotkun varðar. Það að hugtakið „verkefnastjórnun“ sé almennt opið getur líka verið styrkur og falið í sér sóknarfæri.

Þá var líka rætt um tengsl verkefnastjórnunar og stjórnunar almennt. Verkefni hafa skýrt upphaf og skilgreindan endi og í þeim skilningi er verkefnastjórnun bundin líftíma verkefnis. Stjórnun hefur víðari skírskotun og snýst um almennan rekstur skipuheilda. Á hinn bóginn má vel hugsa stjórnun skipuheilda alfarið út frá verkefnastjórnunarlegum viðmiðum þar sem rík krafa er um innleiðingu stefnu, árangur í einstökum verkefnum auk skarprar faglegrar kröfu um að verkefnastjórnunarlegum viðmiðum sé mætt. Fagleg verkefnastjórnun grundvallast á því að ákvarðanir séu teknar með vönduðum greiningum, áhættumati og siðfræðilegu mati.

Fagleg verkefnastjórnun leggur þannig grunn að blómlegri starfsemi og rekstri: Sóknaráætlanir eru innleiddar; verkefni eru vel skilgreind, skipulögð og faglega unnin; verkefnaskil eru skýr; þekking frá verkefni til verkefnis er haldið til haga. Góðir verkefnastjórar tryggja skilvirkni vegna þess að forgangsröðun er skynsamleg og betri yfirsýn fæst yfir mannauð og aðföng. Krafa verkefnastjóra um góð tengsl við yfirstjórn skipuheildar tryggir yfirsýn yfir einstök verkefni og verkefnaskrár. Fagleg verkefnastjórnun leiðir til góðrar verkmenningar og slíkt smitar út frá sér innan skipuheilda og út í samfélagið.

Verkefnastjórnun hefur rutt sér mjög til rúms hjá tæknifyrirtækjum, verkfræðistofum og bönkum. Mörg sóknarfæri liggja innan opinberrar stjórnsýslu, á vettvangi stjórnmála, innan ríkisstofnana, þjónustukerfa ýmiss konar og í tengslum við önnur þjóðríki sem og sameiginlegar stofnanir þjóðríkja. Verkefni á vegum Evrópusambandsins fela til að mynda í sér kröfur um faglega verkefnastjórnun. Skipuheildir sem leiða nýjungar í verkefnastjórnun á Íslandi eru meðal annars Össur, Marel, CCP, bankarnir, HRV-Engineering, Mannvit, Verkís, Efla og ýmsar aðrar verkfræðistofur.





Í MPM-námi er lögð áhersla á bæði „harðar" verkvísindalegar aðferðir og „mjúkar" stjórnunaraðferðir.



Í vorferðinni 2012 var Ólafur á Þorvaldseyri sóttur heim en í kjölfar „hrunsins" og eldgossins í Eyjafjallajökli var haldið námskeið í áfallastjórnun.

# Árlegar vorferðir í MPM-námi

**Í MPM-námi er áhersla lögð á að halda góðum tengslum við íslenskt samfélag í borg og byggð.**



Nemndur hafa fjölbreyttan bakgrunn og miðla hver öðrum af reynslu sinni og þekkingu.

Árlega er farið í vettvangsferðir þar sem áhugaverð verkefni eru skoðuð. Hópar hafa farið til Austfjarða, Norðurlands, til Snæfellsness, um Suðurland, og víðar. Vorferðin í ár var farin 13. og 14. apríl. Hópurinn fræddist um jarðhitanýtingu á Hellisheiði og í Landeyjahöfn þar sem sjávarstraumar og eldgos hafa sett strik í reikninginn. Íslandsmet í brúarsmíði var slegið við Múlakvísl sumarið 2011 og hópurinn fékk að vita hvernig kvíslin var brúuð á örfáum dögum. Tveir bæir undir Eyjafjöllum voru heimsóttir þar sem ábúendur hafa efnt til nýrrar sóknar í kjölfar náttúruhamfara. Á Hvassafelli var veitingastaðurinn Gamla fjósið opnaður haustið 2011 og á Þorvaldseyri var sett upp sýning sumarið 2010 um eldgosin á Fimmvörðuhálsi og í Eyjafjallajökli auk þess sem framleiðslu verðmæta úr korni og repju var haldið áfram. Héraðssafnið á Skógum var skoðað, stærsta héraðssafn á Íslandi. Höfuðstöðvar Landgræðslunnar í Gunnarsholti voru heimsóttar og fræðst um sögu hennar og hlutverk auk fjölmargra brýnna verkefna í þágu lands og þjóðar. Að síðustu var sveitarfélagið Árborg heimsótt, ekið um Selfoss og hlýtt á kynningu um stefnumótun sveitarfélagsins, uppbyggingu eftir jarðskjálfta, helstu verkefni og fyrirætlanir til framtíðar.

Þema vorferðarinnar var barátta landsmanna við náttúruöflin og viðleitnin til að beisla þau. Þótt náttúran geti verið óblíð þá má með samtakamætti, verkkunnáttu, góðum undirbúningi og óbilandi bjartsýni og trú ganga á vit framtíðar með góðum árangri. MPM-hópurinn var snortinn af frásögnum, viðhorfum og móttökum gestgjafanna. Bestu þakkir til Ólafs og Guðnýjar á Þorvaldseyri, Sveins hjá Landgræðslunni, Heiðu Bjargar í Gamla fjósinu, Einars og Bjarna hjá Vegagerðinni, Gísla hjá Siglingastofnun, Helga hjá Orkuveitunni og Helga hjá Orkusýn, Þórðar hjá Héraðssafninu að Skógum og Ástu hjá Árborg.

# Viðfangsefni í MPM-námi

**Í náminu er víða komið við til að tryggja að að verkefnastjórar framtíðarinnar geti beitt sér við hinar ólíkustu aðstæður – jafnt hér á landi sem erlendis.**



Námskeiðið Verkefastjórnun á framandi slóð leiðbeinir um umgengni við fólk af ólíkum menningarheimum



Fjöldi erlendra kennara koma að náminu og eru þeir í fremstu röð á sínu sviði. Þeir koma meðal annars frá MIT, Stanford, Middlesex University, Heriott-Watts, of víðar.

MPM-nemendur læra um undirbúning og áætlanagerð í verkefnum og þeir fá þjálfun í að beita sígildum aðferðum við gerð og eftirfylgni áætlana. Þeir læra um gerð vallíkana til að velja á milli verkefna, með því að skoða fjárhagslega þætti og meta arðsemi, en einnig með því að skoða þætti sem erfiðara er að mæla. Rætt er um hvernig skipuheildir marka sér stefnu og ráðast í verkefni til að raungera hana. Fjallað er um stjórnun og samræmingu verkefnastofna og verkefnaskráa og breytingastjórnun til að hrinda flóknum skipulagsbreytingum í framkvæmd. Hlutverk í verkefnum eru skoðuð ítarlega, meðal annars hlutverk verkefnaleiðtogans. Nemendur spegla sig í leiðtogafræðum, fræðast um þá þætti sem hafa áhrif á teymisvinnu og hvernig standa má með markvissum hætti að mótun verkefnisteyma svo þau verði skilvirk. Hlutverk og ábyrgð verkefnaleiðtogans er ígrunduð en einnig er rætt um samskipti og ólíka menningarheima og nauðsyn þess að skilja bakgrunn og menningu samstarfsaðila úr öðrum heimshlutum. Fjallað er um vöruþróun og sjónum beint að hefðbundnum jafnt sem nýstárlegum aðferðum til að stjórna flóknum vöruþróunarverkefnum. Rætt er um verkefnastjórnun út frá sjónarhorni skipuheilda og hvernig auka má verkefnastjórnunarlegan þroska innan þeirra. Skoðaðar eru hefðbundnar aðferðir í verkefnastjórnun en einnig nýstárlegar aðferðir, s.s. Agile-aðferðir, sem koma úr hugbúnaðargeiranum og fela í sér sveigjanleika gagnvart breytingum. Í lokaverkefni skoða nemendur sérstaklega tiltekna þætti MPM-námsins sem höfðuðu sérstaklega til þeirra, og vinna að þróun hugmynda sinna og aðferða undir handleiðslu fræðimanna úr háskólasamfélaginu og stuðla þannig að þróun verkefnastjórnunarfræða og leggja sitt af mörkum til samfélagsins.



# Hummel heitastir út í sumarið

**Sumardagurinn fyrsti er á fimmtudag. Þá víkja vorhret og kuldaskór fyrir léttum strigaskóm í unaðsheitri sumarsól og langri útivist í sveit og borg. Til að mæta sem best marauðum strætum og iðjagrænu grasi sumarsins eiga skóverslanir Skór.is æðislega strigaskó í úrvali og allt sem sumartáslur vilja.**

Sumarlínan frá Hummel var að koma í hús og hún er algjört æði,“ upplýsir Elísabet Ólafsdóttir verslunarstjóri í skóbúðinni Skór.is í Kringlunni.

Þar svigna nú hillur undan fádæma flottum sumarskóm og áberandi hversu glæst úrval er af litríkum strigaskóm frá Hummel, Nike, Adidas og DC.

„Hummel eru heitastir nú vegna þess að þeir eru áberandi flottir, góðir og á frábæru verði,“ segir Elísabet og bendir á töff og sumarlega strigaskó í öllum regnbogans litum frá Hummel.

„Bleikir Hummel-strigaskór eru vinsælastir meðal stelpna, og bláir, eða mjög svo sumarlega grænir, hitta í mark hjá strákunum. Litaúrvalið er ríkulegt og mikið um flott munstur svo útkoman getur orðin ansi skrautleg,“ segir Elísabet um Hummel-strigaskóna sem henta frábærlega til hversdagslegra þarfa og eru afar þægilegir á fæti.

„Sumarskórnir Nike og Adidas eru einnig mjög stællegir og þeir traustu og flottu skór eru á góðu verði, eins og reyndar DC, sem unglingar af báðum kynjum eru vitlausir í,“ segir Elísabet, en DC-merkið er þekkt fyrir sterka skó með djörfu útliti.

„DC kemur til móts við frjálslega hugsandi unglinga sem kjósa fremur skræpótt munstur og liti í skóm, í stað svarts og sígilds skófatnaðar. Fjölskyldan getur því öll fundið sér flotta og góða strigaskó fyrir öll tilefni og við allra hæfi í Skór.is,“ segir Elísabet.

Skór.is er í Kringlunni og í Smáralind. Sama úrval fæst á báðum stöðum. Sjá nánar á www.skor.is.



Elísabet Ólafsdóttir, verslunarstjóri í Skór.is, segir sumartískuna í strigaskóm einkennast af glaðlegum litum og flottum munstrum. MYND/VALLI



Hummel-strigaskór eru hæstmóðins í sumar, enda afar flottir og glaðlegir sem sumarskófatnaður.







hummel®







## STRIGASKÓR EIGA SÉR LANGA FORSÖGU

Elsta skópar sem fundist hefur er talið vera frá 8.000 árum fyrir Krist en talið er víst að skóburður hafi tíðkast töluvert lengur en það. Nútímastriga- og hlaupaskór eiga sér þó mun skemmri sögu sem hófst ekki fyrr en upp úr 1800. Fyrir það voru flestir skór úr leðri sem átti það til að teygjast í vætu og losna og því voru þannig skór ekki hentugir í hlaup eða aðra hreyfingu.

**1832**

Wait Webster fékk einkaleyfi á vinnsluaðferð á gúmmísólum sem svo voru festir við leður eða annað efni sem var reimað á fæturna. Þessi uppgötvun eða vinnsluaðferð leiddi til frekari framþróunar á skófatnaði sem átti seinna eftir að marka tímamót.

**1844**

Þegar ný uppfinning á vinnslu gúmmís ruddi sér rúms breyttust eiginleikar skónna þannig að þeir urðu nú léttari og sterkari. Með henni var hægt að bræða saman gúmmí og striga líkt og gert er við dekk. Þetta markaði tímamót og til urðu strigaskór. Skórnir voru annaðhvort kallaðir sandskór vegna þess að þeir voru oft notaðir á ströndum eða strigaskór. Á ensku hétu þeir plimsolls sem vísar til orðasambandsins Plimsolls line sem vísar til ákveðinnar hæðarlínu á skipi; standi einhver fyrir neðan þá línu á skipinu á hann á hættu að blotna. Þannig vísar orðið plimsoll í það að fari vatn upp fyrir línuna þar sem gúmmísólinn og striginn mætast þá blotnar striginn og fæturnir þar með líka.

**1892**

Fyrstu fjöldaframleiddu skórnir voru Keds skór sem voru framleiddir af Goodyear úr striga með léttum gúmmísóla. Á sama tíma hófst framleiðsla á svipuðum skóm undir nafninu Converse í Bandaríkjunum sem allir körfuboltamenn notuðu. Þessir skór voru kallaðir sneakers eða strigaskór. Orðið sneakers á rætur sínar að rekja til orðsins sneak



sem þýðir að læðast. Þannig gaf nafnið til kynna að skórnir væru svo léttir og hljóðlátir að hægt væri læðast um án þess að gefa frá sér nokkurt hljóð.

**1920**

Adolf Dassler hóf framleiðslu á skóm með göddum. Gaddarnir voru mismunandi að gerð, allt eftir því hvort þeir væru ætlaðir til styttri eða lengri hlaupa. Árið 1936 voru þessir skór orðnir þekktir um allan heim sem bestu hlaupaskór sem völ var á. Þar með var grunnurinn lagður að þeim skóm sem við þekkjum í dag sem sérhannaða hlaupaskó.

Heimild:www.ransacker.co.uk og www.Wikipedia.org

## FRÆGIR STRIGASKÓR Á UPPBOÐI

Frægir strigaskór úr kvikmyndinni vinsælu Back to the Future II voru framleiddir og seldir tímabundið á uppboðsvefnum eBay í fyrra. Um var að ræða 1.500 pör og rann allur ágóði sölunnar til rannsóknar á Parkinson-sjúkdómnum. Aðalleikari myndarinnar, Michael J. Fox sem lék Marty McFly, klæddist skónum eftirminnilegu en hann hefur glímt við Parkinson-sjúkdóminn um árabil.

Strigaskórnir voru framleiddir af íþróttavöruframleiðandanum Nike, sérstaklega af þessu tilefni. Skórnir fóru aldrei í almenna sölu á sínum tíma enda þóttu þeir nokkuð nýstárlegir. Til að mynda reimuðu skórnir sig sjálfir og höfðu glóandi Nike merki. Við tökur myndarinnar, sem var frumsýnd árið 1989, þurfti Michael J. Fox að bera rafhlöðubox innanklæða sem tengdist skónum með vírum svo hægt væri að lýsa upp Nike-merkið. Þetta var besta tæknin sem Hollywood bauð upp á fyrir rúmlega 20 árum. Fyrsta skóparið var selt á tæplega fimm milljónir en ódýrustu pörin voru seld á 250.000 krónur. Fyrirtækið segist stefna á að setja skóna í almenna sölu árið 2015 en atriði myndarinnar, þegar Michael J. Fox klæðist skónum góðu, gerist einmitt það ár. Hvort fljúgandi hjólabrettin úr sama atriði myndarinnar verði líka komin á markað verður tíminn að leiða í ljós.




hummel®














# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Fyrir veiðimenn

Suzuki utanborðsmótor, 9,9 hp, tvígengis-sjálfblandari, 12 ltr tankur, slanga fylgir. Nýyfirfarinn, v. 260þús, s. 895-7770.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Gistiheimili - Guesthouse**

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.og stúdíó Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person and studio. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

90 fermetrar ibuð,3 herbergja á lauganesvegur í Rvk í langatimaleiga upplýsingar í sima 8971753

Til leigu lítil 36,5fm húsnæði, vestanlega á Grettisgötunni fyrir ýmislega atvinnu starfsemi t.d. hönnun eða skrifstofu. í 101 Rvk. Uppl. í s. 820 4947.

## Húsnæði til sölu

**Vík í Mýrdal**

Til sölu: Einbýlishús ásamt gestahúsi



Aðalhúsið er með þremur svefnherb. og um 20 m² aðgengilegu svefnlofti. Timburhús byggt 2000,á steyptum grunni, heildarflatarmál er 109,2 m². Glæsileg vel staðsett eign með frábæra grenndarkosti.

Verð 25.500.000

Frekari upplýsingar í s. 844 6190

## Sumarbústaðir

Óska eftir að kaupa bústað til flutnings,sem staðsettur mun verða á Suðurlandi. Nýsmíði kemur einnig til greina. Æskileg stærð , 70 m2 eða stærri. Upplýsingar í síma 531 3003.

## Atvinnuhúsnæði



Til leigu 90 fm iðnaðarhúsnæði á Kársnesbraut, stór innkeyrsluhurð og malbikað plan. uppl. 660 5600.

## Geymsluhúsnæði

**Geymslur.com**

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**www.buslodageymsla.is**

Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**www.geymslaeitt.is**

Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500.

## Gisting

**GÓÐ GISTING Í MIÐBÆ RVK**

**Gott verð, dags, viku- og mánaðarleiga.**

**www.hotel105.com**
**GISTIHÚSIÐ VÍKINGUR**
**sími 896 4661**

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Jói Fel**

**Hjá Jóa Fel Holtagarðar**

**Óskum eftir að ráða mannneskju í pökkun, tiltekt og létta ræstingu. Vinnutími frá kl. 5-13**
**Áhugasamir geta sent umsókn á joifel@joifel.is og S. 863 7579 Linda**

**Matreiðslumaður/ matráður**

**Nýr veitingastaður í Borgartúni óskar eftir að ráða matreiðslumann eða matráð. Einnig vantar fólk til að þjóna í sal. Vaktavinna. Nánari upplýsingar í s. 8666354 Ámundi eða 699 1653 Carl.**

Tryggingamiðlun Íslands óskar eftir fólki í úthringistarf á kvöldin. íslenskumælandi og eldri en 20 ára. Góð laun fyrir réttan aðila. Uppl gefur Svava í 898-3023 eða svava@tmi.is

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

Kona, býður þú upp á nudd? Auglýstu frítt á Rauða Torginu, s. 555-4321.

Góð kona vill kynnast miðaldra manni. Rauða Torgið, s. 905-2000, 535-9920, augl.nr. 8581..

**Spjalldömur 908 5500**

Opið þegar þér hentar. Engin bið nema þegar talað er.

**Kona: Hvers vilt þú njóta?**

Leyfðu körlum að hlusta á óra þína. Taktu upp frítt m/100% leynd í s. 555-4321. Rauða Torgið.

**Rauða Torgið**
Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922
Heitar kynlsögur
905-2002 • 535-9930
Símadömur • live spjall
908-6000 • 535-9999

## Þjónusta

# Leiguumsjón

**láttu okkur sjá um fasteignina þína.**

**Gerð leigusamninga.**
**Auglýsingar, samskipti og upplýsingagjöf gagnvart leigutaka og leigusala.**
**Samskipti við banka vegna tryggingar. Innheimta leigugjalds - skilvirk eftirfylgni innheimtu.**
**Umsjón og eftirlit með fasteigninni.**
**Markmið með leigu-umsjón er að auðvelda fasteignaeigenda útleigu fasteignar og halda verðgildi eignar.**
**Hjá Leiguliðum starfa 3 löggiltir leigumiðlarar með mikla reynslu á sviði útleigu á íbúðar- og atvinnuhúsnæði.**
**Sjá www.leigulidar.is leiguumsjón eða s- 517-3440**




## Atvinna

**Kringlan**

# Þjónustufulltrúi óskast

Rekstrarfélag Kringlunnar óskar eftir framtíðarstarfsmanni á þjónustuborð Kringlunnar

Starfsmaður þarf að geta hafið störf 23.maí í hlutastarfi. 1.ágúst myndi viðkomandi byrja í fullu starfi. Sjá nánar um vinnufyrirkomulag efst á heimasíðu Kringlunnar.

**Starfssvið**
- Sala á gjafakortum Kringlunnar
- Endurgreiðsla Tax-free
- Svara fyrirspurnum
- Ýmis önnur tilfallandi verkefni

**Hæfniskröfur**
- Stúdentspróf æskilegt
- Tölvukunnátta
- Sjálfstæði og skipulag í vinnubrögðum
- Enskukunnátta
- Færni í mannlegum samskiptum og rík þjónustulund

Nánari upplýsingar gefur Viðar J. Björnsson, rekstrarstjóri Kringlunnar, í síma 517-9011 eða á netfanginu **vidar@kringlan.is**
– Umsóknir skulu sömuleiðis berast þangað.

Umsóknarfrestur er til og með mánudeginum 23.apríl.

## Fundir / Mannfagnaður

**BÚSETI**
Öryggi til framtíðar, frelsi þegar þér hentar

# Aðalfundur Búseta

Verður haldinn 30. apríl kl. 17 á Grand Hótel Reykjavík.

Hefðbundinn aðalfundarstörf.
Kl. 18:00 verður kynning á fyrirhuguðum húsbyggingum félagsins.

## Fasteignir

**Fasteignasala Mosfellsbæjar**

**KJARNA - ÞVERHOLTI 2**
**• 270 MOSFELLSBÆ**
**• SÍMI: 586 8080**
**• FAX: 586 8081**
**WWW.FASTMOS.IS**

**Hlégerði - 200 Kópavogur**



Fallegt 154 m2 einbýlishús ásamt 39,4 m2 tvöföldum bílskúr á fallegum útsýnisstað við Hlégerði 37A í Kópavogi. Húsið er teiknað af Jóni Haraldssyni, arkitekt árið 1988 og byggt árið 1989. Húsið er tengt eldra húsi á lóðinni með sólskála. Tvö svefnherbergi, stofa, borðstofa, eldhús og sólstofa á aðalhæð og stórt vinnurými og geymslur í kjallara. **Eignin er laus til afhendingar strax. V. 42,9 m.**

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**

**ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.**
**Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is**
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

**Nesvegur 50**
**Húseign með tveimur íbúðum**

**OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 17.30-18.30**




183,9 fm. húseign með tveimur íbúðum í vesturbæ Reykjavíkur að meðtöldum 37,5 fm. bílskúr. Eignin skiptist í 81,0 fm 3ja herb. íbúð ásamt 37,5 fm.og í kjallara er 65,4 fm. 3ja herb. íbúð. Suðursvalir út af stofu íbúðar á efri hæð. Skipt var um þakjárn og pappa nýlega og rafmagnstafla endurnýjuð fyrir sex árum. **Verð 44,9 millj. Eignin verður til sýnis í dag. Verið velkomin.**

# Aðalfundur Eflingar-stéttarfélags

**EFLING STÉTTARFÉLAG**

Aðalfundur Eflingar – stéttarfélags 2012 verður haldinn á Grand Hótel fimmtudaginn 26. apríl 2012. Fundurinn hefst kl. 20.00

**Dagskrá:**
1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Breyting á reglugerð Sjúkrasjóðs
3. Önnur mál

Endurskoðaðir reikningar félagsins liggja frammi á skrifstofunni að Sætúni 1 Reykjavík frá og með miðvikudeginum 18.apríl nk.

Félagar mætið vel og stundvíslega.

Stjórn Eflingar-stéttarfélags

# tímamót

timamot@frettabladid.is



38 **VICTORIA BECKHAM** Enska tónlistarkonan og tískumógúllinn á afmæli í dag.

*„Ég veit ekki mikið um fótbolta. Ég veit þó hvað mark er og það er auðvitað aðalatriðið í fótbolta."*





†

Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**SIGRÍÐUR ÁSDÍS ÞÓRARINSDÓTTIR**
**Ásvallagötu 1, Reykjavík,**

er látin. Jarðarför fer fram frá Fossvogskapellu miðvikudaginn 18. apríl kl. 11.00.

**Oddur Ólafsson**
**börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

**SIGURÐUR HAFSTEINN BJÖRNSSON**
**Lambastöðum, Seltjarnarnesi,**

lést föstudaginn 13. apríl. Útför auglýst síðar.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Jónína K. Helgadóttir**



†

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**KRISTJÁN KARL NORMAN**

varð bráðkvaddur á heimili sínu þann 6. apríl. Kveðjuathöfn fer fram frá Bústaðakirkju föstudaginn 20. apríl kl. 13.00. Blóm vinsamlega afþökkuð. Þeim sem vilja minnast hans er bent á að hugur hans var til langveikra barna.

**Gréta Þórs**
**Einir Kristjánsson, Baldur Sigurðsson, Þór Björnsson, tengdadætur, afa- og langafabörn og fjölskyldur.**



†

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**ÞÓRUNN E. HAFSTEIN**

lést á gjörgæsludeild Landspítalans Fossvogi fimmtudaginn 12. apríl. Útför hennar fer fram í Dómkirkjunni föstudaginn 20. apríl kl. 15.00.

**Guðlaugur Björgvinsson**
**Ásta Margrét Guðlaugsdóttir — Einar Ingi Ágústsson**
**Hildigunnur Sigrún Guðlaugsdóttir — Gunnlaugur Árnason**
**Þórunn Björk Guðlaugsdóttir**
**Erna Guðlaugsdóttir — Guðmundur Gunnarsson**
**og barnabörn.**



†

Okkar ástkæri,

**ÁSMUNDUR GUÐMUNDSSON**
**fyrrverandi skipstjóri,**
**Árskógum 6, Reykjavík,**

er látinn. Útförin fer fram frá Seljakirkju miðvikudaginn 18. apríl kl. 13.00.
Blóm vinsamlega afþökkuð. Þeim sem vilja minnast hans er bent á líknarstofnun.

**Sigríður Einarsdóttir**
**Einar Eysteinn Jónsson**



†

Útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**ÁSTU INGIBJARGAR ÞORSTEINSDÓTTUR**
**Mánatúni 4,**

sem lést 6. apríl síðastliðinn, fer fram miðvikudaginn 18. apríl kl. 15.00 í Fossvogskirkju. Þeim sem vildu minnast hennar er vinsamlegast bent á Karitas hjúkrunarþjónustu. Minningarkortin er hægt að nálgast á heimasíðu Karítas, karitas.is, eða í síma 551 5606.

**Guðmundur Ingólfsson — Halla Hauksdóttir**
**Þorsteinn Ingólfsson — Una Bryngeirsdóttir**
**Haraldur Ingólfsson — Sofía Björg Pétursdóttir**
**Ástríður Helga Ingólfsdóttir — Kristján Valsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



**ÞETTA GERÐIST: 17. APRÍL 1961**

## *Innrásin í Svínaflóa*

Þennan dag árið 1961 réðust kúbverskir útlagar inn í Svínaflóa á Kúbu. Útlagarnir höfðu hlotið þjálfun og fjármagn hjá bandarísku leyniþjónustunni og áttu að steypa Fidel Castro af stóli. Innrásin misheppnaðist algjörlega.
Castro hafði verið bandarískum ráðamönnum þyrnir í augum frá því að hann náði völdum á Kúbu árið 1959. Hann hafði þjóðnýtt bandarísk fyrirtæki og rak mikinn áróður gegn áhrifum Bandaríkjamanna á eyjunni.
Árið 1960 ákvað Dwight D. Eisenhower Bandaríkjaforseti að bandaríska leyniþjónustan skyldi þjálfa lítinn her kúbanskra útlaga til að skipuleggja innrás á Kúbu. John F. Kennedy erfði áætlunina þegar hann varð forseti árið 1961. Hann gaf grænt ljós á árásina þótt hernaðarráðgjafar hans bentu á að léttvopnað herlið mætti sín lítils í slíkri innrás. Hinn 17. apríl óðu um 1.200 útlagar á land í Svínaflóa. Vonir stóðu til að þeir myndu fylla aðra Kúbverja eldmóði, þeir myndu rísa gegn Castro og steypa honum af stóli.
Útlagaherinn beið afhroð um leið og hann



gekk á land. Kúbverski herinn felldi um hundrað útlaga og handtók 1.100. Ekkert varð af uppreisninni sem vonast var eftir.



**BÓKASAFNSDAGURINN** Hrafnhildur Hreinsdóttir er formaður Upplýsingar, félags bókasafns- og upplýsingafræða, sem stendur fyrir bókasafnsdeginum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

BÓKASAFNSDAGURINN: HALDINN HÁTÍÐLEGUR Í ANNAÐ SINN Í DAG

# Hátíðisdagur starfsfólksins

„Lestur er bestur," er yfirskrift bókasafnsdagsins sem haldinn er hátíðlegur í annað sinn í dag. Upplýsing, félag bókasafns- og upplýsingafræða, stendur fyrir deginum í samvinnu við bókasöfn í landinu, en rúmlega hundrað bókasöfn um allt land taka þátt í deginum að þessu sinni. Hvert safn fyrir sig skipuleggur sína dagskrá og vonast er til að sú tilhögun skili sér í fjölbreyttri dagskrá á söfnunum.

Hrafnhildur Hreinsdóttir, formaður Upplýsingar, segir bókasafnsdaginn hafa tekist einkar vel til á síðasta ári þegar fyrst var haldið upp á hann. „Starfsfólk bókasafnanna var mjög ánægt með framtakið í fyrra. Tilgangur þessa dags er í raun tvíþættur; að vekja athygli á mikilvægi bókasafnanna og koma þeim á framfæri, en líka að gera daginn að hátíðisdegi fyrir starfsfólk safnanna. Þetta er eins konar gleðidagur og starfsfólkið gerir sér dagamun, hefur eitthvað gott með kaffinu og svo framvegis," segir Hrafnhildur og giskar aðspurð á að um þrjú hundruð bókasöfn af ýmsum gerðum séu starfandi á landinu, almenningsbókasöfn, skólasöfn á öllum skólastigum, sérfræðisöfn og fleiri.

Sjálf er Hrafnhildur ákveðin í því að skemmta sér á bókasafnsdeginum. „Ég byrja daginn á að fara á morgunfund hjá Upplýsingu. Þar fara fram umræður um yndislestur og einnig verða veitt verðlaun í stuttmyndasamkeppni framhaldsskólanema sem við efndum til í tilefni bókasafnsdagsins. Þá veitum við líka verðlaun í Ljósmyndasamkeppni Upplýsingar sem góð þátttaka var í, en við stefnum á að setja sigurmyndirnar í báðum keppnum inn á heimasíðuna okkar, upplysing.is."

Að auki verður birtur listi yfir hundrað bestu barna- og unglingabækurnar sem valdar voru af starfsfólki bókasafna, en á síðasta ári var settur saman sams konar listi yfir bestu íslensku skáldverkin. Hin sígilda bók Bróðir minn Ljónshjarta eftir Astrid Lindgren var valin besta barna- og unglingabókin, en skammt á hæla hennar koma rit á borð við Emil í Kattholti og Línu Langsokk eftir sama höfund og Jón Odd og Jón Bjarna og Sitji guðs englar eftir Guðrúnu Helgadóttur. „Það er alltaf gaman að skoða svona lista og úrslitin koma mér ekkert sérstaklega á óvart," segir Hrafnhildur. „Bækurnar á listanum skiptast nokkuð jafnt á milli íslenskra bóka og þýðinga. Ætli hlutföllin séu ekki um sextíu/fjörutíu, íslensku bókunum í vil."

kjartan@frettabladid.is





†

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**AGNAR TRYGGVASON**
**fyrrv. framkvæmdastjóri Búvörudeildar SÍS,**

lést á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund hinn 11. apríl sl. Útför auglýst síðar.

**Guðrún Helga Agnarsdóttir — Jón Kristjánsson**
**Anna Agnarsdóttir**
**Björn Agnarsson**
**Sigríður Agnarsdóttir**
**Tryggvi Agnarsson — Steingerður Þorgilsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, bróðir, afi og langafi,

**EIRÍKUR GUÐMUNDSSON**
**frá Raufarhöfn**

er látinn. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju, föstudaginn 20. apríl kl. 13.00.

**Björg Sæland Eiríksdóttir**
**Margrét Eiríksdóttir**
**Hrönn Harðardóttir — Þór Friðriksson**
**Hildur Harðardóttir**
**Málfríður Anna Guðmundsdóttir**
**Aríel, Ingi Þór, Kolbrún Björg, Hrannar Már, Hörður Örn, Hrannar Þór, Rósa Björg, Halldór Jón og langafabörn.**

husa.is

# VIÐ TEIKNUM PALLINN FYRIR ÞIG!

## SÓLPALLARÁÐGJÖF Í HÚSASMIÐJUNNI



### Stanislas Bohic í Húsasmiðjunni

**Hinn landsþekkti Stanislas Bohic vinnur með þér tillögu að sólpallinum þínum, í verslunum Húsasmiðjunnar.**
Viðskiptavinir Húsasmiðjunnar greiða aðeins kr. **3.990** að 20-30 mínútna ráðgjöf lokinni. Sú upphæð fæst endurgreidd við kaup á efni.
**Munið að koma með teikningar af grunnmynd 1:100 og útlitsteikningar eða ljósmyndir**


Stanislas Bohic

**Nánari upplýsingar og tímapantanir í síma 525-3000**

**Ráðgjöf í apríl**

| | | |
|---|---|---|
| **Fimmtudaginn** | **19. apríl, kl.10-18** | ( Skútuvogi ) |
| **Laugardaginn** | **21. apríl, kl.10-18** | ( Grafarholti ) |
| **Miðvikudaginn** | **25. apríl, kl.10-18** | ( Hafnarfirði ) |
| **Fimmtudaginn** | **26. apríl, kl.10-18** | ( Grafarholti ) |
| **Laugardaginn** | **28. apríl, kl.10-16** | ( Selfossi ) |
| **Sunnudaginn** | **29. apríl, kl.10-18** | ( Skútuvogi ) |

**skráning er hafin!**





## SÉRFRÆÐINGAR OKKAR SJÁ VEL UM ÞIG

1. ÞÚ KEMUR TIL OKKAR MEÐ ÞÍNAR HUGMYNDIR
2. VIÐ HJÁLPUM ÞÉR AÐ EFNISTAKA OG ÚTFÆRA PALLINN Á GÓÐU VERÐI
3. ÞÚ SÆKIR EFNIÐ EÐA VIÐ SENDUM ÞÉR ÞAÐ HEIM AÐ DYRUM

HÚSASMIÐJAN SELUR EINGÖNGU GAGNVARIÐ TIMBUR FRÁ FRAMLEIÐENDUM SEM NOTA VIÐURKENND EFNI GAGNVART UMHVERFI OG HEILSU FÓLKS.



## NÝTT UPPHAF!

Sameining Húsasmiðjunnar og Bygma markar nýtt upphaf á íslenskum byggingavörumarkaði. Það eru spennandi tímar framundan í Húsasmiðjunni þar sem Íslendingar hafa fengið allt frá grunni að góðu heimili síðan 1956.

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

**ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI SÍÐAN 1956**

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** gösla, **6.** í röð, **8.** kjökur, **9.** móða, **11.** skóli, **12.** box, **14.** vökva, **16.** grískur bókstafur, **17.** hætta, **18.** sóða, **20.** tveir, **21.** tikka.

**LÓÐRÉTT**
**1.** ónæði, **3.** átt, **4.** nagdýr, **5.** fæða, **7.** brennivínstegund, **10.** fiskur, **13.** arinn, **15.** form, **16.** fálm, **19.** frá.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** ósla, **6.** að, **8.** væl, **9.** ský, **11.** ma, **12.** kassi, **14.** vatns, **16.** pí, **17.** ögn, **18.** ata, **20.** ii, **21.** tifa.
**LÓÐRÉTT: 1.** rask, **3.** sv, **4.** læmingi, **5.** ala, **7.** ákavíti, **10.** ýsa, **13.** stó, **15.** snið, **16.** pat, **19.** af.






# Vegurinn heim

**BAKÞANKAR**
**Svavar Hávarðsson**



Á dögunum var ég að blaða í gegnum pappíra heima í stofu og rakst þá á frétt sem ég skrifaði fyrir margt löngu um fjölfarinn vegarslóða vestur á fjörðum. Við lesturinn fékk ég heimþrá. Heimamenn voru að barma sér yfir sviknum loforðum um vegabætur og fékk ég þær upplýsingar að á vegarkaflanum hafði helstu hindrunum á leiðinni verið gefin örnefni – voru það gjarnan stærstu steinarnir sem höfðu komið í ljós í gegnum árin og verið skírð eftir mönnum sem höfðu strandað bílum sínum á veginum – gjarnan í illviðrum. Ég á sjaldan leið um Vestfirði, svo ég hef aldrei séð þessar klettamyndanir á veginum – en ég geri ráð fyrir að þær séu fallegar, rétt eins og náttúran öll þarna fyrir vestan.

**ÉG ER** Austfirðingur og þar er líka víða hrikaleg náttúra og falleg. Víða má njóta útsýnisins við veginn. Þegar ég heimsæki systur mína á Neskaupstað reyni ég til dæmis að stoppa nokkrum sinnum á leiðinni. Til dæmis er sérstaklega fallegt við Oddskarðsgöngin við gangnamunnann Eskifjarðarmegin. Þar er maður í 630 metra hæð og hefur gott útsýni yfir firðina og hrikalegan fjallahringinn. Á þessum stað hefur maður jafnframt gott útsýni yfir besta skíðasvæði fjórðungsins sem liggur eina 50 metra fyrir neðan. Ef þér liggur ekki mikið á, ert til dæmis ekki á leiðinni með barnið þitt á fjórðungssjúkrahúsið á Neskaupstað, hvet ég þig eindregið til þess að taka þér tíma á Oddskarðinu.

**EFTIR** heimsókn til systur minnar á Neskaupstað ek ég gjarnan sem leið liggur til Stöðvarfjarðar, en þar situr gamla settið sem fastast. Á þeirri leið er afskaplega margt fallegt að skoða og leiðin auðfarnari og öruggari eftir að Fáskrúðsfjarðargöngin voru tekin í notkun. Leiðin er reyndar enn þá hættulegasti vegarkaflinn á Íslandi, segir í nýrri rannsókn, svo ég hvet fólk til þess að fara varlega.

**FRÁ** Stöðvarfirði skrepp ég alltaf á Seyðisfjörð. Ég þekki þessa leið vel því þar var lengi eina útibú Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins á Austurlandi. Þar býr líka amma Svana sem ég heimsæki auðvitað þegar ég fer heim. Ekki þó á fimmtudögum því síðan 1984 hefur farþegaferjan Norræna komið á Seyðisfjörð þennan dag og afskaplega pirrandi að vera staddur þarna á fjallvegi í 620 metra hæð þegar nokkur hundruð manns eru á sömu leið og þú. Sérstaklega í svarta þoku.

**JÁ, ÞAÐ ER** margt að sjá á Íslandi. Austurland er einn kostur en svo er líka hægt að bregða sér vestur og líta fyrrnefndar klettamyndanir augum. Þær eru víst enn þá á sínum stað á veginum en hafa hækkað töluvert síðan ég skrifaði fréttina forðum.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman







# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS



OS SAMLOKUOSTUR
Í SNEIÐUM **1198 KR.KG**
VERÐ ÁÐUR 1498 KR.KG
300 KR. VERÐLÆKKUN



BEST FYRIR
1. JÚLÍ 2012

EUROSHOPPER NÚÐLUR
TVÆR TEG. 85 GR.
**10 KRÓNUR PK.**

HELLIÐ SJÓÐANDI VATNI
Í BOXIÐ OG NÚÐLURNAR ERU
TILBÚNAR EFTIR 3 MÍN.



YUM YUM 70 GR NÚÐLUBOX **479 KR.**
*TILBOÐ:* 5 BOX FYRIR VERÐ Á 6 BOXUM

## COKE OG PRINS



**1998** KR. 10 KG.
ROYAL UMBRELLA
JASHMIN HRÍSGRJÓN 10 KG.



**398** KR. PK
PRINCE POLO: 5 STK. Á VERÐI 6



**95** KR. DS
COKE Í DÓS 500ML



**998** KR. PK
BÓNUS TILBÚIÐ LASAGNE
ÞARF AÐEINS AÐ HITA HEIMA !



**698** KR. PK
BÓNUS HAKKBOLLUR 480 GR
ÞARF AÐEINS AÐ HITA HEIMA !



**398** KR. PK
4 X SPINNER FROSTPINNAR



**159** KR. PK
BÓNUS HRÁSALAT
350GR



**198** KR. 500 GR
ES SÚR/SÆT SÓSA



**198** KR. PARIÐ
FRÁ BLINDRAVINNUSTOFUNNI:
GARÐAHANSKAR



**259** KR. 10 STK.
SVARTIR RUSLAPOKAR
100 LTR.



**698** KR. 250 ML
SONAX
BÍLABÓN 250 ML



**698** KR. 2 LTR.
SONAX
BÍLASÁPA 2 LTR

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur



**ERINDI UM EYÐIBÝLI** Sigbjörn Kjartansson arkitekt, Gísli Sverrir Árnason menningarráðgjafi og Steinunn Eik Egilsdóttir BA í arkitektúr halda erindi um eyðibýli í Hönnunar-og arkitektúrdeild Listaháskóla Íslands á morgun. Erindið fjallar um verkefnið Eyðibýli á Íslandi sem er rannsókn á eyðibýlum og yfirgefnum húsum í Austur-Skaftafellssýslu, Vestur-Skaftafellssýslu og Rangárvallarsýslu sumarið 2011. Fyrirlesturinn verður í Skipholti 1, stofu 113 og byrjar kl. 12.00.



**KRISTÍN ÓMARSDÓTTIR** Skáldsaga hennar Hér kom út í Bandaríkjunum fyrir helgi.

## Kristínu hrósað í New York Times

**Kristín Ómarsdóttir fær lofsamlega dóma í bandaríska stórblaðinu New York Times fyrir enska þýðingu skáldsögunnar Hér. Bókin, sem nefnist á ensku Children in Reindeer Woods, kom út vestanhafs fyrir helgi á vegum útgáfunnar Open Letter en á sunnudag birti New York Times ritdóm rithöfundarins Helen Oyeyem um bókina.**

**Oyeyem fer lofsamlegum orðum um bókina, sem sé samtal milli fortíðar og framtíðar og hins raunverulega og ímyndaða. Hæfileikar Kristínar sem ljóð- og leikskálds séu áberandi og sagan sé á heildina litið óviðjafnanlega djörf og truflandi.**

**Hér kom fyrst út á Íslandi 2004. Hún fjallar um Billie, sem verður skyndilega miðdepill á hernumdu svæði og hversdagsleg kyrrstaða umturnast á augabragði, þar sem fólk á ekki annarra kosta völ en skapa sér sinn eigin litla heim inni í stóra heiminum þar sem stríðsherrarnir ráða.**

# Hátíð fyrir listhneigða æsku

**Rúmlega 200 atriði verða á dagskrá Barnamenningarhátíðar í Reykjavík sem hefst í dag. Þúsundir barna og unglinga taka þátt í hátíðinni sem stendur fram á sunnudag.**



**GUÐMUNDUR BIRGIR** Vonast til að Barnamenningarhátíð verði að árlegum viðburði eftirleiðis en allir aldurshópar ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi innan þeirra aragrúa viðburða sem eru á dagskránni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Markmiðið er ekki bara að sýna menningu fyrir börn heldur til að búa til menningu eftir börn,“ segir Guðmundur Birgir Halldórsson, verkefnastjóri Höfuðborgarstofu, um Barnamenningarhátíð í Reykjavík sem hefst í dag.

Hátíðin verður sett klukkan ellefu í dag þegar 1.200 krakkar úr fjórða bekk grunnskóla Reykjavíkur koma og dansa saman Dans ársins á göngum Hörpu. Opnuninni verður fylgt eftir með rúmlega 200 atriðum frá grunnskólum, leikskólum, frístundaheimilum, menningar- og listastofnunum, félagasamtökum af ýmsu tagi og einstaklingum. Í Iðnó verður starfrækt barnamenningarhús sem hlotið hefur nafnið Ævintýrahöllin. Þar verður fjölbreytt dagskrá á meðan hátíðin stendur yfir og verður húsið miðstöð barnamenningar á hátíðinni. Hátíðinni lýkur svo á sunnudag með stórtónleikum í Laugardalslaug.

Guðmundur Birgir, sem skipuleggur hátíðina ásamt Karen Maríu Jónsdóttur, segir að vissulega hafi verið í mörg horn að líta enda dagskráin afar umfangsmikil.

„Hátíðin er samstarfsverkefni skóla, leikskóla, frístundaheimila og fleiri, þannig að það leggjast allir á eitt til að gera hátíðina sem best úr garði,“ segir hann. „Við héldum fund með öllum þeim sem koma að hátíðinni í desember þar sem við förum yfir málin og auglýstum í leiðinni eftir atriðum. Í framhaldinu höfðu margir skólar samband með atriði sem þeir skipuleggja og við sjáum um annað. Sum atriði eru því bundin við tiltekna skóla en önnur eru á opinberum stöðum.“

Aldursbil krakkanna sem sækja hátíðina er breitt, yngstu börnin eru tveggja ára en þau elstu á sextánda ári. Guðmundur Birgir segir enda einna mestu kúnstina að tryggja nóg af viðburðum sem höfða til allra aldurshópa.

„Þau allra yngstu geta til dæmis farið og séð Brúðubílinn en fyrir þá eldri erum við með uppistand, svo fátt eitt sé nefnt. Við reynum sérstaklega að ná til unglinganna því þeir eiga stundum til með að gleymast á svona hátíðum,“ segir hann.

Þetta er í annað sinn sem Barnamenningarhátíð í Reykjavík er haldin. Sú fyrsta var haldin árið 2010 og var vonast til að hátíðin yrði haldin á tveggja ára fresti.

„Sú hátíð gekk vonum framar og nú vonumst við til þess að geta gert þetta að árlegum viðburði,“ segir Guðmundur Birgir, sem telur að auk krakkanna í opnunaratriðinu í dag hlaupi þátttakendur í hátíðinni á þúsundum.

Dagskrá Barnamenningarhátíðar og aðrar upplýsingar má nálgast á heimasíðunni barnamenningarhatid.is.

bergsteinn@frettabladid.is






**DAVE EGGERS** Þiggur verðlaun Stofnunar Günthers Grass en vildi ekki veita þeim viðtöku sjálfur, þar sem hann væri ekki reiðubúinn að tjá sig um umdeilt ljóð nóbelsverðlaunaskáldsins um Ísrael.

## Dave Eggers víkur sér undan Grass

Bandaríski rithöfundurinn Dave Eggers ákvað að mæta ekki á verðlaunaafhendingu í Þýskalandi til að taka við bókmenntaverðlaunum frá stofnun Günthers Grass á föstudag. Ástæðan var nýlegt ljóð, Það sem segja þarf, þar sem þýska nóbelsskáldið deilir á ísraelsk stjórnvöld og hefur uppskorið mikla reiði í Ísrael.

Á dögunum var tilkynnt að Dave Eggers hlyti Albatross-verðlaunin, sem Stofnun Günthers Grass veitir, fyrir skáldsögu sína Zeitoun og átti verðlaunaafhendingin að fara fram í Bremen á föstudag. Eggers ákvað hins vegar að veita verðlaununum ekki viðtöku í eigin persónu. Taldi Eggers rétt að athöfninni yrði frestað til að deilurnar um ljóðið myndu ekki draga athygli frá starfi Stofnunarinnar og efni bókarinnar. „Ég er ekki reiðubúinn til að ræða þau málefni sem Grass drepur á í ljóði sínu, eins og til hefði verið ætlast af mér,“ sagði hann í yfirlýsingu. Eggers þiggur verðlaunin þó eftir sem áður með þökkum. Sigurlaunin, jafnvirði 6,7 milljóna króna, gefur hann til þvertrúarlegra samtaka í Þýskalandi. Dave Eggers er einn virtasti rithöfundur Bandaríkjanna af yngri kynslóðinni. Hann er stofnandi McSweeney's, framsækinnar útgáfu sem prentar meðal annars verk sín á Íslandi, og sló í gegn með endurminningum sínum, A Heartbreaking Work of a Staggering Genius, árið 2000. Bók hans, Hvað er þetta hvað?, kom út í íslenskri þýðingu Rúnars Helga Vignissonar árið 2008.


Lestur er bestur
Bókasafnsdagurinn
17. apríl 2012

# Íslenskt bíó í brennidepli í New York

Að meðaltali fjórar íslenskar bíómyndir verða sýndar á dag í listamiðstöðinni Lincoln Center í New York dagana 18. til 26. apríl. Það voru Kvikmyndaklúbbur Lincoln Center og Kvikmyndamiðstöð Íslands sem skipulögðu dagskrána sem ber yfirskriftina Myndir frá jaðrinum: Sígildar og nýjar íslenskar kvikmyndir.

Á annan veg, kvikmynd Hafsteins Gunnars Sigurðarsonar frá árinu 2011, verður opnunarmyndin á dagskránni í Lincoln Center, en í heild verða þar sýndar tuttugu kvikmyndir, sem spanna rúmlega sex áratugi í kvikmyndasögu Íslands. Meðal annarra kvikmynda sem sýndar verða má nefna Milli fjalls og fjöru í leikstjórn Lofts Guðmundssonar, Rokk í Reykjavík í leikstjórn Friðriks Þórs Friðrikssonar, Nóa Albínóa í leikstjórn Dags Kára Gunnarssonar og Eldfjall í leikstjórn Rúnars Rúnarssonar.

Sýning kvikmyndanna þykir mikill heiður fyrir íslenska kvikmyndagerð og gæti hæglega orðið til að auka veg hennar, en á hverju ári heimsækja um 5 milljónir gesta hina ýmsu listviðburði í Lincoln Center, sem hýsir meðal annars Metropolitan-óperuna, Fílharmóníusveit New York-borgar og New York-ballettinn. - hhs



**Á ANNAN VEG** Kvikmynd Hafsteins Gunnars Sigurðssonar frá árinu 2011 er opnunarmyndin á dagskránni í Lincoln Center.

www.lyfja.is

ESTĒE LAUDER

Gjöfin þín

Ef þú verslar vörur frá Estée Lauder fyrir 6.200 krónur eða meira, dagana 17. – 24. apríl í Lyfju Lágmúla, Lyfju Smáratorgi og Lyfju Selfossi



**Gjöfin inniheldur:**
Splash Away Cleanser– andlitshreinsi, 30ml
Idealist – sermi sem jafnar út litamisfellur, 7ml
Advance Night Repair Eye – augnkrem, 5ml
Sumtuous Mascara – svartan maskara
Fresh Balancing Exfoliator – kornakrem, 30ml
Daywear – háþróað andlitkrem, 15ml
Pure Color Lipstick – varalit, fulla stærð, lit Candy shimmer
Sumarlega snyrtistösku

Verðgildi gjafarinnar er ca. 24.740.-
*meðan birgðir endast.

LYFJA
- Lifið heil



**NÚMI** Leikritið um Núma byggir á bók eftir rithöfundinn Sjón.

## Númi á barnahátíð

Brúðuleikritið „Númi með höfuðin sjö“ verður sýnt í Iðnó klukkan 17.30 á morgun. Sýningin er hluti af barnamenningarhátíð sem hefst sama dag.

Númi er mesti hrakfallabálkur og lendir í ýmsum hrakningum þar til hann fer að nota höfuðið og hugsa um afleiðingar uppátækja sinna. Bókin um Núma með höfuðin sjö er eftir Sjón en brúðuleikritið gerði Helga Steffensen. Helga og Gígja Hólmgeirsdóttir stjórna brúðunum. Sýningin tekur rúma hálfa klukkustund.




**NOTA BENE** Þótt vægi latínu hafi minnkað gætir áhrifa hennar enn víða.

## Nýtt rit um áhrif latínu

**Nota Bene – latína á Íslandi nefnist ný bók eftir Jón R. Hjálmarsson sem Suðurlandsútgáfan gefur út.**

**Í bókinni er sagt frá latneskum áhrifum hér á landi og nefnd dæmi um þar um svo sem í mannanöfnum, máli kirkju og skóla og ýmsu fleira. Þá eru í bókinni latneskar bænir, ljóð, sögur og sagnir og ýmsis annar fróðleikur auk latneskra orðtaka, spakmæla og algengra skammstafana.**

**Jón R. Hjálmarsson er fyrrverandi skólastjóri í Skógum og fræðslustjóri á Selfossi. Bókin var gefin út í tilefni níræðisafmælis höfundar í mars en eins og hann segir í formála var latínan meðal höfuðnámsgreina í máladeild þegar hann var í menntaskóla fyrir rúmum sextíu árum. Síðan þá hefur dregið mjög úr vægi latínunnar en þetta tungumál var gríðarmikill áhrifavaldur um aldir og áhrifa latínunnar gætir víða í íslensku sem og í fjölmörgum öðrum tungumálum.**

# Dikta kveður veturinn með tónleikum á Faktorý

„Við höfum verið að spila lög hér og þar en þetta eru fyrstu alvöru tónleikarnir okkar hérlendis á árinu," segir Haukur Heiðar Hauksson söngvari hljómsveitarinnar Diktu sem kveður veturinn með tónleikum á Faktorý á miðvikudagskvöldið.

Frá áramótum hafa strákarnir í Diktu einbeitt sér alfarið að erlendum markaði. „Svo erum við búnir að vera að jafna okkur eftir jólin en við erum allir svoddan jólabörn," segir Heiðar. Fjórða plata hljómsveitarinnar, Trust Me, kom út hérlendis á síðasta ári og er væntanleg í verslanir í Þýskalandi 8.júní næstkomandi. „Við gáfum síðustu plötuna okkar líka út í Þýskalandi og hún fékk góða spilun. Það er erfitt að komast inn á þýskan markað þar sem hann er rosalega stór og fjölbreyttur," bætir Heiðar við. Hann segir að stefnt sé á að dreifa plötunni víðar um Evrópu en að Ameríkumarkaður verði þó látinn bíða ögn lengur.

Á tónleikunum á Faktorý mun Dikta spila nýtt efni í bland við eldri smelli og hljómsveitin 1860 hitar upp, en hún var meðal annars tilnefnd til verðlauna sem bjartasta vonin á íslensku tónlistarverðlaununum fyrr á árinu. „Þetta verður hörkugott kvöld og bara þúsundkall inn, það er ekki rassgat," segir Haukur að lokum.

**- trs**



**GEFA ÚT Í ÞÝSKALANDI** Strákarnir í Diktu hafa unnið að því að undanförnu að koma sér vel fyrir á erlendum markaði og gefa út plötu sína, Trust Me, í Þýskalandi nú í júní. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Þriðjudagur 17. apríl 2012**

**➜ Ópera**



**18.15** Háskólabíó sýnir Verdi óperuna Rigoletto í beinni útsendingu frá The Royal Opera House í London.

**➜ Félagsvist**

**20.00** Félagsvist verður spiluð hjá Félagi eldri borgara í Reykjavík, Stangarhyl 4.

**➜ Hátíðir**

**11.00** Barnamenningarhátíð Reykjavíkur hefst með opnunarathöfn í Hörpu.

**➜ Bókmenntir**

**14.00** Bókasafn Seltjarnarness tekur þátt í Bókasafnsdeginum, sem er í dag, með dagskrá á safninu yfir daginn.

**14.00** Bókasafnsdagurinn verður haldinn hátíðlegur í Bókasafni Mosfellsbæjar. Ýmsir atburðir verða allan daginn og tónleikar með Agli Ólafssoni og Tríói Reynis Sigurðssonar hefjast klukkan 20.00. Aðgangur ókeypis.

**➜ Tónlist**

**20.00** Nýtt íslenskt verk eftir Borgar Magnason, Imaginary numbers, verður frumflutt í Salnum, Kópavogi. Auk þess verður Kvintett Prokofievs opus 39 fluttur af einvalaliði tónlistarfólks.

**20.30** Eistneska jazzsöngkonan Margot Kiis kemur fram á jazztónleikaröðinni á KEX Hostel, Skúlagötu 28. Aðgangur er ókeypis.



**21.00** Lára Rúnars og Myrra Rós halda tónleika á kaffihúsinu Bifröst. Aðgangseyrir er kr. 1.500.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.**


# Aðskilnaður viðskipta- og fjárfestingarbanka

## Morgunverðarfundur föstudaginn 20. apríl

Ein af þeim mikilvægu spurningum sem íslenskt samfélag reynir að svara um þessar mundir varðar framtíðarskipan íslenska fjármálakerfisins. Markmiðið er að byggja hér á landi upp traust fjármálakerfi sem hentar íslenskum aðstæðum.

Á morgunverðarfundi greiningardeildar Arion banka, föstudaginn 20. apríl, verður kynnt ný skýrsla greiningardeildarinnar um hugmyndir um aðskilnað fjárfestingarbankastarfsemi og viðskiptabankastarfsemi. Á fundinum munu sérfræðingar alþjóðlega ráðgjafafyrirtækisins McKinsey jafnframt varpa ljósi á hvað þarf að hafa í huga við mat á þessum hugmyndum.

## Dagskrá fundarins



Aðskilnaður viðskipta- og fjárfestingarbankastarfsemi: Breyting til batnaðar?
Davíð Stefánsson, sérfræðingur greiningardeildar Arion banka





Separation of retail and investment banking: an international perspective and key considerations
Paul Jenkins, McKinsey, Osló
Marc Lient, McKinsey, London



Samantekt
Höskuldur H. Ólafsson, bankastjóri Arion banka

Taktu þátt í mikilvægri umræðu og snæddu með okkur morgunverð í höfuðstöðvum Arion banka í Borgartúni 19. Fundurinn hefst klukkan 8.30 og stendur til 10.30.

**Nánari upplýsingar og skráning á arionbanki.is**

arionbanki.is – 444 7000

Arion banki

# Stjörnufans á Coachella

**Ein stærsta tónlistarhátíð í heimi, Coachella-hátíðin, fór fram í eyðimörkinni í Kaliforníu um helgina. Léttklæddir tónlistarunnendur hlustuðu á frægustu tónlistarmenn í heimi á borð við Snoop Dogg, Dr. Dre, Florence and the Machine og Radiohead. Stjörnurnar nýttu sér hátíðina til að sletta sjálfar úr klaufunum og mátti sjá Rihönnu á háhesti, Katy Perry með fjólublátt hár og Florence Welch vingast við rapparann Azealiu Banks.**



**Á HÁHEST** Söngkonan Rihanna lét sig ekki vanta en hún sést hér á háhesti á lífverði sínum, sem fékk sjálfur ekki að sjá tónleikana ef marka má þessa mynd.



**TUPAC SNÝR AFTUR** Tónleikar rapparans Snoop Dogg vöktu mikla athygli enda steig sjálfur Tupac Shakur með honum á svið. Tölvutækninni var beitt til að endurlífga kappann sem lést árið 1996.



**HVÍTKLÆDD** Leikkonan Lindsay Lohan var að sjálfsögðu mætt í gleðina á Coachella.



**KÆRUSTUPAR** Leikarinn Ian Somerhalder naut lífsins á hátíðinni ásamt kærustu sinni, leikkonunni Ninu Dobrev.



**HIPPALEG** Vanessa Hudgens var með blómakrans í magabol og naut veðurblíðunnar.



**VINKONUR** Söngkonan Florence Welch sést hér glaðlynd baksviðs á hátíðinni ásamt rapparanum Azealiu Banks sem klæddist vígalegum stígvélum.

## Frestar brúðkaupinu

**Leikkonan Anne Hathaway hefur ákveðið að fresta fyrirhuguðu brúðkaupi sínu fram á næsta ár vegna þess að hún skartar stuttu hári þessa stundina. Hathaway þurfti að klippa hár sitt stutt í tengslum við hlutverk sitt sem vændiskona í kvikmyndaútgáfu á Vesalingunum eða Les Misérables.**

**Hún og unnusti hennar, Adam Schulman, ætluðu að ganga í það heilaga í sumar en Hathaway getur ekki hugsað sér að ganga niður kirkjugólfið með stutt hár. Hún ætlar því að safna hári á nýjan leik og klæðast brúðarkjólnum í lok þessa árs eða byrjun næsta.**



**FRESTAR** Leikkona Anne Hathaway hefur frestað fyrirhuguðu brúðkaupi sínu vegna þess að hún þurfti að klippa hár sitt stutt. NORDICPHOTOS/GETTY

## Trúlofuð eftir 5 vikur

**Rokkarinn Marilyn Manson trúlofaðist kvikmyndagerðarkonunni Seraphim Ward fyrir helgi. Parið hefur þekkst í fimm vikur en vill ekkert fremur en að eyða ævinni saman.**

**Manson gaf Ward hring sem hann hafði erft frá ömmu sinni og samkvæmt vini Ward er stúlkan himinlifandi með gripinn. „Þetta er keltneskur hringur og Seraphim telur hann búa yfir töfrum. Hún hlakkar til að eyða ævinni með Marilyn,“ hafði tímaritið Life & Style eftir vininum.**



**MARILYN MANSON**


midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075
5%
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
TOPPMYNDIN Á ÍSLANDI Í DAG!
POWERSÝNING KL. 10
BATTLESHIP
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
Þ.Þ. - Fréttatíminn
T.V. - Vikan/Séð og Heyrt
A.L.Þ - MBL
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
ÍSLENSKT TAL
ÞRIÐJUDAGUR ER TILBOÐSDAGUR

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| BATTLESHIP | 7, 10(POWER) |
| AMERICAN PIE: REUNION | 8, 10.20 |
| LORAX 3D ISL TAL | 6 |
| HUNGER GAMES | 7, 10 |

SAMBÍÓIN SAMbio.is
Hörku Spennutryllir frá framleiðendum "Girl with the Dragon Tattoo" og "Safe House".
TILBOÐ
BATTLESHIP
THE COLD LIGHT OF DAY
TILBOÐ
TILBOÐ
TILBOÐ
TILBOÐ
MÖGNUÐ SPENNUMYND
GONE
TILBOÐ
WRATH OF THE TITANS

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | | |
|---|---|---|---|
| BATTLESHIP | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| BATTLESHIP VIP | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 2D | VIP |
| COLD LIGHT OF DAY | KL. 5:50 - 8 - 10:40 | 2D | 14 |
| AMERICAN PIE | KL. 5:50 - 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| WRATH OF THE TITANS | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 3D | 12 |
| FRIENDS WITH KIDS | KL. 5:50 | 2D | 12 |
| GONE | KL. 8 | 2D | 12 |
| JOHN CARTER | KL. 10:40 | 2D | 7 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE COLD LIGHT OF DAY | KL. 8 - 10:10 | 2D | 12 |
| GONE | KL. 8 | 2D | 12 |
| WRATH OF THE TITANS | KL. 10:10 | 2D | 12 |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| GONE | KL. 8 - 10:10 | 12 |
| SVARTUR Á LEIK | KL. 8 - 10:10 | 16 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | | |
|---|---|---|---|
| BATTLESHIP | KL. 5:10 - 8 - 10:10 - 10:50 | 2D | L |
| THE COLD LIGHT OF DAY | KL. 5:50 - 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| WRATH OF THE TITANS | KL. 5:40 - 8 | 3D | 12 |
| PROJECT X | KL. 5:50 | 2D | 16 |
| TITANIC | KL. 8 | 3D | 7 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| COLD LIGHT OF DAY | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 2D | 14 |
| WRATH OF THE TITANS | KL. 10:10 | 3D | 12 |
| GONE | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 2D | 12 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | | |
|---|---|---|---|
| BATTLESHIP | KL. 8 | 2D | 12 |
| COLD LIGHT OF DAY | KL. 10:40 | 2D | 14 |
| GONE | KL. 8 | 2D | 12 |
| SVARTUR Á LEIK | KL. 10 | 2D | 16 |
| LORAX | KL. 6 | 3D | L |
| FRIENDS WITH KIDS | KL. 5:50 | 2D | L |

ÞRIÐJUDAGSBÍÓ Í DAG
TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMBIO.IS

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ midi.is
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
BATTLESHIP
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
"FRUMLEG OG MEINFYNDIN SÝRA" - TÓMAS VALGEIRSSON, KVIKMYNDIR.IS
- Ð.M.S. MBL
RIGOLETTO
BEIN ÚTSENDING FRÁ ROYAL OPERA HOUSE
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
SÉÐ OG HEYRT/KVIKMYNDIR.IS
FRÉTTABLAÐIÐ
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
DREPFYNDIN MYND!
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
T.V. - VIKAN/SÉÐ OG HEYRT
P.P. FRÉTTATÍMINN
KVIKMYNDIR.IS
59.000 MANNS
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
PRESSAN.IS
DV

SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR 5%

| | | |
|---|---|---|
| BATTLESHIP | KL. 5 - 8 - 10.45 | 12 |
| BATTLESHIP LÚXUS | KL. 5 - 8 - 10.45 | 12 |
| AMERICAN REUNION | KL. 8 - 10.30 | 12 |
| LORAX – ÍSLENSKT TAL 2D | KL. 3.30 | L |
| LORAX – ÍSLENSKT TAL 3D | KL. 3.30 - 6 | L |
| HUNGER GAMES | KL. 5 - 8 | 12 |
| SVARTUR Á LEIK | KL. 8 - 10.30 | 16 |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS 5%

| | | |
|---|---|---|
| ÓPERAN RIGOLETTO | KL. 6.15 | L |
| IRON SKY | KL. 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |
| BATTLESHIP | KL. 9 | 12 |
| TITANIC 3D ÓTEXTUÐ | KL. 5.15 | 10 |
| HUNGER GAMES | KL. 9 | 12 |
| SVARTUR Á LEIK | KL. 5.30 - 10.30 | 16 |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| BATTLESHIP | KL. 8 - 10.20 | 12 |
| AMERICAN PIE: REUNION | KL. 8 - 10.10 | 12 |
| HUNGER GAMES KL. 5.30 12 / SVARTUR Á LEIK | KL. 5.50 | 16 |

BÍÓ ★ PARADÍS
MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
CAFÉ/BAR, opið 17-23 / www.bioparadis.is / midi.is ■ Hluti af Europa Cinemas
ÞRIÐJUDAGUR: IRON SKY 18:00, 20:00, 22:00 ■ *INDLAND: DHOOM 2* 20:00 ■ CARNAGE 18:00, 20:00, 22:00 ■ BARÁTTAN UM LANDIÐ 18:00 ■ MARGIN CALL 20:00 ■ *SVARTUR Á LEIK (ENGL. SUBS)* 17:40, 22:10 ■ BARNAMENNINGARHÁTÍÐ 13:30
ÍSL. TEXTI *ENG. SUBS*
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ: 950 kr. miðinn!
IRON SKY græna ljósið -betra bíó
KÖLT-GRÍNMYND ÁRSINS!
11.-20. APRÍL
INDVERSK KVIKMYNDAHÁTÍÐ

netto
Kræsingar & kostakjör



# FERSK ÝSUFLÖK
ROÐ- & BEINLAUS

ÓpalSjávarfang

33% AFSLÁTTUR

VERÐ NÚ
**998**
ÁÐUR 1.489 KR/KG

# FISKUR & FERSKLEIKI Í NETTÓ



## ÝSUBITAR
-ROÐ-& BEINLAUSIR
-800G

VERÐ NÚ
**791**
ÁÐUR 989 KR/PK

okkar

FRYSTIVARA



## ÞORSKBITAR
ROÐ- & BEINLAUSIR
800 G

VERÐ NÚ
**798**
ÁÐUR 998 KR/PK

FRYSTIVARA



ÓDÝRT
SMÁRÆKJA
500 G

VERÐ NÚ
**478**
ÁÐUR 598 KR/PK

ÓDÝRT
SALATRÆKJA
500 G

VERÐ NÚ
**558**
ÁÐUR 698 KR/PK

FRYSTIVARA

COOP ▪ GÆÐAVARA Á GÓÐU VERÐI ▪ COOP



HVÍTLAUKSBRAUÐ
GRÓFT EÐA FÍNT 350 G
VERÐ ÁÐUR 299 KR/PK

COOP **179** KR PK



SALAT BATAVIA RAUTT
-FERSKT I POTTI
**238** KR/STK
-ÁÐUR 298 KR/STK

SALAT SALANOVA
-FERSKT I POTTI
**279** KR/STK
-ÁÐUR 349 KR/STK

FERSKT SALAT Í POTTI



markhonnun.is

# sport

sport@frettabladid.is



**GUNNAR HEIÐAR ÞORVALDSSON** tryggði Norrköping 2-2 jafntefli í Íslendingaslag á móti Sundsvall í sænsku úrvalsdeildinni í fótbolta í gær. Skúli Jón Friðgeirsson og félagar í Elfsborg unnu Gefle 2-1 en Alfreð Finnbogason og félagar í Helsingborg þurftu að sætta sig við 1-1 jafntefli. Þetta var líka gott kvöld fyrir Íslendingalið í Noregi. Kristján Örn Sigurðsson, Arnór Sveinn Aðalsteinsson og félagar þeirra í Hönefoss unnu Stabæk 2-0 og Indriði Sigurðsson og félagar í Viking unnu á sama tíma 1-0 heimasigur á meisturum Molde.

## ÚRSLTIN Í GÆR

### *Iceland Express karla í körfu*

**Grindavík - Stjarnan 65-82 (34-46)**

**Stig Grindavíkur:** Þorleifur Ólafsson 16 (6 stolnir), J'Nathan Bullock 12, Giordan Watson 9 (7 stoðs.), Ómar Örn Sævarsson 6, Páll Axel Vilbergsson 5, Ólafur Ólafsson 5, Ryan Pettinella 5, Jóhann Árni Ólafsson 3, Björn Steinar Brynjólfsson 2, Sigurður Gunnar Þorsteinsson 2.
**Stig Stjörnunnar:** Jovan Zdravevski 18, Justin Shouse 16 (6 stoðs.), Renato Lindmets 14, Keith Cothran 14, Marvin Valdimarsson 12 (11 frák.), Sigurjón Örn Lárusson 6, Guðjón Lárusson 2.

### *N1 deild kvenna í handb.*

**ÍBV - Grótta 24-19 (11-7)**

**Mörk ÍBV:** Guðbjörg Guðmannsdóttir 7, Georgeta Grigore 7, Þórsteina Sigurbjörnsdóttir 5, Marijana Trbojevic 2, Ivana Mladenovic 1, Drífa Þorvaldsdóttir 1, Kristrún Ósk Hlynsdóttir 1.
**Mörk Gróttu:** Sunna María Einarsdóttir 8, Björg Fenger 3, Unnur Ómarsdóttir 3, Tinna Laxdal Gautadóttir 2, Rebekka Guðmundsdóttir 1, Sigrún Birna Arnardóttir 1, Elín Helga Jónsdóttir 1.
**ÍBV mætir Fram** í undanúrslitum.

### *Enska úrvalsdeildin*

**Arsenal - Wigan 1-2**

0-1 Franco di Santo (7.), 0-2 Jordi Gomez (8.), 1-2 Thomas Vermaelen (21.)

**STAÐA EFSTU LIÐA**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Man. United** | **34** | **26** | **4** | **4** | **82-28** | **82** |
| Man. City | 34 | 24 | 5 | 5 | 85-27 | 77 |
| **Arsenal** | **34** | **20** | **4** | **10** | **67-43** | **64** |
| Tottenham | 33 | 17 | 8 | 8 | 57-38 | 59 |
| **Newcastle** | **33** | **17** | **8** | **8** | **50-42** | **59** |
| Chelsea | 33 | 16 | 9 | 8 | 56-38 | 57 |
| **Everton** | **33** | **13** | **8** | **12** | **38-34** | **47** |
| Liverpool | 33 | 12 | 10 | 11 | 40-36 | 46 |

**STAÐA NEÐSTU LIÐA**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Aston Villa** | **33** | **7** | **14** | **12** | **35-48** | **35** |
| Wigan | 34 | 8 | 10 | 16 | 33-58 | 34 |
| **QPR** | **34** | **8** | **7** | **19** | **38-57** | **31** |
| Bolton | 32 | 9 | 2 | 21 | 36-65 | 29 |
| **Blackburn** | **34** | **7** | **7** | **20** | **45-73** | **28** |
| Wolves | 34 | 5 | 8 | 21 | 34-73 | 23 |

# Stjörnubjart í Grindavík

**Stjörnumenn voru ekki á því að fara í sumarfrí í Röstinni í gær og tryggðu sér fjórða leikinn á móti Grindavík með 17 stiga sigri á deildarmeisturunum, 82-65.**

**KÖRFUBOLTI** Stjarnan sigraði Grindavík 82-65 í þriðja leik liðanna í úrslitakeppninni í gær og minnkaði Stjarnan þar með muninn í einvíginu í 2-1. Eins og tölurnar gefa til kynna var Stjarnan mun betri í leiknum og sigurinn sanngjarn en tólf stigum munaði á liðunum í hálfleik 46-34.

„Þessi leikur var rökrétt framhald af fyrri leikjunum, við erum á uppleið. Við erum að verða betri og við hefðum getað, ekki einu sinni með heppni, verið á leið á heimavöll 2-1 yfir en það varð ekki og við þurfum að fara heim og jafna seríuna," sagði Teitur Örlygsson þjálfari Stjörnunnar eftir leikinn.

„Við vitum hvaða vinnu þetta kostar. Það er frábær karakter og barátta í liðinu, hún er til fyrirmyndar og við þurfum að taka það með okkur inn í næsta leik," sagði Teitur en Stjarnan lagði grunninn að sigrinum með því að sækja inn í teig og hitta úr opnum skotum í kjölfarið auk þess sem liðið lék frábæra vörn í leiknum.

„Við náðum að sækja vel á körfuna, þeir eru breiðir Grindvíkingarnir en þeir eru ekkert rosalega stórir. Við fórum að hitta úr opnum skotum. Við breytum aðeins leikskipulaginu okkar, þeir voru búnir að svindla aðeins, skáta okkur full mikið og það náðum við að fara í gegnum."

„Ég hef engar áhyggjur af vörninni. Vörnin og baráttan er til staðar og það heldur okkur inni í leikjunum og þegar við leikum sóknina betur þá erum við flottir," sagði Teitur sem segir stóran sigur sinna manna ekki hjálpa liðinu neitt í komandi leikjum.

„Ég hef tekið þátt í svo mörgum úrslitakeppnum. Ég man eftir því þegar Njarðvík og Keflavík voru að vinna með 30 til 40 stiga mun og það voru stundum 60 til 70 stiga sveiflur á milli leikja. Það skiptir engu máli. Þetta var einn sigur, við minnkuðum muninn og nú þurfum við að fara heim og jafna þetta," sagði Teitur að lokum.



**EKKI Á LEIÐINNI Í SUMARFRÍ** Justin Shouse og félagar í Stjörnunni fóru á kostum í Grindavík í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Grindvíkingar virkuðu andlausir í leiknum og virtust ekki klárir í að sópa Stjörnunni út úr úrslitakeppninni eins og liðið hefði gert með sigri. Ljóst er að liðið þarf að leika mun betur og af mun meiri ákefð ætli liðið að klára einvígið þegar liðin mætast í Garðabæ á sumardaginn fyrsta.

**- gmi**



**SVEINN ÞORGEIRSSON** Hefur spilað vel með Haukaliðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Verðlaun í N1-deild karla:

## Sveinn bestur

**HANDBOLTI** Haukamaðurinn Sveinn Þorgeirsson var í gær valinn besti leikmaður umferða 15-21 í N1-deild karla en hann var einnig valinn besti varnarmaðurinn.

Haukamenn voru farsælir í kjörinu en Aron Kristjánsson var valinn besti þjálfarinn og svo eru þrír leikmenn liðsins í úrvalsliðinu. Akureyri fékk enn og aftur verðlaun fyrir bestu umgjörðina og svo voru Ingvar Guðjónsson og Jónas Elíasson valdir bestu dómararnir. **-hbg**

**Úrvalslið umferða 15-21:**

| | |
|---|---|
| Markvörður: | Aron Rafn Eðvarðsson, Haukar |
| Vinstra horn: | Bjarki Már Elísson, HK |
| Vinstri skytta: | Stefán Rafn Sigurmanns., Haukar |
| Miðjumaður: | Ólafur Bjarki Ragnarsson, HK |
| Hægri skytta: | Ólafur Gústafsson, FH |
| Hægra horn: | Bjarni Fritzson, Akureyri |
| Línumaður: | Heimir Óli Heimisson, Haukar |



**CRISTIANO RONALDO** Búinn að skora 59 mörk á tímabilinu. NORDICPHOTOS/GETTY

Spænska liðið Real Madrid:

## Ekki of stór biti fyrir Bæjara

**FÓTBOLTI** Bayern München og Real Madrid mætast í kvöld í fyrri leik sínum í undanúrslitum Meistaradeildarinnar en leikur kvöldsins fer fram í Þýskalandi og er að sjálfsögðu í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport. Fréttablaðið fékk knattspyrnuspekinginn Reyni Leósson til að velta fyrir sér þessum leik.

„Fyrri leikurinn í undanúrslitum Meistaradeildarinnar er oft lagður upp eins og „skák". Þjálfararnir leggja mikið upp úr því að leikmenn fari rólega af stað og geri engin mistök. Ég er samt á þeirri skoðun að þessi leikur eigi eftir að bjóða upp á mikla skemmtun. Leikurinn í kvöld er konfektkassi sem er fullur af fótboltagóðgæti. Real Madrid er vissulega stór biti fyrir FC Bayern München en ekki of stór biti," segir Reynir Leósson og bætir við:

„Ég tel að FC Bayern sé það lið sem geti veitt spænsku liðunum hvað mesta keppni í Meistaradeildinni. Þjóðverjarnir hafa verið gríðarlega öflugir og þá sérstaklega í meistaradeildinni. Þeir eru að missa af meistaratitlinum í heimalandinu en Meistaradeildin hefur verið þeirra mót í vetur. Að mínu mati getur FC Bayern hæglega slegið Real Madrid úr leik." **- seth**


ÚRSLITAKEPPNI 2012

ÚRSLITAKEPPNI KARLA

Þriðjudagur | 17. apríl | Kl. 19:00
FH–AKUREYRI
Kaplakrika | Leikur 1

Miðvikudagur | 18. apríl | Kl. 19:30
HAUKAR–HK
Schenkerhöllin | Leikur 1




N1-DEILDIN




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT INNIHELDUR 2 SPORT 2 SPORT 2 2 SPORT 3 2 SPORT 4 2 SPORT 5 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

> **Stöð 2 Sport kl. 18.30**
**Bayern München - Real Madrid**

*Bein útsending frá leik Bayern München og Real Madrid í Meistaradeild Evrópu. Þetta er fyrri leikur liðanna í undanúrslitum og Bayern leggur allt í sölurnar til að stöðva Cristiano Ronaldo og félaga. Í húfi er sæti í úrslitaleiknum sem einmitt fer fram í München laugardaginn 19. maí.*



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ KJARTAN GUÐMUNDSSON GETUR EKKI JAMES BOND

# Aðeins fyrir önnur augu

Á flakki um fjölvarpið um helgina datt ég inn á James Bond-mynd með Roger Moore. Eða var það um páskana? Jólin? Ég man það ekki. Því síður man ég hvað myndin heitir. En Roger Moore var í henni, það er á hreinu. Ég þekki minn Moore. Minnisleysið tengist væntanlega þeirri staðreynd að ég skil ekki James Bond. Ég hreinlega get hann ekki. Það þarf ekki mikið lengra en fimm sekúndur í návist njósnara hennar hátignar til að breyta hausnum á mér í svarthol. Svipta mig rökhugsun og ályktunarhæfni og skilja mig eftir í rjúkandi rúst, hálfu heimskari en áður, og ekki á bætandi í þeim efnum.

Í gegnum tíðina man ég eftir að hafa séð þónokkrar James Bond-myndir. Þótt lífið lægi við gæti ég ekki rakið söguþráðinn í neinni þeirra. Ég festist nefnilega iðulega í einhverjum smáatriðum, pæli í þeim endalaust og missi af framvindunni (eða dotta) og fyrr en varir hefur 007 reddað málunum án minnar hjálpar. Hvers vegna trúa vondu Kínverjarnir því að Bond sé líka Kínverji, þótt hann setji á sig falskar augabrúnir? Af hverju býr þetta illmenni í eldfjalli? Var aðalkvenpersónan virkilega nefnd Christmas Jones til þess eins að Bond gæti sagt glataðan klámbrandara („I thought Christmas only comes once a year") í lokin? Hvernig í ósköpunum getur nokkur lifandi maður haft gaman af þessu bulli???



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Tangóskór og fótaflækjur **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Fyrr og nú **14.00** Fréttir **14.03** Sker **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Dagbók frá Diafani **15.25** Málstofan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **17.00** Fréttir **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Í heyranda hljóði **21.20** Tríó **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Fimm fjórðu **23.05** Matur er fyrir öllu **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**16.00 Íslenski boltinn** (e)
**16.40 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.20 Teitur**
**17.31 Með afa í vasanum**
**17.43 Skúli skelfir**
**17.55 Hið mikla Bé**
**18.18 Fum og fát** (4:20)
**18.25 Táknmálsfréttir**
**18.35 Nýgræðingar** (Scrubs)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.00 Skólahreysti** Grunnskólar landsins keppa sín á milli í hinum ýmsu greinum sem reyna á kraft, styrk og þol keppenda.
**20.45 Fjórmenningar** (3:6) (The Inbetweeners) Bresk gamanþáttaröð um fjóra skólabræður sem eru hálfgerð viðundur.
**21.10 Djöflaeyjan** Fjallað verður um leiklist, kvikmyndir og myndlist með upplýsandi og gagnrýnum hætti. Einnig verður farið yfir feril einstakra listamanna.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Dulnefni: Hunter** (6:6) (Kodenavn Hunter II) Norsk spennuþáttaröð um baráttu lögreglunnar við glæpagengi. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.20 Aðþrengdar eiginkonur** (15:23) (Desperate Housewives VIII) (e)
**00.05 Kastljós** (e)
**00.30 Fréttir**
**00.40 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Rat Pack**
**10.00 12 Men Of Christmas**
**12.00 Chestnut: Hero of Central Park**
**14.00 Rat Pack**
**16.00 12 Men Of Christmas**
**18.00 Chestnut: Hero of Central Park**
**20.00 Inkheart**
**22.00 Android Apocalypse**
**00.00 Death Proof**
**02.00 Rothenburg**
**04.00 Android Apocalypse**
**06.00 A Little Trip to Heaven**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** (10:23)
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (130:175)
**10.20 The Middle** (9:24)
**10.45 Wonder Years** (19:23)
**11.15 Matarást með Rikku** (9:10)
**11.45 Hank** (5:10)
**12.10 Two and a Half Men** (12:22)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Frasier** (18:24)
**13.25 So You Think You Can Dance** (4:23)
**14.55 Sjáðu**
**15.25 iCarly** (18:25)
**15.45 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 The Simpsons**
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Malcolm In the Middle** (14:22)
**19.40 Better With You** (10:22)
**20.05 Two and a Half Men** (8:24)
**20.30 How I Met Your Mother** (2:24) Í þessari sjöttu seríu af gamanþáttunum How I Met Your Mother fáum við að kynnast enn betur vinunum Barney, Ted, Marshall, Lily og Robin.
**20.55 White Collar** (7:16)
**21.40 Burn Notice** (14:20)
**22.25 The Daily Show: Global Edition**
**22.50 Flight of the Conchords** (2:10)
**23.15 New Girl** (9:24)
**23.40 Grey's Anatomy** (17:24)
**00.25 Gossip Girl** (10:24)
**01.10 Pushing Daisies** (9:13)
**01.55 My Blueberry Nights**
**03.25 The Middle** (9:24)
**03.50 White Collar** (7:16)
**04.35 Flight of the Conchords** (2:10)
**05.00 The Simpsons**
**05.25 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Grindavík - Stjarnan**
**15.15 Spænsku mörkin**
**15.45 Grindavík - Stjarnan**
**17.30 Fréttaþáttur Meistarad. Evrópu**
**18.00 Þorsteinn J. og gestir** Hitað upp fyrir leiki kvöldsins í Meistaradeild Evrópu.
**18.30 Meistaradeild Evrópu: Bayern München - Real Madrid** BEINT. Þetta er fyrri leikur liðanna í undanúrslitum.
**20.45 Þorsteinn J. og gestir - meistaramörk**
**21.05 Þýski handboltinn: Hamburg - Lemgo** Leikurinn var sýndur í beinni á Sport 3 klukkan 18.10 í dag.
**22.30 Meistaradeild Evrópu: Bayern München - Real Madrid**
**00.20 Þorsteinn J. og gestir - meistaramörk**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Arsenal - Wigan**
**16.15 Arsenal - Wigan**
**18.05 Premier League Review 2011/12**
**19.00 Norwich - Man. City**
**20.50 Man. Utd. - Aston Villa**
**22.40 Football League Show**
**23.10 Swansea - Blackburn**

## EXTRA

**19.30 The Doctors** (93:175)
**20.15 Monk** (5:16)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 Smash** (7:15)
**22.35 Game of Thrones** (3:10)
**23.30 V** (9:10)
**00.15 Supernatural** (10:22)
**01.00 Twin Peaks** (15:22)
**01.50 Malcolm In the Middle** (14:22)
**02.15 Better With You** (10:22)
**02.40 Monk** (5:16)
**03.25 The Doctors** (93:175)
**04.05 Íslenski listinn**
**04.30 Sjáðu**
**04.55 Fréttir Stöðvar 2**
**05.45 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Málið** (7:8) (e)
**09.15 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Málið** (7:8) (e)
**12.30 Pepsi MAX tónlist**
**16.40 Dynasty** (18:22)
**17.25 Dr. Phil**
**18.10 Got to Dance** (7:15) (e)
**19.00 America's Funniest Home Videos** (e)
**19.25 Rules of Engagement** (7:26) (e)
**19.45 Will & Grace** (14:24) (e)
**20.10 Necessary Roughness** (2:12) Bráðskemmtilegur þáttur um sálfræðinginn Danielle sem á erfitt með að láta enda ná saman í kjölfar skilnaðar. Hún tekur því upp á að gerast sálfræðingur fyrir ruðningslið með afbragðsgóðum árangri. Vinsældir hennar aukast jafnt og þétt og áður en hún veit af eiga hörkuleg meðferðarúrræði hennar upp á pallborðið hjá stærstu íþróttastjörnum landsins. Fréttamaður leitar aðstoðar hjá Dani vegna óviðráðanlegra hláturskasta og meiðsli ógna framtíð T.K. hjá Hawks-liðinu.
**21.00 The Good Wife** (12:22) Lögfræðifirmað kemst í hann krappann þegar nýskilin hjón ásaka fyrirtækið um að hafa sett hagsmuni þeirra til hliðar til að græða á skilnaðinum.
**21.50 Prime Suspect** (13:13) Rannsókn á skotárás bendir til þess að höfuðpaur hennar sitji í fangelsi. Jane reynir að púsla saman brotum sínum í einkalífinu.
**22.40 Jimmy Kimmel**
**23.25 CSI** (15:22) (e)
**00.15 Necessary Roughness** (2:12) (e)
**01.05 The Good Wife** (12:22) (e)
**01.55 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **08.10** RBC Heritage 2012 (1:4) **11.10** Golfing World **12.00** Golfing World **12.50** RBC Heritage 2012 (2:4) **15.45** Ryder Cup Official Film 1997 **18.00** Golfing World **18.50** PGA Tour - Highlights (14:45) **19.45** Northern Trust Open 2012 (4:4) **22.00** Golfing World **22.50** The Open Championship Official Film 2011 (1:1) **23.50** ESPN America

## N4

**18.00** Að norðan **18.30** Tveir gestir **21.00** Bæjarstjórnarfundur

## BBC entertainment

**06.50** Keeping Up Appearances **08.20** Dalziel and Pascoe **10.15** Deal or No Deal **10.50** EastEnders **11.20** Come Dine With Me **12.10** My Family **13.10** Keeping Up Appearances **14.40** QI **15.40** Top Gear **16.30** Michael McIntyre's Comedy Roadshow **17.15** Come Dine With Me **18.05** QI **19.05** Lee Evans Live from the West End **20.00** The Graham Norton Show **20.45** My Family **21.45** Live at the Apollo **22.30** Keeping Up Appearances **00.00** Lee Evans Live from the West End **00.55** The Graham Norton Show

## DR 1

**10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** Horisont **11.35** Aftenshowet **12.30** Nye hvide verden **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Lægerne **14.00** Kasper & Lise **14.10** Timmy-tid **14.20** Masha og bjørnen **14.30** Lille Nørd **15.00** Himmelblå **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Annemad **16.30** TV Avisen med Sport **17.05** Aftenshowet **18.00** Bonderøven **18.30** Blod, sved og ris **19.00** TV Avisen **19.25** Kontant **19.50** SportNyt **20.00** Irene Huss. Guldkalven **21.30** OBS **21.35** En chance til **22.05** Lægerne

## NRK 1

**06.30** 22. juli rettsaken **07.30** Morgennytt **08.00** 22. juli-rettssaken **15.00** NRK nyheter **15.15** Ut i naturen **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Tegnspråknytt **16.00** Førkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.45** Ut i naturen **18.15** Min idrett **18.45** Extra-trekning **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Nasjonens skygge **20.20** Hvem tror du at du er? **21.00** Kveldsnytt **21.15** Nasjonalgalleriet **21.45** Program ikke fastsatt **22.55** Ei rituell verd **23.45** Valdres Teens **00.15** Hvem tror du at du er?

## svt1

**08.00** Extra Rapport **10.00** Nu fyller flickorna klassrummen **10.10** Livet på Laerkevej **10.55** Smartare än en femteklassare **11.55** Högklackat **12.25** Lågor i dunklet **14.00** Rapport **14.30** The Big C **15.00** Attending Örebro **15.30** Sverige idag **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport **18.00** Så levde de lyckliga **19.00** Född 2010 **20.00** Hübinette **20.30** Dox **22.00** Rapport **22.05** Kulturnyheterna **22.10** American Gangster

## iNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Græðlingur **21.30** Svartar tungur

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |




**Loksins er sumarið að koma.** Bjartar langar nætur framundan. Náttúrufegurð. Ferðahugur og ævintýraþrá: ferðalög. Allt lýsir þetta hinu íslenska og einstaka sumri svo ótrúlega vel. Sumrinu sem er tími ferðalaganna: tími ævintýranna. Komdu í Brimborg og gerðu góð kaup á sumarjeppanum.

**jeppa dagar**

## Sumarið kemur á eftir vorinu!

# Gerðu góð jeppakaup í dag fyrir sumarið

Settu gamla bílinn uppí notaðan sumarjeppa frá Brimborg. Tökum allar tegundir bíla uppí.

**Ferðalagið hefst í Brimborg**

**Kauptu jeppann í dag og aktu honum út í sumarið**

**Nissan Patrol SE 4x4** (MX492)
3,0 160 hö dísil sjálfskiptur
Skrd. 9/2007. Ek. 96.000 km.
Verð áður: 5.100.000 kr.




**810.000 kr. sumarafsláttur** **4.290.000 kr.**

**Ford Escape Limited AWD** (KPG23)
3,0i V6 200 hö bensín sjálfskiptur
Skrd. 8/2008. Ek. 61.000 km.
Verð áður: 3.810.000 kr.




**620.000 kr. sumarafsláttur** **3.190.000 kr.**

**betri kaup**

**Ford F-150 Crew Cab Lariat 4x4** (OG610)
5,4i V8 300 hö bensín sjálfskiptur
Skrd. 2/2007. Ek. 93.000 km.
Verð áður: 3.350.000 kr.




**600.000 kr. sumarafsláttur** **2.750.000 kr.**

**Toyota Land Cruiser 120 GX 4x4** (MT640)
3,0 165 hö dísil sjálfskiptur
Skrd. 8/2005. Ek. 145.000 km.
Verð áður: 4.290.000 kr.




**600.000 kr. sumarafsláttur** **3.690.000 kr.**

**Ford Explorer XLT Sport 4x4** (RF891)
4,0i V6 210 hö bensín sjálfskiptur
Skrd. 4/2005. Ek. 108.000 km.
Verð áður: 1.990.000 kr.




**410.000 kr. sumarafsláttur** **1.580.000 kr.**

**Ford Explorer XLT Sport 4x4** (LV413)
4,0i V6 210 hö bensín sjálfskiptur
Skrd. 2/2007. Ek. 91.000 km.
Verð áður: 3.350.000 kr.




**700.000 kr. sumarafsláttur** **2.650.000 kr.**

**Ford Escape XLT AWD** (OJ363)
3,0i V6 200 hö bensín sjálfskiptur
Skrd. 5/2007. Ek. 102.000 km.
Verð áður: 1.690.000 kr.




**300.000 kr. sumarafsláttur** **1.390.000 kr.**

**Ford Escape XLS AWD** (HOX99)
2,3i 150 hö bensín sjálfskiptur
Skrd. 12/2007. Ek. 107.000 km.
Verð áður: 2.290.000 kr.




**440.000 kr. sumarafsláttur** **1.850.000 kr.**

**Ford Explorer Limited 4x4** (NO618)
4,6i V8 292 hö bensín sjálfskiptur
Skrd. 11/2006. Ek. 70.000 km.
Verð áður: 3.620.000 kr.




**630.000 kr. sumarafsláttur** **2.990.000 kr.**

**Volvo XC90 SE AWD** (RAL29)
4,4i V8 315 hö bensín sjálfskiptur
Skrd. 10/2007. Ek. 81.000 km.
Verð áður: 5.550.000 kr.




**900.000 kr. sumarafsláttur** **4.650.000 kr.**

**Volvo XC90 SE AWD** (NZ071)
2,5i 210 hö bensín sjálfskiptur 7 manna
Skrd. 8/2006. Ek. 142.000 km.
Verð áður: 3.790.000 kr.




**440.000 kr. sumarafsláttur** **3.350.000 kr.**

**Settu gamla bílinn uppí góðan notaðan sumarjeppa frá Brimborg**

**Ford Edge Limited AWD** (TPX19)
3,5i V6 265 hö bensín sjálfskiptur
Skrd. 4/2008. Ek. 96.000 km.
Verð áður: 4.130.000 kr.




**640.000 kr. sumarafsláttur** **3.490.000 kr.**

**Gerðu góð jeppakaup í dag fyrir sumarið**

**Komdu í Brimborg og finndu jeppann sem hentar fjölskyldunni fyrir ferðalögin**

**Brimborg er í sumarskapi þessa dagana og býður nú fjölbreytt úrval af jeppum fyrir sumarið**

**Skoðaðu fleiri dæmi um betri notaða bíla hjá Brimborg. Smelltu á notadir.brimborg.is**

## Opið í dag

Komdu og skoðaðu sumarjeppa
á milli kl. 9 og 17
Bíldshöfða 6

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 | notadir.brimborg.is

**MORGUNMATURINN**



*„Ég mætti vera duglegri að borða morgunmat, en þegar ég borða morgunmat þá fæ ég mér dýrindis hafragraut. Skelli höfrum og vatni í örbylgjuofninn og mögulega smá mjólk út á. Þetta er karlkyns útgáfan af hafragraut.“*

Friðrik Dór Jónsson, söngvari og lagahöfundur.

# Eins og maður sé í útlöndum

„Við höfum lagt ansi mikla vinnu í staðinn og það er ekki eins og maður sé staddur á miðjum Laugaveginum hérna inni heldur einhvers staðar úti í heimi,“ segir Arnar Gíslason, einn af eigendum Lebowski bar sem opnar annað kvöld.

Líkt og nafn staðarins gefur til kynna verður hann í anda gamanmyndarinnar The Big Lebowski og verður keiluíþróttinni gert hátt undir höfði inni á staðnum sem er skipt upp í fjögur ólík svæði. Fremst er keilubraut, í miðjunni verður bandarísk verönd, og innst í húsinu verður bar og veitingastaður. Á efri hæðinni verður svo setustofa og útisvæði.

„Þetta eru í raun fjórir mismunandi staðir inni á sama staðnum og það fer eftir því í hvaða skapi þú ert hvar þú sest hverju sinni. Ætli þetta sé ekki svona staður sem fólk á annaðhvort eftir að elska eða ekki.“

Að sögn Arnars kviknaði hugmyndin að staðnum fyrst fyrir rúmum átta árum síðan og því hefur hann verið lengi í bígerð. Þó að staðurinn sé hannaður í anda The Big Lebowski telur Arnar ekki nauðsynlegt fyrir gesti að hafa séð myndina til að njóta hans.

Sérstakt opnunarteiti verður fyrir boðsgesti annað kvöld en staðurinn verður opnaður fyrir almenning eftir miðnætti.

„Við viljum auðvitað sjá sem flesta og ég tek fram að allir þeir sem eiga gamalt keiludót geta komið með það til okkar og skipt því út fyrir mat eða drykk,“ segir Arnar að lokum. **- sm**



**ÖÐRUVÍSI STAÐUR** Óli Már Ólason og Arnar Gíslason eiga Lebowski bar sem opnar á Laugaveginum annað kvöld. Staðurinn er hannaður í anda kvikmyndarinnar The Big Lebowski og á veggnum á bak við þá félaga má sjá glitta í keilubrautina. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR






**VÖLUNDUR SNÆR:** KOMINN MEÐ ANNAN FÓTINN HEIM

# BBC opnar margar dyr

„Það er frábært að BBC sé að sýna þættina og þátturinn hefur fengið mikla dreifingu fyrir vikið,“ segir sjónvarpskokkurinn Völundur Snær Völundarson en sjónvarpsstöðin BBC Lifestyle hóf nýlega að sýna matreiðsluþætti hans, Delicious Iceland.

Völundur, eða Völli eins og hann er kallaður, tók upp þáttaröðina árið 2010, en þar ferðast hann um Ísland, eldar og kynnir um leið íslenska menningu og uppruna hráefnisins sem notað er í matreiðsluna. Völli hefur orðið var við mikil og góð viðbrögð að utan við þáttunum. „Ég hef fengið mjög góð viðbrögð frá útlendingum og er á því að þetta sé hin besta landkynning. Ég hef ófáum sinnum verið stöðvaður af útlendingum niðri í bæ sem þekkja mig úr sjónvarpinu,“ segir sjónvarpskokkurinn, en þáttaröðin, sem inniheldur sex þætti, hefur þegar verið sýnd í um 30 löndum úti um allan heim.

Hjá BBC Lifestyle er Völli kominn í hóp með frægustu sjónvarpskokkum heims á borð við Jamie Oliver, Gordon Ramsay og Nigellu sem einnig deila matarþekkingu sinni með áhorfendum stöðvarinnar.

Völli einbeitir sér að framleiðslu matreiðsluþátta þessa stundina og næsta skref hjá honum er að fara með stiklur að nokkrum þáttum á matarráðstefnu í Kína í sumar. „Það eru allir að reyna að komast inn á Asíumarkað enda mjög stór markaður. Takmarkið er að fá þá til að borga framleiðslukostnað af þáttunum. Þess vegna er ég tilbúinn með fjölbreytta flóru af stiklum og ætla að kanna hvernig markaðurinn þarna virkar,“ segir Völli sem ætlar að sjá hvort Asíumarkaðurinn sé ennþá hrifinn af ferða- og matreiðsluþáttum, þáttum sem eru teknir upp í stúdíói eða sérstökum grillþáttum. „Ég er einnig með seríu með íslenskt sjávarfang í forgrunni á teikniborðinu sem gaman væri að gera á næstunni.“

Völli hefur verið búsettur á Bahama undanfarin ár ásamt konu sinni, fjölmiðlakonunni og rithöfundinum Þóru Sigurðardóttur, og börnum en segist nú vera kominn með annan fótinn heim. „Fjölskyldan, vinirnir og íslenska skólakerfið heillaði og þess vegna eru börnin og konan komin heim. Ég vil ekki segja að ég sé fluttur heim því ég fer reglulega út til Bahama en annar fóturinn er kominn.“ Fyrir áhugasama þá er Delicious Iceland á dagskrá BBC Lifestyle í kvöld.

**alfrun@frettabladid.is**



**KOMINN Í GÓÐAN HÓP** BBC Lifestyle hefur hafið sýningar á þáttum sjónvarpskokksins Völundar Snæs, Delicious Iceland, og er hann þar með kominn í hóp með frægum nöfnum á borð við Nigellu og Gordon Ramsay sem einnig elda mat fyrir áhorfendur stöðvarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


„Ófyrirgefanlega gaman og nærandi fyrir sálina!“

SKAPANDI SKRIF

með Þorvaldi Þorsteinssyni (Skilaboðaskjóðan, Blíðfinnsbækurnar, Vasaleikhúsið, Leitin að jólunum, And Björk of Course...)

23. apríl - 3. maí
(mánudags og fimmtudagskvöld)
Skráningu að ljúka

Aukanámskeið vegna mikillar eftirspurnar:
24. apríl - 4. maí
(þriðjudags - og föstudagskvöld)
Nokkur sæti laus



Umsagnir þátttakenda;
“Frábært nesti til lífstíðar.”
“Meiriháttar upplifun, - opnar óendanlega möguleika.”
“Fær mann til að hugsa upp á nýtt.”
“Hvort sem þú ert að feta þín fyrstu skref eða hefur reynslu af skrifum, þá er þetta námskeið sem nýtist þér.”

Nánari upplýsingar hjá gg@ropeyoga.com
Skráning á ropeyogasetrid.is og kennsla.is


# Sigurinn kom mikið á óvart

Dagbjartur Ólafsson, sextán ára Akureyringur, kom, sá og sigraði á AK Extreme-snjóbrettamótinu sem fram fór á Akureyri um helgina sem leið.

Dagbjartur hefur stundað brettaíþróttina í fimm ár en segist lítið hafa sinnt íþróttinni í vetur sökum skóla og meiðsla. Stökkið sem tryggði Dagbjarti sigur á mótinu kallast *double backflip* og er tvöfalt heljarstökk aftur á bak og var þetta í fyrsta sinn sem hann reyndi stökkið.

„Mig langaði bara að prófa trikkið. Það var svolítið erfitt því maður fer svo hratt í snúninginn og maður þurfti mikla ferð til að drífa yfir á lendinguna af þessum palli og ég var mjög tæpur á því stundum,“ segir Dagbjartur og bætir við að sigurinn hafi komið honum mikið á óvart.

Keppendur fengu sex stökk í allt, þrjú stökk í tveimur lotum, og reyndi Dagbjartur bæði fyrrnefnt heljarstökk sem og *rodeo 540* og heppnuðust bæði stökkin einu sinni.

Aðspurður segist Dagbjartur aldrei hræddur um að slasa sig í stökkum enda sé lítið úr því að hafa. „Ef eitthvað gerist þá verður bara að hafa það. Ég brákaði rófubein í vetur og var þá einn og hálfan mánuð frá og það er náttúrulega frekar fúlt að geta ekkert rennt sér. Ég brákaði svo beinið aftur stuttu eftir að ég hélt ég væri orðinn góður.“



**SIGURVEGARI HELGARINNAR** Dagbjartur Ólafsson, sextán ára Akureyringur, stóð uppi sem sigurvegari AK Extreme-mótsins sem fram fór á Akureyri um helgina. Dagbjartur sigraði með tvöföldu heljarstökki aftur á bak.

Fyrirmyndir Dagbjarts eru þeir Halldór og Eiríkur Helgasynir sem hafa báðir náð einstökum árangri í brettaíþróttinni og hyggst Dagbjartur feta í fótspor þeirra og gerast atvinnumaður í framtíðinni. „Markmiðið er að verða ennþá betri og fara í atvinnumennskuna. Ég fer út til Svíþjóðar í brettaskóla í haust og geri ráð fyrir því að byrja að keppa meira í kjölfarið.“ **- sm**

# ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ DOMINO'S

# 1.000 KR.

Sími 58·12345
www.dominos.is

**Þú sækir miðstærð af pizzu með þremur áleggstegundum á 1.000 kr.**




Kynntu þér nýjan og spennandi matseðil okkar. Skemmtilegar nýjungar, þrjár mismunandi gerðir af ljúffengum botnum og ennþá betra álegg og meðlæti. **Kíktu á úrvalið!**




FITON / SÍA

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000** VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Ragnheiður ráðin til LA

**Ragnheiður Skúladóttir**, fyrrverandi deildarstjóri leiklistardeildar Listaháskóla Íslands, hefur verið ráðin til Leikfélags Akureyrar (LA) sem listrænn stjórnandi. Hún hóf störf fyrstu vikuna í apríl. Eiríkur Haukur Hauksson, framkvæmdastjóri LA, segir félagið nú vera á lokasprettinum við að gera nýjan samning við bæinn, en eins og kunnugt er þurfti að segja öllum starfsmönnum félagsins upp á dögunum. Eiríkur segist þó bjartsýnn á framhaldið og byrjað sé að stilla upp næsta leikári nú þegar, þó svo samningar við bæinn séu ekki formlega komnir í höfn. Því má búast við því að sjá nokkur ný andlit á sviði leikfélagsins á næsta ári.



### Halldór í Ísþjóðinni

**Halldór Helgason** snjóbrettakappi er staddur á landinu þessa dagana í tengslum við snjóbrettamótið AK Extreme, sem fór fram á Akureyri um helgina. Halldór ætlar að dvelja í faðmi fjölskyldu og vina út þessa vikuna, en hann er meiddur á ökkla og gat því ekki tekið þátt í mótinu. Sjónvarpskonan Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir er einnig stödd fyrir norðan þar sem hún fylgir Halldóri eftir í tengslum við þátt sinn Ísþjóðina. Halldór hefur eflaust frá mörgu fróðlegu að segja en hann er að gera það gott sem atvinnumaður á snjóbretti og rekur fjögur fyrirtæki tengd íþróttinni með bróður sínum í Mónakó.

- sv, áp



### Mest lesið vísir

1. Konur í fitness: Svefntruflanir og röskun á tíðahring
2. Breivik grét í dómsal - myndband
3. Pippa Middleton í alvarlegum vandræðum í París
4. Jóna Lovísa: Vegið að fitness-íþróttinni
5. Fjögurra ára gömul stúlka fékk inngöngu í Mensaklúbbinn


NÝ KILJA EFTIR JAMES PATTERSON




Dramatísk átök og óbærileg spenna

www.forlagid.is






PRODIGY™

Framtíðin í stillanlegum rúmum. Sjón er sögu ríkari

- Hægt að stilla við iPhone® og iPod touch®
- Hrotu stjórnun
- Wi-Fi fjarstýring
- Fimm stilliminni
- Vekjaraklukka með léttu nuddi og hljóði
- „Finna fjarstýringu" stilling
- Stærsti framleiðandi í heimi á stillanlegum rúmum



MIKIÐ ÚRVAL AF SVEFNSÓFUM



**BOAS**
Lyftustóll
Verð
**149.900**
Til í ljósu og dökku leðri

VORTILBOÐ
Á ÖLLUM STILLANLEGUM HEILSURÚMUM

TAKMARKAÐ MAGN
Ternabox hjónarúm með heilsudýnu
2x80x200 tilboð kr. **239.900**
2x90x200 tilboð kr. **249.900**
2x100x200 tilboð kr. **269.900**

**PROFLEX**



Mest selda stillanlega heilsurúmið hjá Svefn og heilsu með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu.
Verð frá kr. **339.900** á hjónarúmi.



**BOARD** S-CAPE
WALLHUGGER

dregst að veggnum eins og nafnið bendir til. Einn mest seldi ameríski botninn í heiminum. Verð frá kr. **479.900** á hjónarúmi með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu

**Board** hefur allt sem gott stillanlegt rúm þarf að hafa á fábæru verði. **S-Cape** er einnig með þráðlausa fjarstýringu og nuddi.

IQ-CARE
Ein besta heilsudýna í heimi



Þrýstijöfnun er lykilorðið

Svæðisskiptar heilsudýnur með betri stuðningi, mýkra axlasvæði og góðum stuðningi við mjóbak

Betri öndun

Til í öllum algengustu rúmstærðunum



**BOAS**
Leður hægindasófi 3 sæta **169.900**
Hægindastóll **79.900**
Til í ljósu, brúnu og svörtu leðri

*3,5% lántökugjald




Svefn & heilsa ★★★★★

www.svefn.is




**Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150**
**Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00**